FRÉTTABLAÐIÐ

58. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 24. MARS 2021

Stöðugur hraunstraumurinn í Geldingadölum heldur áfram að laða til sín gosáhugafólk. Þorvaldur Þórðarson, jarðvísindamaður hjá Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, segir merkilegt að sjá hversu stöðugt hraunflæðið hefur verið úr eldfjallinu í stað þess að það dragi úr krafti þess eftir því sem dagarnir líða. Með þessu áframhaldi fyllast dalirnir á næstu vikum. Nóg er að gera hjá björgunarsveitum við að sjá til þess að fífldjarfir gestir lendi ekki í háska og eru áætlanir uppi um að bæta símasamband á svæðinu á næstu dögum. Sjá síðu 6 FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Sölunni á Kjarvali siglt í strand

Festi mun að óbreyttu loka verslun Kjarvals á Hellu í maí. Sölu verslunarinnar var synjað af Samkeppniseftirlitinu. Stórir keppinautar vilja aðrar eignir á gjafverði í kaupbæti fyrir að kaupa verslunina að sögn forstjóra.

VIÐSKIPTI Stærstu keppinautar Festar sem hefur verið boðin verslun Kjarvals á Hellu til sölu, en Festi er skylt að selja hana samkvæmt sátt við Samkeppniseftirlitið, hafa engan áhuga á henni nema með því að fá aðrar eignir á gjafverði. Versluninni verður að óbreyttu lokað í maí.

Samkvæmt sátt við Samkeppniseftirlitið frá árinu 2018 er Festi skylt að selja verslun Kjarvals á Hellu. Tilraunir til að selja verslunina hafa ekki borið árangur en í byrjun árs náði Festi samkomulagi um sölu til Sigurðar Elíasar Guðmundssonar. Samkeppniseftirlitið kom í veg fyrir söluna og sagði kaupandann ekki uppfylla skilyrði sáttarinnar. „Það skýtur skökku við," útskýrir Eggert Þór Kristófersson, forstjóri Festar, „að efast um fjárhagslegan styrk hans þegar litið er til þess að rekstrarfélag í hans eigu er með 800 milljónir í eigið fé og þá hefur hann reynslu af verslunarrekstri á svæðinu og er ekki háður okkur á neinn hátt."

Eggert segir að eftirlitið hafi verið upplýst um það í byrjun september að Festi hefði sagt upp leigusamningi verslunarinnar á Hellu og ætti í viðræðum við áhugasaman kaupanda.

„Óskað var í tvígang eftir fundi með Samkeppniseftirlitinu vegna málsins en ekkert svar barst fyrr en

> **Ekkert svar barst frá eftirlitinu fyrr en um tveimur mánuðum síðar.**

Eggert Þór Kristófersson, forstjóri Festar

um tveimur mánuðum síðar."

Aðspurður segir Eggert að félagið muni að óbreyttu, takist ekki að selja verslunina áður en leigusamningurinn rennur út 1. maí næstkomandi, loka versluninni.

„Ljóst er að stærstu keppinautar félagsins, sem hefur verið boðin verslunin til kaups, hafa engan áhuga á henni nema Festi greiði með sölunni umtalsverða fjármuni með því að fá aðrar eignir félagsins með á gjafverði," segir Eggert.

Spurður hvort hann óttist að eftirlitið bregðist illa við gagnrýni Festar segir Þórður Már Jóhannesson, stjórnarformaður félagsins, að tíminn verði að leiða það í ljós. „Það eitt að upplýsa eigendur um þessi mál á aðalfundi hlýtur að vera eðlilegur hlutur." **– hae, þfh / sjá Markaðinn**

Eyrir Invest fjárfestir í CRI

VIÐSKIPTI Eyrir Invest hefur bæst í hluthafahóp íslenska tæknifyrirtækisins Carbon Recycling International (CRI), sem framleiðir metanól úr koltvísýringi og vetni, með fjárfestingu í félaginu fyrir jafnvirði um 1.300 milljóna króna.

Með kaupunum mun fjárfestingafélagið eignast tíu prósenta hlut og Þórður Magnússon, stofnandi og stjórnarformaður Eyris, hefur tekið við sem stjórnarformaður CRI.

„Við teljum að miklir vaxtarmöguleikar séu fyrir hendi í þeirri tækni sem CRI hefur þróað og þegar sannreynt," segir Þórður.

Fyrirtækið, sem velti um 700 milljónum króna í fyrra, vinnur nú að undirbúningi skráningar á Euronext Growth markaðinn í Osló með norska viðskiptabankanum Sparebank1.

– hae / sjá Markaðinn

Öryggisgæslan í Geldingadölum.

Rýmingin gekk vel í gærkvöld

NÁTTÚRUVÁ „Ég var um tíma þarna í gær og það var bara virkilega gaman að vera innan um allt fólkið sem var komið til að berja þetta augum, bæði Íslendinga og útlenska ferðamenn. Fólk var heilt yfir vel búið og mikil gleði meðal þeirra sem voru komnir," segir Úlfar Lúðvíksson, lögreglustjóri á Suðurnesjum, aðspurður hvernig gengið hafi að sinna eftirliti við eldgosið í Geldingadölum í gær.

Ákveðið var að rýma svæðið klukkan fimm vegna gasmengunar sem fór yfir svæðið í logninu. Það var því varað við að almannavarnir myndu rýma gossvæðið seinnipart gærdagsins og gekk það nokkuð vel að sögn Úlfars.

„Ég veit ekki betur en að það hafi gengið vel, við tökum það betur fyrir á morgunfundinum en það gekk bara heilt yfir vel fyrir sig. Auðvitað voru einhverjir sem þurftu frá að hverfa vegna þessarar lokunar en heilt yfir erum við ánægðir með þetta." **– kpt**

Veðurguðir með valkvíða

Íbúar höfuðborgarsvæðisins þurftu að taka alla fataflóruna með sér til að bregðast við breytingum á veðráttunni í gær. Í byrjun dags var hvítt lag yfir Reykjavíkurborg en þegar komið var að hádegi voru sólargeislarnir búnir að láta til sín taka og bræða snjóinn. Undanfarna daga hefur verið stutt á milli vorblíðunnar og snjókomu og þarf því að vanda fatavalið vel þegar haldið er út í daginn á hverjum morgni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Aðeins neikvæð sýni sem töfðust í greiningu

COVID-19 Bilun í tölvukerfi gerði það að verkum að ekki tókst að ræsa greiningartæki sem notað er til að greina COVID-19 sýni á veirufræðideild Landspítalans í gær. Fyrir vikið lentu fáeinir einstaklingar í því að þurfa að bíða eftir niðurstöðum úr skimun en þeir áttu það allir sameiginlegt að vera með neikvætt sýni. Einn greindist með COVID-19 í sýnatöku sunnudagsins, sá var nemandi við Laugarnesskóla, en í gær greindust þrír til viðbótar. Þetta staðfesti aðstoðarskólastjóri Laugarnesskóla í samtali við Fréttablaðið í gær.

Karl G. Kristinsson, yfirlæknir sýkla- og veirufræðideildar Landspítala, segir að þau telji sig vera búin að leysa vandann en það komi í ljós á morgun. Takist ekki að ræsa búnaðinn er deildin með búnað tilbúinn til að greina sýnin.

„Við héldum að það væri allt í lagi þar til að þessi bilun kom upp. Við teljum okkur vera með hugmynd um hvað fór úrskeiðis og það kemur í ljós hvort tilgáta okkar er rétt í fyrramálið. Ef ekki erum við með aðra leið sem getur greint öll sýnin sem voru tekin."

» Einn greindist með COVID-19 í sýnatöku sunnudagsins.

Að sögn Karls voru það ekki margir sem þurftu að bíða eftir niðurstöðunni.

„Það fengu allir niðurstöðurnar sínar yfir daginn, flestir um hádegisbilið. Það var búið að greina öll sýnin en niðurstöðurnar voru í einstaka tilvikum ekki að skila sér á rétta staði. Tölvudeildin okkar vann úr því og það gæti hafa tekið lengri tíma en vanalega en það á allt að hafa komist til skila," segir Karl og bætir við að öll sýnin sem hafi tafist hafi reynst neikvæð. **– kpt**

FERMING FRAMUNDAN?

MYNDABÁS!

Partýbúðin hefur tekið við rekstri tækjaleigunnar booth.is þar sem leigja má allskyns græjur fyrir partýið!

SJÁ NÁNAR Á BOOTH.IS

PARTÝBÚÐIN

FAXAFENI 11, 108 REYKJAVÍK S: 534-0534

WWW.PARTYBUDIN.IS

Nemar á leigumarkaði í fjárhagserfiðleikum

Átta prósent framhaldsskólanema eru í áhættuhópi vegna COVID-19 og yfir 40 prósent hafa upplifað fjárhagserfiðleika í faraldrinum. Verkefnastjóri hjá SÍF segir andlega heilsu þeirra í frjálsu falli og auka þurfi sálfræðiaðstoð.

COVID-19 „Það sem tengist námi nemenda kom nokkuð vel út en þegar andleg líðan er skoðuð er ekki alveg sömu sögu að segja," segir Sigvaldi Sigurðarson, verkefnastjóri hjá Sambandi íslenskra framhaldsskólanema (SÍF). Hann flytur í dag erindi á málþingi um líðan og hagi framhaldsskólanema ásamt Margréti Lilju Guðmundsdóttur frá Rannsóknum og greiningu.

„Ég mun kynna niðurstöður könnunar sem við hjá SÍF framkvæmdum og Margrét mun kynna niðurstöður Rannsóknar og greiningar og þær sýna allar svart á hvítu hvernig andlegri heilsu nemenda hefur hrakað síðustu ár," segir Sigvaldi.

Þá segir Sigvaldi niðurstöður rannsóknar SÍF hafa sýnt að um átta prósent nemenda í framhaldsskóla séu í áhættuhópi vegna COVID-19 og að 47 prósent eigi náinn aðstandanda í áhættuhópi. „Þessi hópur nemenda er líklegri til að upplifa verri andlega heilsu en aðrir hópar og það þarf bæði að hlúa vel að honum og veita honum sveigjanleika," segir hann og tekur dæmi um slaka á mætingu eða val milli staðeða fjarnáms.

Sigvaldi segir mikla óvissu hafa einkennt nám síðustu anna í framhaldsskólum og að slíkar aðstæður geti verið streituvaldandi fyrir nemendur. Stuttur fyrirvari hafi verið um breytingar á sóttvarnareglum og að dæmi séu um að nemendur hafi einungis fengið nokkurra daga fyrirvara um hvernig próf eða skólahald eigi að fara fram.

„Þetta er mikið álag á nemendur og til eru dæmi þess að nemendur sem ekki gátu eða ekki treystu sér til að mæta í skólann vegna þess að þau eða einhver náinn þeim voru í áhættuhópi, hafi verið bent á að skrá sig í fjarnám," segir Sigvaldi og bætir við að við slíkar breytingar geti útgjöld nemenda aukist.

„Og þá komum við að fjárhagslegu hliðinni en það voru mun fleiri en við bjuggumst við sem sögðust hafa upplifað fjárhagserfiðleika í faraldrinum," segir Sigvaldi, en 42 prósent allra nemenda höfðu upplifað fjárhagserfiðleika og 70 prósent nemenda á leigumarkaði.

Sigvaldi segir mikilvægt í þessu samhengi að tryggja sálfræðiþjónustu í alla framhaldsskóla sem sé gjaldfrjáls fyrir nemendur. Nú séu einungis starfandi sálfræðingar í um helmingi framhaldsskóla landsins. „Andleg heilsa er í frjálsu falli meðal þessa hóps. Biðlistar eftir sálfræðiaðstoð eru alltof langir og aðstoð á einkastofum er kostnaðarsöm og mikið álag er á náms- og starfsráðgjöfum. Það þarf að finna leiðir til að laga þetta," segir hann.

Málþingið fer fram klukkan tólf í dag og er öllum opið. Skráning fer fram á rannsoknir.is.

birnadrofn@frettabladid.is

Stór hópur nema á einhvern náinn í áhættuhópi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Sigvaldi Sigurðarson, verkefnastjóri hjá Sambandi íslenskra framhaldsskólanema (SÍF)

vodafone.is/fjolskyldupakkinn

Kominn tími á umbætur á Ylströndinni í Nauthólsvík

SKIPULAGSMÁL „Við erum að bregðast við ábendingum frá sjósundsfólki sem hafa komið því það er sívaxandi aðsókn í sjóinn," segir Hjálmar Sveinsson, formaður menningar-, íþrótta- og tómstundaráðs, en á fundi ráðsins í vikunni var samþykkt að sett verði upp aðgangshlið í vor vegna búningsklefa og rætt um lengri opnunartíma, sem Hjálmar segir líklegt að



Heiti potturinn í Nauthólsvík er oft þétt setinn af sjósundsfólki.

taki gildi síðar á þessu ári, jafnvel í haust.

Ylströndin var opnuð fyrir 20 árum og það þarf meðal annars að bæta aðgengi fyrir fatlaða á ströndinni og vegna vinsælda er nánast uppselt í heita pottinn, jafnvel á köldustu dögum.

Hjálmar, sem stundar sjósund sjálfur, segir að það hafi verið rætt að gera útiklefa meðal annars. „Sjósund gerir manni svo gott," segir hann.

„Jafnvel á köldum vetrardögum er allt fullt af sjósundsfólki í Nauthólsvík. Það eru 20 ár síðan þetta var opnað og það er alveg kominn tími á að skoða hvaða umbætur er hægt að gera þarna."

Hann þekkir því vel til vinsælda aðstöðunnar sem er sú eina í borginni. Í hugmyndasamkeppni borgarinnar Hverfið mitt komu vinsældirnar bersýnilega í ljós, því alls staðar vildu borgarbúar fá sjósundsaðstöðu í hverfið.

Hjálmar segir að tveir staðir séu í kortunum. Í Gufunesi og á Laugarnesi.

„Það má segja að pælingin með Gufunes sé komin lengra. Hún er inni í Græna plani borgarinnar og þar er falleg skeljasandsströnd." **– bb**

Höfuðstöðvar Alvotech í Vatnsmýri.

Alvotech stefnt í Bandaríkjunum

DÓMSMÁL Bandaríska lyfjafyrirtækið AbbVie hefur kært Alvotech vegna meints stuldar á viðskiptaleyndarmálum. Samkvæmt AbbVie voru leyndarmálin notuð til þess að búa til eftirlíkingu af gigtarlyfinu Humira.

Lögfræðifréttasíðan Law Street Media greinir frá því að kæran hafi verið lögð fram. Þar kemur fram að Alvotech hafi ráðið til sín vísindamanninn Rongzan Ho, sem vann hjá AbbVie við hönnun Humira Umræddur Ho á að hafa sent upplýsingar um þróun Humira á persónulegt netfang sitt áður en hann hætti hjá AbbVie og notað það hjá Alvotech. Ho hefur hins vegar sagst hafa eytt öllum gögnum tengdum AbbVie af tölvum sínum við vistaskiptin.

Samkvæmt kærunni eru aðgerðir Ho ekki það eina sem lagt er til grundvallar. Alvotech hafi ráðið tvo aðra vísindamenn AbbVie. **– khg**

Hefja flug frá Tékklandi í maí

SAMGÖNGUR Þjóðarflugfélag Tékklands, Czech Airlines, tilkynnti í gær að á næstu vikum myndi hefjast beint flug til fimm nýrra áfangastaða, þar á meðal til Íslands. Flugfélagið er að hefja starfsemi eftir að hafa sótt um gjaldþrotaskipti í febrúar, en flogið verður frá Prag.

Flugfélagið var með flug til Íslands síðasta sumar og áætlar að hefja flug til Íslands þann 1. maí næstkomandi. Samkvæmt áætlunum flugfélagsins verða fjögur flug til Íslands á viku en farþegar þurfa að sýna fram á neikvætt PCR-próf fyrir innritun. **– kpt**

Viðhorf til Svíþjóðar versnað á Norðurlöndunum á einu ári

Samkvæmt nýrri könnun hafa viðhorf annarra Norðurlandabúa í garð Svíþjóðar versnað til muna á undanförnu ári. Fjörutíu prósent Íslendinga segjast hafa neikvæðara viðhorf til Svíþjóðar en áður og tæplega tíu prósent mun verra. Mjög fáir segjast hafa jákvæðara viðhorf til Svíþjóðar en fyrir ári síðan.

NORÐURLÖND Um 40 prósent Íslendinga hafa neikvæðara viðhorf til Svíþjóðar en fyrir ári síðan, þegar heimsfaraldurinn var að festa rætur í Evrópu. Þar af hafa um 10 prósent mun neikvæðara viðhorf. En eins og flestir vita hafa Svíar farið sínar eigin leiðir í sóttvarnaaðgerðum og takmarkanir verið umtalsvert minni en í nágrannaríkjunum.

Þetta kemur fram í nýrri norrænni könnun Sænsku stofnunarinnar, sem heyrir undir utanríkisráðuneyti Svíþjóðar. Könnunin var framkvæmd undir lok síðasta árs og haft var samband við þúsund manns í hverju landi Norðurlanda utan Svíþjóðar. Niðurstöðurnar voru svipaðar í Noregi, Danmörku og Finnlandi.

Pär Ahlberger, sendiherra Svíþjóðar á Íslandi, var hissa á niðurstöðunni. „Samband Svíþjóðar og Íslands er frábært," segir hann. Þó að viðhorfið í könnuninni sé svipað á Norðurlöndunum segir hann að neikvæðnin og núningurinn birtist með sterkari hætti milli fólks í Skandinavíu, sérstaklega Noregs og Svíþjóðar. Tugþúsundir Svía starfi á Oslóarsvæðinu og hafi ekki verið hleypt yfir landamærin.

„Ég er sannfærður um að viðhorfið gagnvart Svíþjóð lagist þegar faraldurinn er búinn," segir Pär. „Á milli Norðurlandanna eru miklir kærleikar."

Flestir svarendur töldu viðbrögð Svía við COVID-19 faraldrinum helstu ástæðuna fyrir neikvæðara viðhorfi en áður. Stór hluti svarenda í Danmörku nefndi einnig að innflytjendamál og glæpir spiluðu stóra rullu í viðhorfi þeirra en almennt séð mældist viðhorfið í Danmörku jákvæðast. Vel innan við

Svíar hafa ekki skorað mörg stig hjá frændþjóðum sínum í faraldrinum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> Ég held og vona að þetta sé tímabundið ástand.

Silja Dögg Gunnarsdóttir, formaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs

10 prósent sögðust hafa jákvæðara viðhorf í garð Svíþjóðar.

Silja Dögg Gunnarsdóttir, formaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, segir þá neikvæðni sem kom í ljós hafa verið rædda.

„Sænskir þingmenn hafa sagt að það sé ákveðin Svíaandúð í gangi. Einkum á landamærasvæðunum."

Silja segir hins vegar að þessi neikvæðni eða andúð birtist ekki í pólitísku samstarfi þjóðanna. „Í Norðurlandaráði höfum við einbeitt okkur að því að þétta raðirnar," segir hún. Í nóvember árið 2019 var samþykkt stefna um samfélagsöryggi og allt árið 2020 hafi verið lögð rík áhersla á hana á öllum fundum með ráðherrum Norðurlandanna. Hún segir samstarf og góð samskipti Norðurlandanna afar mikilvæg á tímum þegar vá steðjar að, ekki aðeins faraldrar, heldur náttúruhamfarir, hryðjuverk og fleiri ógnir.

„Við höfum lagt áherslu á að tengja stofnanir betur saman þannig að það endurtaki sig ekki aftur, eins og gerðist í upphafi faraldursins, að landamærum sé lokað án samráðs," segir Silja. Eins og Pär er Silja sannfærð um að sú andúð sem myndast hefur muni rjátlast af fólki þegar faraldrinum er lokið. „Faraldrinum fylgir mikil hræðsla og ekki að ósekju því fólk hefur dáið og eftirköstin eru alvarleg. Ég held og vona að þetta sé tímabundið ástand," segir Silja.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Opinn fyrir sáttum við kirkjuna

DÓMSMÁL Séra Skírnir Garðarsson er opinn fyrir sáttum við Þjóðkirkjuna í skaðabótamáli sínu vegna uppsagnar í apríl síðastliðnum. Sigurður Kári Kristjánsson, lögmaður Skírnis, segist eiga von á því að sættir verði reyndar áður en málið verður tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur á fimmtudag. Skírnir hefur stefnt bæði Þjóðkirkjunni og séra Agnesi Sigurðardóttur biskupi Íslands.

Krafa Skírnis er tæpar 10 milljónir króna, annars vegar vegna fjártjóns og hins vegar miskabótakrafa. „Skírnir lítur svo á að honum hafi verið vikið úr starfi með ólögmætum hætti," segir Sigurður Kári.

Skírni var tilkynnt um þjónustulok eftir að hann sagði Gylfa Ólafssyni, forstjóra Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, frá afskiptum sínum af konu í bakvarðasveit sem grunuð var um að villa á sér heimildir og sagði frá þessu í viðtali við Vísi. Skírnir hefur sagt hana hafa beitt

Skírni var sagt upp eftir bakvarðamálið á Bolungarvík. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

svikum til að fá fjárhagsaðstoð úr líknarsjóði Lágafellskirkju í Mosfellsbæ þegar hann var þar prestur. Taldi Skírnir þetta öryggismál enda var þá fyrsta bylgja faraldursins að ganga yfir landið.

Þjóðkirkjan taldi Skírni með þessu hafa rofið trúnaðarskyldu sína gagnvart skjólstæðingi. Hana bæri einungis að rjúfa ef um væri að ræða saknæmt mál gagnvart barni eða ungmenni. **– khg**

Frí heimsending!

Rúnar Gísla reddar kvöldmatnum

Spaghetti carbonara

Steiktur lax með tómat, hvítlauk og sítrónu

Kjúklingavefja

Steiktir þorskbitar í soya og sítrónu

Sjáðu meira á Heimkaup

Eftirminnilegustu veislurnar eru við kvöldverðarborðið heima. Þess vegna tók Rúnar Gíslason kokkur á *Spírunni* og veisluþjónustunni *Kokkarnir* saman nokkrar uppskriftir fyrir þig sem þú getur keypt allt í með einum smelli á **Heimkaup** og fengið sent heim að dyrum. Njóttu!

HEIMKAUP.IS

Var forðað úr svimandi hita og eiturgufum

Björgunarsveitir hafa staðið vaktina við gossvæðið í Geldingadölum og smalað fólki, sem hættir sér of nálægt 1.000 gráða heitu hrauninu, upp brekkuna.

NÁTTÚRA „Við vorum nýkomin með fólk niður úr hlíðinni þegar ein rásin opnaðist með miklum látum og hraun streymdi niður svæðið þar sem fólkið hafði staðið einungis örfáum mínútum áður," segir Soffía Sigurðardóttir, björgunarsveitarkona í Björgunarfélagi Árborgar, sem stóð vaktina í gær á gossvæðinu.

Björgunarsveitin hafði varað fólk við að ný rás gæti opnast í miðri hlíðinni og stóra gígnum eða „turninum" eins og margir eru farnir að kalla hann. Ofurhugarnir voru fljótir að átta sig á alvarleika málsins þegar hraunið flæddi yfir gamla útsýnisstaðinn.

„Sama gerðist á Fimmvörðuhálsi, þegar menn voru næstum dottnir ofan í nýja gíginn þegar seinna eldfjallið myndaðist," útskýrir Soffía. Aðspurð segir hún þetta ekki sitt fyrsta gos. Hún mætti sjálf með fjölskylduna þegar Hekla gaus árið 1980.

„Sonur minn fylgdist þá með tveimur herþotum fljúga yfir fjallið. Hann hélt um stund að herinn hefði varpað sprengju þegar sveppaskýið steig upp frá Heklu en ég áttaði mig strax á því að nú væri farið að gjósa. Þá greip ég fjölskylduna og fór beint að hrauninu."

Soffía hóstar svolítið líkt og aðrir sem hafa verið á svæðinu í langan tíma en eiturgufurnar geta ert slímhúðina og valdið hósta. Hætta stafar ekki einungis af þúsund gráða heitu fljótandi hrauninu, heldur af eiturgufunum sem stíga upp af því.

> **Þegar gasið streymir hér frá kvikunni getur það verið hættulegt fyrir litla hunda. Ef þú ert að hósta, þá eru hundarnir að kafna.**
>
> Soffía Sigurðardóttir, björgunarsveitarkona í Björgunarfélagi Árborgar

„Ég er að beina fólki með lítil börn og hunda frá. Þegar gasið streymir hér frá kvikunni getur það verið hættulegt fyrir litla hunda. Ef þú ert að hósta, þá eru hundarnir að kafna. Það er allt í lagi að skjótast niður að ná sér í einn hraunmola úr kalda hlutanum en fólk verður að passa sig við heitu svæðin."

ingunnlara@frettabladid.is

Koma á símasambandi við nýju gosstöðvarnar

FJARSKIPTI „Það eru allir að vinna að því hörðum höndum að þetta geti gerst," segir Rögnvaldur Ólafsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá almannavörnum, varðandi uppsetningu fjarskiptabúnaðar við gosstöðvarnar í Geldingadölum.

Rögnvaldur segir að unnið hafi verið að skipulagningu málsins frá því fyrir helgi. „Það skiptir máli að viðbragðsaðilar séu með gott fjarskiptasamband þarna upp frá og líka að almenningur sé í góðu símasambandi þannig að fólk geti látið vita af sér og kallað á aðstoð ef það lendir í einhverjum vandræðum," segir Rögnvaldur sem kveður framkvæmdina hins vegar dálítið flókna.

Rögnvaldur Ólafsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá Almannavörnum

„Það er ekkert rafmagn á svæðinu og það þarf að vera varaafl og búnaðurinn þarf að vera á þannig stað að það sé hægt að komast þangað reglulega af því að það þarf að bæta á olíu," segir Rögnvaldur. Niðurstaðan virðist ætla að verða sú að nýi búnaðurinn verði settur niður ofan á Langahrygg, suðaustur af eldstöðinni. **– gar**

Skiltagerð og merkingar

Inni og úti merkingar, spjöld og skilti. Kíktu á heimasíðuna okkar og skoðaðu þjónustuna sem er í boði.

XPRENT HÖNNUN OG MERKINGAR

www.xprent.is

Xprent ehf. | Sundaborg 3 | 104 Reykjavík | 777 2700 | xprent@xprent.is



Gosið í Geldingadölum var tignarlegt sem fyrr þegar Fréttablaðið bar þar að garði. Jöfn virkni var í kötlunum tveimur og er búist við að gosið standi í töluverðan tíma. Það liggur því ekki lífið á að kíkja á herlegheitin. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gönguferð með jarðfræðingi

NÁTTÚRA „Við verðum með ferðir inn á svæðið um leið og það er heimilt," segir Helgi Már Gunnarsson hjá Ferðafélagi Íslands, sem hyggst bjóða skipulagðar gönguferðir að gosstöðvunum í Geldingadölum.

Fyrirkomulagið verður þannig að fólk mætir að bílastæðunum austan við Festarfjall, við upphaf gönguleiðar sem nú hefur verið stikuð. „Það verða leiðsögumaður og jarðfræðingur með í för," segir Helgi. Varðandi hættu af gasi segir hann að fylgst verði náið með upplýsingum frá Veðurstofunni og mælingum björgunarsveita á staðnum.

Áætlað er að ferðirnar vari í um fimm klukkustundir frá bílastæðinu og til baka. Gjaldið er fimm þúsund krónur. Á heimasíðu Ferðafélagsins verða nánari upplýsingar og þar eru einnig ábendingar um útbúnað fyrir gönguna. **- gar**

Ný gönguleið að Geldingadölum



VIÐ KYNNUM

Lúxus Dís

LÁTTU ÞIG DREYMA

Kynnum til sögunnar nýtt útlit á DÍS Íslensku heilsurúmunum okkar.
Nú getur þú gert svefnherbergið þitt enn fallegra, eins og þig dreymir um.

Öll okkar rúm fást nú í nýju útliti sem gerir þér kleift að velja áklæði semdýna, botn og höfðagafl eru bólstruð með. Lakið fer því einungis yfir yfirdýnuna þannig að heildarsvipur rúmsins heldur sér þegar búið er um og gerir svefnherbergið enn fallegra.

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
SKOÐUN

Forvitni

Aðalheiður Ámundadóttir
adalheidur@frettabladid.is

Undanfarna daga hafa þúsundir Íslendinga lagt á sig þó nokkurt ferðalag til að verða vitni að endursköpun lands síns. Ekki er annað að sjá en að við gosstöðvarnar hafi þverskurður þjóðarinnar komið saman. Sumir splæsa í þyrlu, flestir fara gangandi eða hjólandi. Forvitnin spyr hvorki um stétt né stöðu. Ekkert er í heiminum eðlilegra eða fallegra en forvitni mannsins um náttúruna og náttúruöflin. Þeir eru í minnihluta sem niðurlægja sig með því að gagnrýna samborgara sína fyrir að leggja á sig langa gönguferð til að sjá náttúruöflin að verki, sjá landið sitt breytast og endurskapa sig. Vissulega fara sumir vanbúnir eða í trássi við reglur og fyrirmæli. Einn var allsber. En það er nú einu sinni eðli forvitninnar, að vera stundum upp á kant.

Forvitni er allra besti kostur hverrar manneskju. Forvitið fólk sýnir náunga sínum áhuga og umhyggju. Það er forvitna fólkið sem leiðir rannsóknir og vísindastarf í heiminum og þróar nýja tækni. Það er í fararbroddi í því björgunarstarfi sem stendur yfir vegna loftslagsbreytinga. Það leiðir nýjungar í læknisfræði og erfðafræði. Og forvitni er undirstaða listar og kímnigáfu.

Forvitnin mun vísa okkur veginn út úr heimsfaraldrinum. Ekki aðeins forvitni þeirra sem þróað hafa skimunartæki og bóluefni, heldur ekki síður forvitnin sem mun skapa þau störf og verðmæti sem við þurfum til að koma okkur aftur á beinu brautina efnahagslega.

Um þetta ríkir alger samstaða. Þegar hægra fólkið talar af andagift um einkaframtak, athafna- og viðskiptafrelsi, á það við hvað forvitnin getur gert sé henni sleppt lausri. Þegar vinstra fólkið talar um jöfn tækifæri allra til menntunar er það í rauninni að segja að forvitni allra sé jafnverðmæt.

Ríkisstjórnin segist hafa veitt meira fé til nýsköpunar en nokkur önnur ríkisstjórn í sögunni. Hún virðist hins vegar því miður ekki skipa sér í hóp forvitinna Íslendinga sem farið hafa að skoða gosið, heldur er hún meira eins og eldgosið sjálft sem spúir kvikunni út í loftið án þess að skeyta um hvar hún lendir eða í hvaða farvegi hraunfossarnir storkna.

Nú á að leggja niður Nýsköpunarmiðstöð Íslands öllum að óvörum og án þess að þverpólitískt samtal hafi átt sér stað um í hvaða farveg fyrrnefnt Íslandsmet í fjármögnun nýsköpunar eigi að fara. Þetta er ekki eina dæmið um tilviljanakennda stjórnsýslu. Enginn ræddi við forstöðumann Farsóttarhússins áður en ákveðið var að hýsa fólk í farsóttarhúsi ef það kemur frá rauðum löndum. Þúsundum leghálssýna var pakkað í geymslu af því að hætt var að skima fyrir leghálskrabbameini án þess að annað plan lægi fyrir um krabbameinsleit fyrir kvenfólk landsins.

Þessa stjórnlausu stjórnsýslu má sjá á myndum flestra atvinnu- og áhugaljósmyndara landsins sem lagt hafa leið sína í Geldingadali síðustu daga. Á nokkrum þeirra mynda sést einnig íslenska þjóðin sem heiðraði íslenska náttúrukrafta með nærveru sinni; bæði af ást á landinu og fjöreggi allra mannlegra samfélaga, forvitninni.

Ríkisstjórnin er meira eins og eldgosið sjálft sem spúir kvikunni út í loftið án þess að skeyta um hvar hún lendir eða í hvaða farvegi hraunfossarnir storkna.

Halldór

Frá degi til dags

Forvalsverkfræði

Samfylkingin í Norðvesturkjördæmi ætlar að kjósa á kjördæmisþingi í fjögur efstu sætin á framboðslista sínum. Verkfræðingurinn Gunnar Tryggvason gefur kost á sér í oddvitasætið. Sjálfstæðismaðurinn annálaði Baldur Hermannsson gefur honum, vel meinandi væntanlega, vafasamt veganesti á Facebook. Hann telur Gunnari menntunina til tekna og bætir við að honum leiðist „lufsurnar“ til vinstri en voni að „þær beri til þess gæfu að setja þennan mann efstan á blað.“ Gunnar sé betri en enginn „og miklu betri en það endemis ranimosk sem oftlega skolar inn í þingsali með fúlum straumi vinstrimennskunnar.“

Nafn í forgjöf

Gylfi Þór Gíslason, varðstjóri hjá lögreglunni á Vestfjörðum, hefur einnig augastað á 1. sætinu á lista Samfylkingarinnar og Stefán Pálsson sagnfræðingur bendir á augljósan styrkleika sem felist í nafninu. „Ekki hef ég hugmynd um hver þessi maður er, en ef þú heitir Gylfi Þ. Gíslason – ertu þá ekki nálega sjálfkjörinn í prófkjöri hjá krötum?“ spyr Stefán með vísan til kratagoðsagnarinnar Gylfa Þ. Gíslasonar sem á sínum tíma var þingflokksformaður Alþýðuflokksins, forseti sameinaðs þings og ráðherra fyrir flokkinn sem löngu síðar rann inn í Samfylkinguna. toti@frettabladid.is

Öflugt starf í þágu lesblindra

Guðmundur S. Johnsen
formaður Félags lesblindra

Félagið hefur ráðist í viðamikla könnun á kvíða meðal lesblindra.

Félag lesblindra vinnur að fræðslu og ýmsum hagsmunamálum fyrir um 2.000 félagsmenn, aðstoðar lesblinda og vinnur með aðstandendum og kennurum. Félagið er frjáls félagasamtök sem rekin eru fyrir sjálfsaflafé án opinberra framlaga.

Til félagsins leita margir stuðnings og fræðslu og veitir félagið þá þjónustu endurgjaldslaust. Veitt er ráðgjöf varðandi réttindi lesblindra, greiningar og stuðning innan skólakerfisins. Sértæk ráðgjöf um hjálpartæki hefur einnig aukist. Þá hafa kennarar og námsráðgjafar í auknum mæli leitað ráðgjafar og samstarfs við félagið enda unnið að sama marki.

Fræðslustarf er viðamikið og hafa fræðsluerindi um lesblindu, tölvur og snjalltæki verið vel sótt. Þar hefur verið farið yfir einkenni, líðan og úrræði fyrir lesblinda og notkun mögulegra hjálpartækja. Félagið hefur haldið kynningar fyrir börn og unglinga í skólum landsins, þar sem fræðsla um lesblindu hefur verið veitt og upplýsingar um úrræði til dæmis í tækni og tölvubúnað. Kennurum og foreldrum hefur einnig staðið til boða svipuð kynning. Þá fer félagið reglulega í vinnustaðaheimsóknir.

Allt frá stofnun félagsins hefur verið umræða um knýjandi þörf fyrir meiri þekkingu á aðstæðum lesblindra, einkum og sér í lagi þegar kemur að kvíða. Félagið hefur ráðist í viðamikla rannsókn á kvíða meðal lesblindra og fengið til verksins Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Markmiðið er að skilja betur þær áskoranir sem lesblindir og þá sérstaklega börn glíma við, til að hægt sé að styðja betur við þau.

Lesblinda barna þýðir ekki endilega að þau séu kvíðin en rannsóknir sýna fylgni þar á milli. Því meiri streitu sem lesblind börn upplifa því næmari verða þau fyrir kvíða. Þetta og erfðir getur stuðlað að langvinnri kvíðaröskun. Börn með kvíðaröskun upplifa oft áhyggjur og ótta sem nær til skólaumhverfis og annarra þátta í lífinu. Það getur hamlað þeim að njóta lífsins. Það er mikilvægt að afla aukinnar þekkingar á stöðu lesblindra og kvíða þeirra til að auðvelda leiðina að úrræðum sem virka.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Um ofbeldi gegn öldruðu fólki á Íslandi

Helga Hannesdóttir
geðlæknir

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) skilgreinir ofbeldi gegn öldruðum meðal annars á eftirfarandi hátt:

„Einstakur eða endurtekinn verknaður, eða skortur á inngripi, sem kemur fram hjá þeim aðilum sem eiga í sambandi við aðra manneskju þar sem vænst er trausts, en veldur þess í stað skaða eða óþægindum fyrir aldraðan einstakling."

Norrænar rannsóknir styðjast einnig við skilgreiningu WHO. Birtingarmyndir ofbeldis gegn öldruðum geta verið af margvíslegum toga og oftast er um hulinn vanda að ræða. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að skortur á samskiptum og tengslum við nákomna ættingja getur flokkast sem andlegt ofbeldi líkt og skortur á virðingu fyrir sjálfsákvörðunarrétti og reisn viðkomandi.

Ofbeldi getur þannig verið líkamlegt, sálrænt, kynferðislegt, fjárhagslegt, trúarlegs eðlis eða í formi vanrækslu og niðurlægingar af einhverju tagi.

Á vettvangi WHO er hefð fyrir að skipta ofbeldi gegn öldruðum í eftirfarandi flokka:

Líkamlegt ofbeldi: Áverkar eftir að kýla, sparka, hrinda eða lemja, beinbrot, brunasár, skurðir, glóðarauga, mar eða bólga í kjölfar líkamlegra átaka. Innvortis blæðingar geta verið afleiðing eftir á. Skyndileg meiðsli og léleg líkamleg umhirða.

Sálrænt ofbeldi: Hótanir, niðurlægjandi skammaryrði, lygi, óheiðarleiki, ástarsamband og svik á netinu sem maki veit ekki um. Slík sambönd (netsex) enda vanalega í miklum peningastuldi og eyðileggja hjónaband og fjölskyldulíf viðkomandi.

Kynferðislegt ofbeldi: Til dæmis kynferðisleg áreitni eða nauðgun eða tilraun til nauðgunar oftast samfara hótunum og líkamsmeiðingum.

Fjárhagslegt ofbeldi: Maki veitir ekki upplýsingar um innstæðu á bankareikningi sínum og útvegar ekki peninga fyrir nauðsynjum heimilis. Þjófnaður eða svik og misnotkun fjármuna. Þrýstingur og ógnanir vegna ráðstafana fjármuna.

Vanræksla: Aldraður er illa klæddur og hirtur, föt óhrein og umönnun ekki sem skyldi. Aldraður er vannærður eða þjáist af vökvaskorti og tíðum veikindum.

Tíð saga um slys og meiðsli þar sem aldraður dvelur

Rannsókn á vegum WHO árið 2017 í breska læknatímaritinu The Lancet frá 28 þjóðríkjum sýndi að heildarniðurstaða var að 15,7% fólks 60 ára og eldra hefðu orðið fyrir ofbeldi á undanliðnum 12 mánuðum.



Aldraðir eru sístækkandi hópur á Íslandi og ofbeldi gegn öldruðu fólki er vaxandi vandamál samkvæmt nýlegri greinargerð Ríkislögreglustjóra.

Heimilisofbeldi hefur aukist um allan heim á tímum COVID-faraldurs. Áfengisneysla hefur einnig aukist hér á landi undanfarið ár en áfengi leiðir ósjaldan til ofbeldis.

Samfélagsbreytingar síðustu áratuga hafa orðið til þess að samskiptamynstur og venjur innan fjölskyldna hafa breyst mikið. Það getur leitt til þess að aldraðir einangrist frekar, bæði félagslega og tilfinningalega, og útilokist þannig frá þátttöku í samfélaginu. Mikilvægt er að sinna vel hagsmunum eldra fólks hvað varðar öryggi og vernd og tryggja að það geti lifað með reisn.

Það er erfitt að meta nákvæmlega umfang ofbeldis gegn öldruðum hér á landi því tölfræðilegar upplýsingar og rannsóknir eru af skornum skammti. Þó hafa verið gerðar þrettán rannsóknir tengdar háskólaprófum hér á landi um ofbeldi gegn öldruðum á árunum 2007-2017. Ennfremur er ljóst að eldra fólk er ólíklegra en þeir sem yngri eru til að tilkynna um ofbeldi sem það verður fyrir og skilgreinir það oft á tíðum á annan hátt. Þess vegna er nauðsynlegt að kalla eftir vaxandi vitund um ofbeldi gegn öldruðum í þjóðfélaginu bæði innan heimilis og á dvalar- og hjúkrunarstofnunum.

Ef fólk býr yfir vitneskju um að aldraður einstaklingur sæti ofbeldi ber alltaf að tilkynna um slíkt athæfi til yfirvalda og gildir þá einu hvort ofbeldið er af hendi nákominna eða annarra. Zonta hreyfingin á Íslandi leggur áherslu á að samfélagið í heild viðurkenni þann vanda sem felst í ofbeldi gegn öldruðum og öðrum viðkvæmum hópum í þjóðfélaginu. Við köllum eftir aukinni vitund meðal yfirvalda og almennings og hvetjum þá sem búa við eða hafa vitneskju um ofbeldi gegn öldruðum að „Segja frá" og leita hjálpar með því að hafa samband við 112 og heimilislækni viðkomandi.

Fyrir hönd Zonta hreyfingarinnar á Íslandi.

Nýir árgerð 2021
NISSAN LEAF TEKNA e+ 62 kwh
VERÐ AÐEINS 4.990 ÞÚSUND stgr.
• Leiðsögukerfi með Íslandskorti
• App aðgangur
• 360°Myndavélakerfi
• Leðursæti
• Hiti í sætum og stýri
• Bosel hljóðkerfi
• ProPilot
Evrópubílar með STÓRA batteríinu
8 ára rafhlöðuábyrgð
Á frábæru tilboði!
Komið og reynsluakið
Skoðum með uppítöku
á öllum tegundum bifreiða
Bílar í ábyrgð - Allt að 100% lánamöguleiki - Til í ýmsum litum - Góð endursala
586 1414
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík
kaffi á könnunni
opið mán-fös 10-18
lau 12-15
2017-2019 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
Viðskiptablaðið keldan
STÓRA BÍLASALAN
...á verði fyrir þig!

Krefjast að fyrri dómur standi

HANDBOLTI Akureyringar lýstu yfir óánægju sinni í gær vegna dómsúrskurðar þar sem kveðið var á um að leikur KA/Þórs gegn Stjörnunni skyldi leikinn á ný vegna mistaka á ritaraborði. Í tilkynningu sem Akureyringar sendu frá sér kalla þeir eftir því að ákvörðun aga- og úrskurðarnefndar um að úrslitum leiksins yrði ekki breytt skuli standa.

Þar segjast Akureyringar furða sig á vinnubrögðum áfrýjunardómstólsins og HSÍ enda aldrei hafa fengið að vita af áfrýjuninni né að málið yrði tekið aftur fyrir. Fyrir vikið fengu þeir ekki að koma fram vörnum sínum og heyrðu af málinu eftir að dómur var fallinn.

„Rétt er að benda á að vegna málsmeðferðarreglna HSÍ er KA/Þór varnaraðili í málinu, þrátt fyrir að Stjarnan kæri framkvæmd leiksins, framkvæmd sem sama félag bar ábyrgð á. KA/Þór hefur nú þegar óskað eftir því að dómur áfrýjunardómstóls HSÍ verði ógiltur eða endurupptekinn. Er KA/Þór enn fremur reiðubúið að fara með málið lengra, enda eiga öll félög innan íþróttahreyfingarinnar að standa jöfnum fæti fyrir dómstólum sinna sérsambanda.“ **– hó**

Úr síðasta leik kvennalandsliðsins gegn Ungverjalandi. MYND/MLSZ.HU

Mæta Ítalíu í æfingaleik ytra

FÓTBOLTI Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu leikur fyrsta leik sinn undir stjórn nýs þjálfarateymis gegn Ítalíu þann 13. apríl næstkomandi. Enn er unnið að því að finna leikstað en þetta verður sjötta viðureign þjóðanna í kvennaflokki.

Um leið er þetta fyrsti leikur kvennalandsliðsins eftir að Þorsteinn Hallgrímsson tók við liðinu fyrr í vetur. Stelpurnar okkar áttu að taka þátt í sterku æfingamóti í febrúar en það féll niður vegna heimsfaraldursins.

Fjórtán ár eru liðin frá síðustu viðureign liðanna en til þessa hefur Ísland unnið einn leik, tveimur lokið með jafntefli og tveimur með sigri Ítalíu.

Ráðgert er svo að íslenska liðið spili einn eða tvo vináttulandsleiki í júní. Næstu mótsleikir Íslands eru svo í haust þegar undankeppni HM 2023 sem fram fer í Ástralíu og Nýja-Sjálandi hefst. **– hó**

Dagný í baráttunni við Pernille Harder, einu fremstu knattspyrnukonu heims, sem leikur með Chelsea. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Skref í rétta átt og gaman að sjá hversu hröð þróunin er

Dagný Brynjarsdóttir, landsliðskona í knattspyrnu, segist finna að áhuginn á enskri kvennaknattspyrnu sé að aukast og finnst gaman að taka þátt í þessari þróun. Hún leikur tímamótaleik um helgina þegar leikur West Ham og Manchester United fer fram á Old Trafford í fyrsta sinn í sögu kvennaliðs United.

FÓTBOLTI Dagný Brynjarsdóttir gekk til liðs við West Ham United frá Selfossi í lok janúar síðastliðins en þar var hún að ganga til liðs við félagið sem hún styður í ensku knattspyrnunni. Hún er ein fjölmargra landsliðskvenna sem hafa söðlað um og haldið til Englands undanfarna mánuði.

Mikill uppgangur er í kvennaknattspyrnu á enskri grundu og til marks um það er sögulegur útsendingarsamningur sem SkySports og BBC gerðu um að sýna leiki frá ensku ofurdeildinni frá og með næsta keppnistímabili.

„Ég finn það vel að það er mikil stemming fyrir kvennaknattspyrnu á Englandi þessa stundina og mikill meðbyr sem er bara frábært. Það er til að mynda mun meiri fjölmiðlaathygli hérna en þegar ég var að spila með Bayern München í Þýskalandi.

Það var hins vegar mun meiri umfjöllun og áhorfendafjöldi þegar ég spilaði með Portland Thorns í Bandaríkjunum en þar er rík hefð fyrir kvennaknattspyrnu þannig að það er erfitt að bera það saman. Þetta er hins vegar allt í rétta átt hérna á Englandi og gaman að sjá hversu hröð skrefin eru í þróuninni,“ segir Dagný um upplifun sína af enskri kvennaknattspyrnu.

> **Ég er að upplifa það sjálf í fyrsta sinn að vera í fallbaráttu og það er allt öðruvísi en ég hélt.**
>
> Dagný Brynjarsdóttir

„Það skiptir að sjálfsögðu miklu máli að leikirnir séu sýnilegir sem víðast um heiminn þannig að stelpur sem eru að byrja sinn fótboltaferil geti eignast kvenkyns fyrirmyndir.

Leikirnir eru núna sýndir á appi sem er eingöngu aðgengilegt í Bretlandi þannig að vinir mínir og fjölskylda sem eru heima hafa ekki getað horft á leiki sem ég er að spila með góðu móti. Það er auðvitað ekki nógu gott og það breytir heilmiklu að SkySports og BBC hafi stigið þetta stóra skref í samstarfi við Enska knattspyrnusambandið,“ segir landsliðskonan.

Hvað leikinn um helgina varðar er Dagný mjög spennt að mæta jafn sterku liði og Manchester United á Old Trafford. Liðin eru fyrir leikinn hvort á sínum enda töflunnar en West Ham United vermir botnsætið á meðan Manchester United, með norsku landsliðskonuna Maríu Þórisdóttur innanborðs, situr í þriðja sæti.

Þetta verður í fyrsta skipti sem kvennalið Manchester United í knattspyrnu leikur heimaleik á Old Trafford.

„Við vorum hársbreidd frá því að vinna langþráðan sigur á móti Birmingham í síðustu umferð deildarinnar og sá leikur var týpískur fyrir lið sem er í botnbaráttu. Við fengum á okkur jöfnunarmark í uppbótartíma leiksins. Það var svolítið þung stemming þegar ég kom þar sem það hafði gengið illa, liðið lent í kórónaveirusmiti og meiðsli að herja á leikmannahópinn.

Eftir að hafa skipt um þjálfara finnst mér hafa komið jákvæðari orka og við þurfum bara einn sigurleik til þess að koma okkur á skrið. Við erum með sterkt lið sem ætti ekki að falla en nú þurfum við bara að fara að sýna það í verki,“ segir sóknartengiliðurinn.

„Hvað mig sjálfa varðar þá er ég að komast í mitt fyrra form en ég kom meidd til West Ham United og það var svekkjandi að geta ekki hjálpað meira strax þegar ég kom. Nú er ég búin að spila tvo leiki og mér líður vel hérna. Þetta er gott lið sem mikið býr í.

Ég er að upplifa það sjálf í fyrsta skipti að vera í fallbaráttu og það er allt öðruvísi en ég hélt. Þetta tekur meiri á andlega en ég gerði mér grein fyrir en nú reynir bara á karakterinn,“ segir Dagný sem samdi við West Ham United til 18 mánaða þegar hún kom.

„Samingurinn fellur úr gildi ef við föllum og það er auðvitað markmiðið að svo verði ekki. Mig myndi langa til þess að vera annað ár hérna hjá West Ham United og það er vonandi að það geti orðið að veruleika. Fyrsta mál á dagskrá er að koma okkur af botninum og bjarga okkur frá falli,“ segir hún um framhaldið.

hjorvaro@frettabladid.is

Breiðablik mætir með mikið breytt lið til leiks í sumar

FÓTBOLTI Ljóst er að kvennalið Breiðabliks í knattspyrnu mun mæta með mikið breytt lið til leiks þegar það freistar þess að verja titil sinn á Íslandsmótinu í sumar.

Rakel Hönnudóttir sem lék með Kópavogsliðinu á síðasta keppnistímabili, eftir að hafa komið frá enska félaginu Reading í loks árs 2019, greindi frá því á samfélagsmiðlum sínum í gær að hún væri barnshafandi og mun hún þar af leiðandi ekki leika með liðinu á komandi leiktíð.

Áður hafði Alexandra Jóhannsdóttir farið til Eintracht Frankfurt, Karólína Lea Vilhjálmsdóttir gengið til liðs við Bayern München og Sveindís Jane Jónsdóttir samið við Wolfsburg og verið lánuð til Kristianstad.

Berglind Björg Þorvaldsdóttir fór þar áður til franska liðsins Le Harve og Andrea Rán Snæfeld Hauksdóttir fylgdi sömu leið í haust. Andrea Rán er hins vegar á láni frá Blikum og kemur aftur í Kópavoginn áður en Íslandsmótið hefst. Þá er markvörðurinn Sonný Lára Þráinsdóttir hætt.

Hryggjarstykkið úr meistaraliði Blika í fyrra er horfið á brott.

Ofan á þessa breytingu í leikmannahópnum urðu þjálfaraskipti hjá Breiðabliki í upphafi ársins en Þorsteinn H. Halldórsson var þá ráðinn þjálfari íslenska kvennalandsliðsins og Vilhjálmur Kári Haraldsson tók við keflinu af honum. Vilhjálmur Kári þjálfaði áður Augnablik sem er venslafélag Breiðabliks.

Til þess að fylla þessi skörð eru markverðirnir Ásta Vigdís Guðlaugsdóttir og Telma Ívarsdóttir komnar aftur úr láni. Karítas Tómasdóttir kom frá Selfossi og Þórdís Hrönn Sigfúsdóttir frá KR. Birta Georgsdóttir gekk svo í raðir Blika frá FH.

Þrátt fyrir þessar miklu breytingar er engan bilbug að finna á Blikum sem eru efstar, ásamt Fylki, í sínum riðli í Lengjubikarnum. Breiðablik vann Stjörnuna 7-0 í fyrsta leik sínum í riðlinum, gerði jafntefli við Fylki og vann svo Þór/KA og Tindastól. **– hó**

NÝTT

Gleðilega páska

Veldu páskaegg frá Nóa sem passar þér!

Nóa páskaeggin eru tilbúin. Við vönduðum okkur alveg sérstaklega.
Litlu páskakanínurnar eru líka komnar aftur og þær eru svo sætar að þær eru ætar!
Páskaeggin eru af öllum stærðum og gerðum, svo að allir ættu að finna egg við sitt hæfi.

Skoðaðu úrvalið, veldu og njóttu!

†

Hjartans þakkir til ykkar allra sem sýnduð okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður og ömmu,

Þorbjargar Pálsdóttur

(Bobbu)

Bakkastöðum 73, Reykjavík.

Kristjana Líndal **Sigurður W. Egilsson**
Páll Líndal
Ingdís Líndal **Hallur Illugason**
Unnsteinn Líndal **Steinunn A. Guðmundsdóttir**
Ævar Líndal

og ömmubörnin stór og smá.

†

Elskulegur sonur okkar og bróðir,

Ingvi Ástvaldsson

lést á Landspítalanum 19. mars sl. Útför hans fer fram frá Langholtskirkju mánudaginn 29. mars kl. 13.00. Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir en einnig verður útförinni streymt á vefsíðunni mbl.is/andlat. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á að styrkja Einstök börn.

Martha Jónasdóttir **Ástvaldur Óskarsson**
Margrét Björg Ástvaldsdóttir
Óskar Ástvaldsson
Svavar Freyr Ástvaldsson

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Guðbjörn B. Bjarnason

Heiðarbraut 3c, Keflavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi, föstudaginn 19. mars. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Sigurlaug Nanna Þráinsdóttir
Ingunn Guðbjörnsdóttir **Þorlákur Jónsson**
Þráinn Guðbjörnsson
Inga Fríða Guðbjörnsdóttir **Anton Már Ólafsson**
Bjarni Davíð Guðbjörnsson **Tiara Rizkia**

barnabörn og barnabarnabörn.

Bobby og Amor horfa bjartsýn fram á spennandi tíma í nýju búðinni á Höfn í Hornafirði. MYND/GUÐNÝ SVAVARSDÓTTIR

Umvafin blómum í æsku

Þar sem eitt sinn var vélsmiðja og í annan tíma líkamsræktarstöð angar nú allt af blómum. Um er að ræða Amor – blóma- og gjafavöruverslun í hjarta Hafnar í Hornafirði.

„Þetta er draumur sem ég hef gengið með lengi en ekki haft tækifæri til að láta rætast fyrr en nú," segir Amor Joy Mantilla, um blóma- og gjafavöruverslun sem hún og Bobby, eiginmaður hennar, voru að opna á Höfn. Hún tekur fram að þau eigi góða bakhjarla, Guðmund Nielsen og Jónu Sigríði Gunnarsdóttur í Hverablómi í Hveragerði. „Án þeirra hefðum við ekki getað þetta," segir hún.

Amor og Bobby eru frá Filippseyjum. Hún hefur búið á Höfn í sautján ár og hann þrettán, þau eiga tvö börn, stelpu og strák. „Ég skaut strax rótum hér. Hef unnið á hjúkrunarheimilinu Skjólgarði sem sjúkraliði en ætla að minnka við mig þar til að geta sinnt búðinni," segir Amor sem heitir eftir ástarenglinum því hún fæddist á Valentínusardag. „Ég var umvafin blómum í æsku, bæði hjá mömmu og ömmu, þaðan kemur grunnurinn," segir hún og kveðst hafa selt blóm 17, 18 ára, áður en hún flutti til Íslands.

„Um tíma vann ég í blómabúð hér sem hætti rekstri, þá kynntist ég hjónunum í Hverablómi því ég pantaði alltaf hjá þeim. Nú datt mér í hug að endurnýja kynnin við þau og Jóna sagði: „Farðu bara að finna húsnæði – ég skal finna allt hitt handa þér." Ég gat ekki sofið nóttina á eftir fyrir spenningi. Manninum mínum datt í hug að byrja á að selja vendi fyrir bóndadaginn, ég dreifði auglýsingum í hús, fékk yfir hundrað pantanir og fólk var ánægt. Síðan komu Valentínusardagur og konudagur, þá var ég búin að finna húsnæði við Hafnarbraut 34, þar sem fleiri lífleg fyrirtæki eru með rekstur," lýsir Amor. „Nú get ég bjargað skreytingum fyrir fermingar, jarðarfarir, brúðkaup og önnur tækifæri, auk þess að vera með pottaplöntur og gjafavöru, þökk sé Hverablómi." **gun@frettabladid.is**

†

Yndislega móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðrún Þorkelsdóttir

(Dúna)

Seglbúðum,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Klausturhólum þann 21. mars sl., verður jarðsungin frá Prestsbakkakirkju á Síðu, laugardaginn 27. mars kl. 13.00. Vegna aðstæðna eru jarðarfaragestir beðnir um að vera með nafn, kennitölu og símanúmer á miða og afhenda við inngang. Þeim sem vilja minnast Dúnu er bent á Velunnarasjóð Klausturhóla.

Helga Dúnu Jónsdóttir **Þórarinn Bjarnason**
Bjarni Þorkell Jónsson **Gréta Rún Árnadóttir**
Björn Sævar Einarsson **Guðrún Marta Torfadóttir**

barnabörn og langömmubörn.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Valgerður Ólafsdóttir

frá Stakkadal, Rauðasandi,

lést á Hrafnistu í Laugarási föstudaginn 19. mars síðastliðinn. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju mánudaginn 29. mars kl. 13.00. Allir eru velkomnir á meðan húsrúm og fjöldatakmarkanir leyfa. Gestir eru beðnir að hafa með sér miða með nafni, kennitölu og símanúmeri.

Magnús Sigurðsson **Kristín B. K . Michaelsen**
Anna G. Sigurðardóttir **Ólafur B. Guðnason**
Sigríður Sigurðardóttir
Halldór S. Sigurðsson **Maria Lorena Rimpas Tolo**
Esther Sigurðardóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Jónína Salný Stefánsdóttir

(Didda)

frá Mýrum í Skriðdal,

verður jarðsungin frá Digraneskirkju fimmtudaginn 25. mars klukkan 15. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð Sunnuhlíðar. Streymt verður á slóðinni: www.exton.is/streymi

Stefán Þórarinn Ingólfsson **Margrét B. Einarsdóttir**
Páll Rúnar Ingólfsson **Eydís G. Sigurðardóttir**
Hafdís Odda Ingólfsdóttir **Ingjaldur H. Ragnarsson**
Ingvi Ingólfsson **Stefanía L. Óladóttir**
Fanney Ingólfsdóttir **Birgir Vignisson**
Sigurður K. Ragnarsson

barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær móðir, amma, dóttir, systir og mágkona,

Guðmunda María Guðmundsdóttir

Eskivöllum 9B, Hafnarfirði,

lést í faðmi fjölskyldunnar þann 12. mars á líknardeild Landspítalans. Útförin fer fram í Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 24. mars kl. 13. Streymi frá jarðarförinni má finna á https://youtu.be/32Kp8V4fl8E

Melkorka Jenný Gunnarsdóttir **Elmar Eron Sindrason**
Guðmundur Hjörleifsson **Jenný Þórisdóttir**
Helga Laufey Guðmundsdóttir **Arnar Borgar Atlason**
Róbert Atli Guðmundsson **Valgerður María Sigurðardóttir**

†

Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

Lovísa Hanna Gunnarsdóttir

frá Dilksnesi,

lést fimmtudaginn 18. mars á hjúkrunarheimilinu Skjólgarði í Hornafirði. Útförin fer fram frá Hafnarkirkju 27. mars klukkan 11.00. Vinir og aðstandendur velkomnir á meðan húsrúm leyfir. Gestir eru vinsamlega beðnir um að hafa með sér á blaði nafn, kennitölu og símanúmer. Athöfninni verður einnig streymt á vef Hafnarkirkju.

Gunnar Þór Þórarnarson **Guðný Björg Jensdóttir**
Lovísa Þóra Gunnarsdóttir **Finnur Eiríksson**
Eyþór Jens Gunnarsson

Sævar Þór, Dagmar Hekla og Kolbrún Katla.

†

Eiginmaður minn og faðir okkar,

Pálmi Erlingsson

Ásatúni 12,

lést þann 18. mars. Jarðarförin mun fara fram í kyrrþey. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Heimahlynningu á Akureyri.

Gerður Kristjánsdóttir
Hafdís Pálmadóttir
Fjóla Pálmadóttir
Erlingur Pálmason
Ellen Dóra Guðbjargardóttir
Ólöf Pálmadóttir
Hörður Sigurðsson
og fjölskyldur.

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

MIÐVIKUDAGUR 24. mars 2021

Neil Dudgeon sem Barnaby og Nick Hendrix sem aðstoðarmaður hans, DS Jamie Winter.

Barnaby í 24 ár

Þættirnir Midsomer Murders, eða Barnaby eins og við köllum þá, njóta enn mikilla vinsælda um allan heim þrátt fyrir að hafa verið sýndir reglulega í 24 ár. Bretar eru að hefja sýningar á seinni hluta 21. þáttaraðar á sunnudag en númer 22 fór í upptökur í haust þrátt fyrir COVID. Barnaby eru einhverjir farsælustu morðgátuþættir Bretlands miðað við vinsældir þáttanna sem ná langt út fyrir Bretlandi. Neil Dudgeon er kominn á tíunda árið sitt sem Barnaby en hann tók við af John Nettles árið 2011. Í fyrstu voru ekki allir sáttir við þau skipti en þær raddir heyrast ekki lengur.

Fjöldi gestaleikara hefur komið fram í þáttunum og margir hafa síðar orðið mjög vinsælir og vel þekktir. Þeir sem hafa aðgang að ITV-sjónvarpsstöðinni í Bretlandi geta séð nýja þáttinn sunnudaginn 28. mars. Aðrir þurfa að bíða eftir sýningum hér á landi sem hafa verið stopular á þessum þáttum. Danir sýna Barnaby þó reglulega fyrir þá sem hafa aðgang að DR.

Morð og fallegir bæir

Barnaby-þættirnir hafa ekki einungis leitt áhorfendur til vitnis um óhugnanleg morð heldur gefið þeim færi á að kynnast töfrandi smábæjum Bretlands og nátt-úrunni í kringum þá. Páskar eru gjarnan tími þegar glæpaseríur eru sýndar í sjónvarpi víðs vegar um heiminn. Vonandi fáum við að njóta Barnabys og félaga fljótlega.

elin@frettabladid.is

Snæfríður Arnardóttir, gæðastjóri KeyNatura á Íslandi er spennt fyrir nýjum Voxis molum með lakkrísbragði. „Við prófuðum örugglega yfir 20 uppskriftir og nú er kominn hinn fullkomni lakkrísmoli.“ Fólk hefur verið ánægt með sykurlausu brögðin og lakkrísmolinn verður án sykurs. MYND/AÐSEND

Íslenskt hugvit gegn kvefi og inflúensu

Ekki er nema ár síðan SagaImmune kom á markað hjá KeyNatura. Bætiefnið styrkir ónæmiskerfið, hefur veiruvirkni og getur stytt meðgöngutíma kvefs og inflúensu. 2

SagaImmune er byggt á eldri vöru sem var þróuð úr ætihvönn fyrir um 20 árum. Um er að ræða sérstætt bætiefni á alþjóðamarkaði fyrir sakir einstakrar blöndu innihaldsefna sem hafa víðtæk áhrif og veita sterka vörn gegn kvefveirum og inflúensu. „SagaImmune er vara sem við þróuðum og settum svo á markað fyrir ári síðan, en hvatinn að þróuninni var COVID-19. Í upphafi faraldursins ákváðum við að dusta rykið af gömlum rannsóknum um veirkuvirkni hvannarinnar en gömlu góðu vörurnar okkar sem byggðu á hvönninni, eins og SagaVita og Voxis molarnir, hafa lengi verið vinsælar og seldar undir nafni SagaMedica. Þá hafa þær verið þekktar fyrir veiruvirkni og getu til að styrkja ónæmiskerfið," segir Lilja Kjalarsdóttir, doktor í líflæknisfræði frá Bandaríkjunum og framkvæmdastjóri líftæknifyrirtækisins SagaNatura sem selur heilsuvörulínuna KeyNatura á Íslandi.

Einstök blanda á heimsvísu

Nýtt teymi hjá fyrirtækinu gerði frekari rannsóknir á hvannafræjaextrakti og kom þá veiruvirknin skýrar í ljós. „Teymið skoðaði sérstaklega virkni gegn inflúensuvírusum, en einnig gegn COVID-19. Þá var þróuð aðferð til þess að einangra imperatorín, veiruvirka efnið úr hvannafræjaextrakti. Nýjar rannsóknir voru gerðar í samstarfi við Utah State University. Því miður sýndu prófanir ekki fram á næga svörun gegn COVID-19 en virknin gegn inflúensu er hins vegar umtalsverð.

Að auki er að finna í SagaImmune þörungaextraktinn góða sem inniheldur lífvirkar fjölsykrur er hafa virkni gegn nokkrum veirum eins og inflúensuveirunni. Að auki er beta glúkan úr gersveppum sem styður ónæmiskerfið og getur stytt meðgöngutíma kvefs og inflúensu. Í blöndunni eru C-vítamín og D-vítamín sem flestum er kunnugt að eru ómissandi fyrir heilbrigt ónæmiskerfi. Svo eru að auki selen og sink, sem bæði styðja við eðlilega virkni ónæmiskerfisins. Við erum virkilega stolt af þessari blöndu enda er þetta einstök vara á heimsvísu."

Kvefið og inflúensan hætta ekki við komu

Lilja segir að fyrirtækið hafi ekki byrjað að kynna vöruna strax og hún kom á markað. „Þetta var í byrjun faraldursins fyrir rúmu ári síðan, þegar takmark margra var að finna lausnir á COVID-19. Þá spurðum við okkur hvort við gætum ekki notað eitthvað beint úr náttúrunni, en þar finnst hellingur af veiruvirkum efnum. Þrátt fyrir að hafa ekki mælanleg áhrif á COVID-veiruna þá er SagaImmune alveg dúndurflott vara. En ástæðan fyrir því að bætiefnið fékk ekki jafnmikla athygli og það átti skilið, var líklega sú að við vonuðumst eftir virkni gegn COVID sem var svo ekki til staðar. En það munu alltaf koma kvefveirur og við munum alltaf glíma við hinn árlega inflúensufaraldur. Þó svo öll umfjöllun sé mettuð af COVID-faraldrinum í dag þá hætta hinar veirurnar ekkert við að koma. Það hefur líka sýnt sig að fólk er ánægt með árangurinn. SagaImmune hefur selst vel þrátt fyrir litla kynningu og það er sérstaklega gaman að sjá hversu margir hafa skráð sig í áskrift að bætiefninu."

Mælt er með að hefja inntöku á SagaImmune áður en skólar og leikskólar hefjast á haustin og taka 2 hylki á dag fram á vor þegar sumarfrí hefjast. „Hægt er að koma í áskrift hjá okkur og fá SagaImmune sent heim mánaðarlega. Auðvelt er að sleppa áskrift í ákveðinn tíma ef fólk telur sig ekki hafa þörf á að taka bætiefnið inn yfir sumarið," segir Lilja.

Hvönnin spilar lykilhlutverk í mörgum vörum KeyNatura. Hvönnin er lífrænt vottuð og er safnað á sjálfbæran hátt í Hrísey. Myndir/SvavarSig.

Lilja Kjalarsdóttir segir fyrirtækið afar stolt af SagaImmune enda inniheldur bætiefnið m.a. þörungaextrakt þróaðan af vísindamönnum fyrirtækisins.

Snæfríður segir Voxis molana byggja á virkni hvannarinnar sem mýkir hálsinn og styrkir varnir líkamans.

SagaImmune fyrir ónæmiskerfið er nýjasta bætiefnið frá KeyNatura.

> Þó svo öll umfjöllun sé mettuð af COVID-faraldrinum í dag þá hætta hinar veirurnar ekkert við að koma.
>
> Lilja Kjalarsdóttir

Voxis á traustum grunni

Á sama tíma og SagaImmune var í þróun voru vísindamenn SagaNatura einnig að þróa nýjar bragðtegundir af hinum sívinsæla Voxis mola sem inniheldur ætihvannarextrakt sem mýkir hálsinn og hefur heilsubætandi áhrif. Mikill metnaður var í teyminu að bæta hinum fullkomna sykurlausa lakkrísmola við Voxis vörulínuna. „Eftir samruna SagaMedica og KeyNatura hafa allar vörur SagaMedica verið færðar yfir í KeyNatura vörulínuna en síðasta skrefið í þessu ferli eru Voxis molarnir. Sykurlausu Voxis molarnir verða færðir í nýjan KeyNatura búning í sumar," segir Snæfríður Arnardóttir, gæðastjóri KeyNatura á Íslandi.

Voxis fæst í þremur bragðtegundum: Klassíski, sykurlaus og engifer.

Gott fyrir röddina

Voxis molarnir hafa verið í uppáhaldi hjá söngelsku fólki um árabil, allt frá atvinnusöngvurum til kórsöngvara. Þá hafa molarnir einnig vakið athygli út fyrir landsteinana. „Fólk er að fá sér Voxis mola fyrir æfingar og söngleiki, en einnig eru molarnir kærkomnir fólki eins og mér sem heldur oft fyrirlestra. Þá finnst mér frábært að grípa í einn mola til að tryggja að röddin bresti ekki. Voxis molinn inniheldur fjölsykru úr hvönn sem leysist upp í munnvatninu og hefur góð og mýkjandi áhrif á hálsinn. Ekki má svo gleyma því að hvannafræjaextraktinn er einnig með veiruvirkni."

> Því hækkar lakkrísmolinn frá Voxis hvorki blóðsykur né blóðþrýsting.
>
> Snæfríður Arnardóttir

Svo miklu meira en bara hálsbrjóstsykur

Voxis er ekki bara hálsbrjóstsykur, heldur einnig frábært heilsunammi. „Hér í höfuðstöðvunum maulum við mikið Voxis molana enda eru þeir bragðgóðir og mýkjandi í hálsinn. Við höfum sett þrjár bragðtegundir á markað og eru tvær af þeim sykurlausar. Þegar mann langar í eitthvað sætt eða gott bragð í munninn þá er frábært að geta stungið upp í sig einum Voxis mola, enda slær hann vel á sykurlöngun. Þá höfum við fundið fyrir miklum áhuga fólks á sykurlausu bragðtegundunum og erum að vinna í að koma með fleiri brögð af Voxis molunum."

Spennandi nýtt bragð

Ein af þessum nýju bragðtegundum hefur verið í vinnslu í um það bil ár hjá fyrirtækinu og liggur mikil leynd yfir því hvaða brögð eru væntanleg. „Fyrsta af þessum nýju bragðtegundum mun líklega koma á markað í maí, en það er sykurlaus Voxis með lakkrísbragði. Við erum virkilega spennt fyrir þessum nýja mola og höfum við prófað yfir tuttugu afbrigði. Nú teljum við okkur loksins vera búin að þróa hinn fullkomna Voxis lakkrísmola. Það besta við hann er að hann er bæði sykurlaus, sem þýðir að hann hentar þeim sem eru á lágkolvetnafæði eða ketó, og inniheldur lágt magn af efninu sem finna má í sumum tegundum af lakkrís og hefur áhrif á blóðþrýstinginn. Því hækkar lakkrísmolinn frá Voxis hvorki blóðsykur né blóðþrýsting," segir Snæfríður.

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf.
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 24. mars 2021

12. tölublað | 15. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

ROLEX TUDOR TAGHeuer LONGINES NOMOS GLASHÜTTE TISSOT

Upplifðu faglega og persónulega þjónustu

MICHELSEN 1909

Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is

Eyrir fjárfestir í CRI
Fjárfestingafélagið Eyrir hefur eignast tíu prósenta hlut í íslenska tæknifyrirtækinu Carbon Recycling. Stjórnin fær heimild til að skrá félagið á markað í Noregi.
2

Fer fram á nýjan kunnáttumann
Festi mun fara fram á skipun nýs kunnáttumanns. Keppinautar vilja aðrar eignir á gjafverði í kaupbæti fyrir verslunina á Hellu.
4

Setja á fót 16 milljarða sjóð
SÍA IV er stærsti framtakssjóður landsins til þessa. Stofnanafjárfestar eru að leita að ávöxtun í lágvaxtaumhverfi.
8

Útgjaldastefnan borið árangur
Fjármálaráðherra segir að ríkisfjármálastefnan eftir kórónakreppuna hafi borið árangur þar sem hagkerfinu reiddi betur af en allar spár höfðu gert ráð fyrir.
9

Kraftur í hlutabréfum
Lækkandi vextir hafa verið hluti af viðbrögðum seðlabanka víða um heim til að bregðast við samdrætti, en sú þróun hefur verið drifkraftur hærra hlutabréfaverðs.
10

Hluti stjórnarmanna þarf að taka áhættu

Arnar Másson, stjórnarformaður Marels, segir að stjórnir eigi ekki að verða stjórnsýslunefndir þar sem stjórnarmenn eiga ekkert undir að fyrirtækinu vegni vel. ➔6

Fjölskyldan hefur átt hlutabréfin í Marel allar götur frá 1992 og einungis selt hluta bréfanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Róbert Wessman, stofnandi og stjórnarformaður Alvotech.

Stefnir, TM og Hvalur á meðal fjárfesta í Alvotech

Tveir hlutabréfasjóðir í stýringu Stefnis, dótturfélags Arion banka, fjárfestu í Alvotech fyrir samanlagt um 5 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði rúmlega 600 milljóna króna, í lokuðu útboði sem lauk fyrr í þessum mánuði þar sem lyfjafyrirtækið sótti sér 35 milljónir dala í nýtt hlutafé.

Aðrir íslenskir fjárfestar sem komu að útboðinu, samkvæmt heimildum Markaðarins, voru tryggingafélagið TM, fjárfestingarfélagið Hvalur, sem er stýrt af Kristjáni Loftssyni, og Lífeyrissjóður Vestmannaeyja en auk þess lögðu nokkrir einkafjárfestar félaginu til fjármagn. Jöklar-Verðbréf höfðu umsjón með fjárfestingu Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja, sem á helmingshlut í verðbréfafyrirtækinu, en engir ef helstu lífeyrissjóðum landsins komu hins vegar að fjármögnun Alvotech á þessu stigi.

Fjárfesting Stefnis nam um þriðjungi þeirrar heildarfjárhæðar sem íslenskir fjárfestar keyptu fyrir í útboðinu – 15 milljónum dala – en þetta var í fyrsta sinn sem innlendir fjárfestar, sem eru ekki hluti af stjórnendateymi lyfjafyrirtækisins, koma inn í hluthafahóp Alvotech. Það voru sjóðirnir ÍS 15, opinn hlutabréfasjóður, og ÍS 5, lokaður vogunarsjóður, sem stóðu að baki fjárfestingunni hjá Stefni.

Samtals hefur Alvotech sótt sér um 100 milljónir dala í nýtt hlutafé á undanförnum fjórum mánuðum.

Með þeirri fjármögnun sem nú er lokið, þar sem Alvotech var verðmetið á um 2,4 milljarða dala, er talið að búið sé að tryggja rekstur fyrirtækisins fram yfir áformað hlutafjárútboð og skráningu á markað erlendis síðar á árinu. Stefnt hefur verið að skráningu í kauphöll

2,4

milljarðar dala er markaðsvirði Alvotech eftir síðustu hlutafjáraukningu félagsins.

í Hong Kong en samhliða er einnig horft til þess möguleika að félagið fari á markað í bandarísku kauphöllinni Nasdaq. Alþjóðlegu fjárfestingarbankarnir Morgan Stanley, Goldman Sachs og HSBC verða ráðgjafar félagsins við skráningarferlið.

Alvotech, sem er stýrt af Róberti Wessman, stofnanda félagsins, hóf vinnu við útgáfu á nýju hlutafé á síðasta ári, eins og Markaðurinn hefur áður sagt frá, og var markmiðið að sækja sér samtals 100 milljónir dala. Fjárfestingin var meðal annars kynnt íslenskum fjárfestingafélögum og lífeyrissjóðum síðastliðið haust.

Ekkert varð hins vegar af aðkomu þeirra þegar Alvotech lauk fyrsta áfanga fjármögnunar – upp á samtals 65 milljónir dala – í lok október. Auk núverandi hluthafa Alvotech, sem lögðu til stóran hluta fjármagnsins, komu að þeirri hlutafjáraukningu fjárfestar úr lyfjageiranum í Bandaríkjunum, Evrópu og Asíu.

Alvotech er í meirihlutaeigu Aztiq Pharma og þá er Alvogen stór hluthafi, en þar eru fyrir einir stærstu fjárfestingarsjóðir í heiminum í dag, CVC Capital Management og Temasek, sem er fjárfestingarsjóður í Singapúr. Aðrir hluthafar eru meðal annars alþjóðlegi fjárfestingarsjóðurinn Yas Holding og japanska lyfjafyrirtækið Fuji Pharma. **– hae**

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFÉLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **550 5051**

Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**

Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is



Verksmiðja CRI í Svartsengi en fyrirtækið framleiðir metanól úr koltvísýringi og vetni.

Eyrir fjárfestir í CRI fyrir 1.300 milljónir

Fjárfestingafélagið eignast tíu prósenta hlut í íslenska fyrirtækinu Carbon Recycling með fjárfestingu sinni. Stofnandi Eyris, Þórður Magnússon, kjörinn stjórnarformaður. Stjórnin fær heimild til að skrá félagið á markað í Noregi.

Eyrir Invest hefur bæst í hluthafahóp íslenska tæknifyrirtækisins Carbon Recycling International (CRI), sem framleiðir metanól úr koltvísýringi og vetni, með fjárfestingu í félaginu fyrir 10 milljónir dala, jafnvirði um 1.300 milljóna króna. Með kaupunum mun fjárfestingafélagið eignast tíu prósenta hlut í Carbon Recycling og tveir stjórnendur Eyris, meðal annars Þórður Magnússon stofnandi og stjórnarformaður Eyris, hafa nú sömuleiðis þegar tekið sæti í stjórn CRI.

„Við teljum að miklir vaxtarmöguleikar séu fyrir hendi í þeirri tækni sem CRI hefur þróað og þegar sannreynt. Starfsemi félagsins fellur vel að okkar áherslum um að fjárfesta í fyrirtækjum sem geta orðið leiðandi í sínum geira á alþjóðlegum mörkuðum. Fram undan eru miklir vaxtarmöguleikar fyrir CRI og er okkur ánægja að styðja við þær áætlanir," segir Þórður, en hann hefur verið kjörinn formaður stjórnar CRI.

Tilkynnt var um fjárfestingu Eyris, sem er stærsta fjárfestingafélag landsins og heldur utan um tæplega fjórðungshlut í Marel, á aðalfundi CRI um miðja síðustu viku. Á fundinum var jafnframt samþykkt tillaga stjórnar CRI, sem var stofnað árið 2006 og starfrækir verksmiðju í Svartsengi, sem heimilar henni að skrá félagið á markað.

Ingólfur Guðmundsson, sem hefur verið forstjóri CRI síðustu tvö ár og situr einnig í stjórn Eyris, segir að það sé mikil ánægja með að

13

milljarðar króna er markaðsvirði Carbon Recycling í dag miðað við fjárfestingu Eyris Invest.

fá Eyri í fjárfestahóp fyrirtækisins. „Eyrir hefur fylgst vel með þróun okkar undanfarin ár og verður með þessari ákvörðun ein af burðarstoðum í fjárfestahópnum. Við hlökkum til samstarfsins þar sem fram undan eru spennandi tímar í starfsemi CRI."

Fyrirtækið vinnur nú að undirbúningi skráningar á Euronext Growth markaðinn í Osló með norska viðskiptabankanum Sparebank1. Norski bankinn hefur undanfarin ár leitt skráningu nokkurra fyrirtækja sem bjóða umhverfislausnir og mikill vöxtur hefur verið í markaðsverðmæti slíkra fyrirtækja í kauphöllum í Evrópu og Bandaríkjunum að undanförnu.

CRI er brautryðjandi í þróun búnaðar til að framleiða fljótandi eldsneyti og efnavöru úr vetni og koltvísýringi. Fyrirtækið hefur nýverið lokið við hönnun efnaverksmiðju sem stefnt er að því að gangsetja síðar á árinu í Anyang í austurhluta Kína. Verkefnið byggir á tækni CRI og mun draga úr losun á 160.000 tonnum af koltvísýringi árlega. Heildarfjárfesting í verkefninu nemur um 12 milljörðum króna.

Þá vinnur CRI nú einnig með orkufyrirtækinu Statkraft að sameiginlegri verkefnaþróun og fjárfestingu í nýrri verksmiðju í Finnfjord í norðurhluta Noregs. Stefnt er að því að framleiðslugeta þeirrar verksmiðju verði um 25 sinnum meiri en í fyrstu verksmiðju CRI, sem reist var í Svartsengi, eða sem nemur 100 þúsund tonnum á ári.

Carbon Recycling er að stærstum hluta í eigu Íslendinga en á meðal hluthafa, með tæplega 15 prósenta hlut, er kínverska fyrirtækið Zhejiang Geely Holding Group sem kom fyrst inn í hluthafahópinn árið 2015.

Í nýjum ársreikningi CRI fyrir árið 2020 kemur fram í skýrslu stjórnar að stjórnendur félagsins hafi á liðnu ári hrundið af stað áætlun sem miðaði að því að draga úr rekstrarkostnaði, auka tekjur og bæta framlegð af rekstrinum. Með fjárfestingu Eyris hefur CRI tryggt sér nægjanlegt fjármagn til að standa undir afborgunum lána á þessu ári en þær nema samtals rúmlega 1.100 milljónum króna.

Tekjur fyrirtækisins námu um 722 milljónum króna í fyrra og jukust um 300 milljónir milli ára. Mikill viðsnúningur varð á hagnaði CRI fyrir skatta, afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) sem nam 249 milljónum borið saman við rekstrartap upp á 306 milljónir á árinu 2019. Vegna mikils fjármagnskostnaðar var hins vegar heildartap af starfseminni upp á 648 milljónir en það minnkaði um 250 milljónir frá fyrra ári. Eigið fé var um 1.280 milljónir króna í árslok 2020.

hordur@frettabladid.is

Nær 50 milljarðar á bókum TIF

Heildareignir innstæðudeildar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta (TIF) námu í árslok tæplega 48 milljörðum króna og eigið fé var tæpir 47 milljarðar króna. Eignirnar jukust um tæplega 4 milljarða króna á milli ára. Þetta kemur fram í nýbirtum ársreikningi sjóðsins.

Fjármálafyrirtæki greiddu um 2,1 milljarð króna í iðgjöld til sjóðsins og fjármunatekjur námu um 3,6 milljörðum. Raunávöxtun fjármuna í virkri stýringu, sem eru nær alfarið bundnir í skuldabréfum, nam 4,4 prósentum á árinu.

Rekstrarkostnaður TIF nam 186 milljónum króna á árinu 2020 samanborið við 193 milljónir árið á undan. Mestu munar um kostnað vegna eftirlits og umsýsluþóknana sem nam 124 milljónum króna. Launakostnaður nam 34,6 milljónum og annar rekstrarkostnaður 27 milljónum. Á árinu var einn starfsmaður á launum hjá sjóðnum.

» Rekstrarkostnaður TIF nam 186 milljónum króna á árinu 2020 samanborið við 193 milljónir árið á undan.

Með gildistöku laga um skilameðferð í september á síðasta ári var stofnuð ný deild innan TIF, sem nefnist skilasjóður, og verður að lágmarki 1 prósent af innstæðum. Árið 2020 var byrjað að safna fjármunum í sjóðinn, með framlagi úr innstæðudeild TIF að fjárhæð 1,2 milljarðar króna. Sama fjárhæð verður færð frá innstæðudeild til skilasjóðs á árinu 2021. Gert er ráð fyrir að skilasjóður verði að fullu fjármagnaður fyrir árslok 2027.

Í grein sem Yngvi Örn Kristinsson, hagfræðingur Samtaka fjármálafyrirtækja, birti í Markaðinum í janúar kom fram að búast mætti við að greiðslur fjármálafyrirtækja til sjóðsins gætu framvegis numið um röskum milljarði króna á ári að öllu óbreyttu. Hann sagði vandséð að þörf væri á frekari uppbyggingu sjóðsins.

Yngvi benti á að nýtt regluverk hefði áhrif á stærð innstæðutryggingarsjóðsins. Kerfislega mikilvægu bankarnir þrír yrðu, ef kæmi til alvarlegra erfiðleika í rekstri, teknir til skilameðferðar og innlán bætt með skilameðferð en ekki með greiðslum úr innstæðutryggingarsjóði. **– þfh**

Brandenburg | sía

UPP MEÐ SOKKANA!

Kauptu sokka á krabb.is og
á sölustöðum um allt land

Krabbameinsfélagið

MOTTUMARS

Vilja eignir á gjafverði í kaupbæti fyrir Kjarval

Festi mun fara fram á skipun nýs kunnáttumanns. Röksemdir SKE fyrir synjun á sölu Kjarvals „skjóta skökku við“. Loka versluninni í maí að óbreyttu. Keppinautar vilja aðrar eignir á gjafverði í kaupbæti fyrir að kaupa verslunina.

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is
Þorsteinn Halldórsson
thorsteinn@frettabladid.is

Eggert segir SKE hafa verið upplýst í september í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Stærstu keppinautar Festar, sem hefur verið boðin verslun Kjarvals á Hellu til sölu, hafa engan áhuga á versluninni, sem Festi er skylt að selja samkvæmt sátt við Samkeppniseftirlitið, nema með því að fá aðrar eignir á gjafverði. Samskipti smásölufélagsins við eftirlitsstofnunina hafa á tíðum verið slitrótt, langan tíma tekur að fá svör og kostnaður við óháðan kunnáttumann er „talsvert hærri“ en það sem þekkist fyrir sambærileg störf.

Þetta kemur fram í máli Eggerts Þórs Kristóferssonar, forstjóra Festar, og Þórðar Más Jóhannessonar stjórnarformanns.

Á aðalfundi Festar í byrjun vikunnar var greint frá því að kostnaður félagsins af óháðum kunnáttumanni vegna sáttar við Samkeppniseftirlitið, frá því að hann tók til starfa haustið 2018, næmi samtals 56 milljónum króna.

Umræddur kunnáttumaður, Lúðvík Bergvinsson héraðsdómslögmaður, var skipaður af Samkeppniseftirlitinu í kjölfar þess að N1 og eftirlitið náðu samkomulagi um sátt vegna kaupa olíufélagsins á Festi í lok júlí árið 2018. Af sáttinni leiddi að skipa þurfti óháðan kunnáttumann sem ætlað er að hafa eftirlit með þeim aðgerðum sem kveðið er á um í sáttinni.

Eggert Þór segir í samtali við Markaðinn að kostnaðurinn sé „talsvert hærri en það sem þekkist í sambærilegum störfum í atvinnulífinu“. Eins og Markaðurinn fjallaði um í apríl í fyrra var kostnaður Haga af störfum sérstaks kunnáttumanns, sem fylgist með því að skilyrðum í sátt félagsins við Samkeppniseftirlitið vegna kaupa þess á Olís sé fylgt eftir, tæplega einn áttundi af kostnaði Festar af störfum kunnáttumanns.

Skipunartími óháðs kunnáttumanns með sáttinni er frá október 2018 til október 2023.

Þórður Már Jóhannesson, stjórnarformaður Festar, sagði á aðalfundinum að Festi myndi í framhaldinu óska eftir breytingum á aðkomu kunnáttumannsins.

Spurður hvað það feli í sér segir Eggert að félagið muni fara fram á það við Samkeppniseftirlitið að skipaður verði nýr óháður kunnáttumaður.

Samkvæmt sáttinni er Festi skylt að selja verslun Kjarvals á Hellu. Þar sem vafi lék á söluhæfi verslunarinnar á Hellu var jafnframt mælt fyrir um það í sáttinni að ef ekki tækist að selja verslunina á Hellu bæri Festi að selja aðrar eignir félagsins á þessu svæði á grundvelli sömu skilmála.

Fyrr á þessu ári náði Festi samkomulagi um sölu á verslun Kjarvals til Sigurðar Elíasar Guðmundssonar, hótelrekanda og veitingamanns, en Samkeppniseftirlitið kom í veg fyrir söluna. Vísaði stofnunin í rökstutt álit kunnáttumanns Festar sem komst að þeirri niðurstöðu að umræddur kaupandi uppfyllti ekki þær kröfur sem gerðar væru til hæfis hans samkvæmt ákvæðum sáttarinnar, um að kaupandi væri óháður Festi og ekki í neinum tengslum við félagið. Einnig léki vafi á um fjárhagslegan styrk og hvata kaupanda til þess að veita Festi umtalsvert samkeppnislegt aðhald á svæðinu líkt og sáttin áskilur.

> Óskað var í tvígang eftir fundi með Samkeppniseftirlitinu vegna málsins en ekkert svar barst frá eftirlitinu fyrr en um tveimur mánuðum síðar.
>
> Eggert Þór Kristófersson, forstjóri Festar

> Það eitt að upplýsa eigendur Festar um þessi mál á aðalfundi hlýtur að vera eðlilegur hlutur.
>
> Þórður Már Jóhannesson, stjórnarformaður Festar

Samkeppniseftirlitið hefur nú til rannsóknar möguleg brot Festar á umræddri sátt, meðal annars vegna tafa við sölu á eignum félagsins.

„Það skýtur skökku við,“ útskýrir Eggert, „að efast um fjárhagslegan styrk hans þegar litið er til þess að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hefur rekstrarfélag í hans eigu um 800 milljónir króna í eigið fé og þá hefur hann reynslu af verslunarrekstri á svæðinu og er ekki háður okkur á neinn hátt.“

Áður hafði Festi náð samkomulagi um sölu verslunarinnar en ekkert varð af afhendingu vegna andstöðu leigusala húsnæðisins. Gerði Festi þá samkomulag um sölu verslunar Krónunnar á Hvolsvelli en í febrúar 2020 hafnaði sveitarfélagið Rangárþing eystra að framselja leigusamning um húsnæðið og varð því ekki af þeim viðskiptum.

Samkvæmt heimildum Markaðarins sendi kunnáttumaðurinn 80 spurningar á Sigurð Elías þar sem hann var meðal annars spurður út í fyrirætlanir sínar með verslunina og mögulega útvíkkun á starfsemi hennar á svæðinu.

Eggert segir að Samkeppniseftirlitið hafi verið upplýst um það í byrjun september á liðnu ári að Festi hefði sagt upp leigusamningi verslunarinnar á Hellu og félagið ætti í viðræðum við áhugasaman kaupanda.

„Óskað var í tvígang eftir fundi með Samkeppniseftirlitinu vegna málsins en ekkert svar barst frá eftirlitinu fyrr en um tveimur mánuðum síðar,“ bætir Eggert við.

Aðspurður segir Eggert að félagið muni að óbreyttu, takist ekki að selja verslunina áður en leigusamningurinn rennur út 1. maí næstkomandi, loka versluninni.

„Ljóst er, eins og fram kom á aðalfundi Festar í vikunni, að stærstu keppinautar félagsins, sem hafi verið boðin verslunin til kaups, hafi engan áhuga á henni nema Festi greiði með sölunni umtalsverða fjármuni með því að fá aðrar eignir félagsins með á gjafverði,“ segir Eggert.

Verslunin á Hellu veltir um 600 milljónum á ári samkvæmt heimildum Markaðarins og EBITDA-hagnaður er hverfandi. Miðað við það er ljóst að kaupverðið hleypur aðeins á nokkrum tugum milljóna.

Bíða lengi eftir svörum

Á aðalfundi Festar fjallaði Þórður Már Jóhannesson stjórnarformaður í ræðu sinni um sáttina við Samkeppniseftirlitið. Í máli hans kom fram að frá upphafi sáttarinnar hafi samskipti Festar og Samkeppniseftirlitsins verið ágæt en þó stundum slitrótt og allt of oft tekið langan tíma að fá svör frá stofnuninni.

Í samtali við Markaðinn segir Þórður Már að frá upphafi hafi enginn ágreiningur verið um skilyrði sáttarinnar.

„Hins vegar sóttum við um breytingar á þeim vegna sölu búðarinnar á Hellu, eftir að ekkert gekk að selja hana, en var hafnað. Sú gagnrýni sem kom fram á fundinum var hins vegar á mikinn kostnað vegna starfa kunnáttumanns og samskipti félagsins við hann síðustu misserin,“ segir Þórður Már. „Það er eðlilegt að umræða skapist um ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins en þær þurfa að vera yfirvegaðar og málefnalegar.“

Spurður hvort hann óttist að Samkeppniseftirlitið bregðist illa við gagnrýni stjórnenda Festar segir Þórður Már að tíminn verði að leiða það í ljós. „Það eitt að upplýsa eigendur Festar um þessi mál á aðalfundi hlýtur að vera eðlilegur hlutur.“

Egill Árnason™
GERÐU KRÖFUR
Val á flísum sem standast tímans tönn krefst útsjónarsemi og þekkingar. Flísar frá Ítalíu og Spáni, brenndar, rétt skornar og í fyrsta flokki, skipa sér þar með í flokk bestu fáanlegu flísa. Það skilur á milli famleiðanda þegar kröfurnar eru miklar. Kynntu þér flísarnar í verslun okkar Suðurlandsbraut 20.
2020
2020
VR
FYRIRTÆKI ÁRSINS 2020
Suðurlandsbraut 20
108 Reykjavík
Sími: 595 0500
www.egillarnason.is
Opnunartímar: mán–fös kl.9–18

„Við hjá Marel höfum litið svo á að það sé nauðsynlegt að stjórnarformaðurinn geti varið nægum tíma í starfið. Það er erfitt ef viðkomandi er í fullri vinnu," segir Arnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fjölskyldan stutt við Marel í áratugi

Fjölskylda Arnars Mássonar, nýs stjórnarformanns Marels, hefur átt í fyrirtækinu í þrjá áratugi. Arnar tók sæti í stjórn Marels árið 2001 við fráfall afa síns, Sigurðar Egilssonar, sem hafði setið í stjórninni frá árinu 1992. Sigurður var umsvifamikill fjárfestir.

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is

Sigurður Egilsson, afi Arnars, sem er nýr stjórnarformaður Marels, fjárfesti fyrst í Marel árið 1992 í kjölfar skráningar fyrirtækisins á hlutabréfamarkað. „Hann keypti fyrst í Marel á genginu rúmlega einn. Það þótti merkilega hátt verð á þeim tíma og seljendur voru afar ánægðir með söluna," segir Arnar Másson, stjórnarformaður fyrirtækisins. Nú er gengi hlutabréfa Marels 830.

„Afi var áhugaverður. Hann var einn af fyrstu fagfjárfestum Íslands. Afi sinnti ekki rekstri tiltekins fyrirtækis frá degi til dags eins og tíðkaðist hjá kaupsýslumönnum á þeim tíma, heldur sat hann í stjórnum fyrirtækja sem hann átti drjúgan hlut í. Fjölskyldan vissi lítið um umsvifin jafnvel þótt ég hafi fylgt honum á aðalfundi Marels þegar ég var yngri," segir Arnar.

Sigurður, sem átti lengi vel tíu prósenta hlut í Marel, sat í stjórn fyrirtækisins frá árinu 1992 og fram að andláti árið 2000, þá 79 ára að aldri. Arnar settist í kjölfarið í stjórnina fyrir hönd fjölskyldunnar, þá 29 ára, í krafti eignarhlutar hennar á aðalfundi árið 2001. Arnar var kjörinn varaformaður árið 2013 og tók við sem stjórnarformaður á aðalfundi félagsins sem haldinn var 17. mars síðastliðinn. Nú eiga börn Sigurðar ríflega tveggja prósenta hlut í fyrirtækinu.

> **Afi sinnti ekki rekstri tiltekins fyrirtækis frá degi til dags eins og tíðkaðist hjá kaupsýslumönnum á þeim tíma heldur sat hann í stjórnum fyrirtækja sem hann átti drjúgan hlut í.**

„Fjölskyldan hefur átt hlutabréfin allar götur frá árinu 1992 og einungis selt hluta bréfanna. Systkinin, börn Sigurðar, hafa haft mikla trú á Marel en segja má að þau hafi ekki lifað í vellystingum jafnvel þótt þau eigi þessa verðmætu eign í dag, enda er hún bundin í hlutabréfum og hlutabréfaverðið hefur farið upp og niður á þeim tíma sem þau hafa verið hluthafar. Þau stunduðu hefðbundna vinnu alla tíð en eru nú komin á eftirlaunaaldur. Hafa ber í huga að Marel greiddi hluthöfum lengi vel ekki arð enda var félagið í örum vexti.

Á árunum fyrir hrun var systkinunum ráðlagt af fjármálasérfræðingum að selja hlut sinn í Marel og fjárfesta í bönkum því þeir greiddu ríkulegan arð. Það var mikil gæfa að þau fóru ekki að þeim ráðum, ef til vill var það vegna þess að þau hugsa ekki eins og hefðbundnir fjárfestar til skamms tíma," segir Arnar.

Eimskip, Hampiðjan og Hvalur

Sigurður átti í fjölda fyrirtækja við andlátið. „Oft átti hann um tíu prósenta hlut í hverju fyrirtæki fyrir sig. Má nefna fyrirtæki eins og Hampiðjuna, Eimskip og Hval. Hann átti einnig í minni fyrirtækjum eins og Límtré Vírneti og kom að stofnun Sigurplasts. Fjárfestingarnar voru af ýmsum toga en yfirleitt tengdar íslensku hugviti eða iðnaði. Ég veit ekki til þess að hann hafi nokkurn tímann selt í þeim fyrirtækjum sem hann átti. Hann fjárfesti og átti hlutabréfin alla tíð.

Margar af fjárfestingunum heppnuðust býsna vel. Jafnvel þótt Marel sé flaggskipið núna var það ekki endilega raunin fyrir þremur áratugum. Á þessum tíma hefur Marel vaxið frá því að vera lítið sprotafyrirtæki sem framleiddi lausnir fyrir íslenskan sjávarútveg, í að vera leiðandi á heimsvísu í þróun og framleiðslu heildarlausna, hugbúnaðar og þjónustu fyrir matvælavinnslu á kjúklingi, kjöti og fiski. Þegar hann fjárfesti í fyrirtækinu velti það um 6 milljónum evra og starfsmenn voru 45. Við andlát hans velti Marel um 100 milljónum evra og starfsmenn voru 700. Afi var mjög stoltur af fyrirtækinu. Nú veltir Marel um 1,2 milljörðum evra og starfsmenn eru tæplega 7.000 í yfir 30 löndum," segir Arnar.

Hann segir að í kringum netbóluna hafi margir boðið Sigurði að festa kaup á hlut í netfyrirtækjum og öðrum tæknifyrirtækjum eins og DeCode. „Afi sagðist ekki skilja þann rekstur og lét það eiga sig," segir Arnar.

Sonur athafnamanns

Sigurður var eitt þriggja barna Egils Vilhjálmssonar sem var áberandi í viðskiptalífinu á sínum tíma. Hann stóð meðal annars í bílainnflutningi á Willy's jeppum og rak bílaverkstæði, var einn af stofnendum Hvals, leigubílastöðvarinnar Bifreiðastöðvar Reykjavíkur og Strætisvagna Reykjavíkur, sem borgin keypti síðar.

„Börn Egils erfðu fyrirtækið við andlát föður síns. Einhverju seinna selur afi minn hlut sinn og hefst handa við að fjárfesta," segir Arnar.

Lengi embættismaður

Víkur nú sögunni að nýjum stjórnarformanni Marels, Arnari Mássyni, barnabarni Sigurðar. „Ég er

Djúp sérhæfing hjá stórum erlendum sjóðum

„Stjórn á í góðu samtali við hluthafa. Áður fyrr hittum við alltaf þá allra stærstu en eftir að hluthafahópurinn varð fjölbreyttari hittum við nú allt að 20 hluthafa að máli. Meirihluti þeirra sem við hittum er erlendur, í kjölfar skráningar á hlutabréfamarkað í Amsterdam árið 2019," segir Arnar.

Hann segir að stjórnin vilji fræðast um af hverju hluthafarnir fjárfestu í Marel og hvaða væntingar þeir hafi. „Við ræðum ekki um reksturinn, stjórnendateymið sér um það, heldur tökum við fyrir stjórnarhætti og stefnumótun á breiðum grunni. Við erum að vinna fyrir hluthafa og viljum heyra taktinn og þekkja þeirra áherslur."

Hefur eitthvað komið á óvart í þeim samtölum?

„Erlendu hluthafarnir unnu mikla undirbúningsvinnu áður en fjárfest var í Marel og þekkja því starfsemina aftur á bak og áfram. Stærri sjóðirnir eru einnig með sérhæfð teymi, meðal annars í stjórnarháttum og sjálfbærni, sem stjórnin skeggræðir við.

Þá var einnig áhugavert að kynnast starfsemi sérhæfðra ráðgjafarfyrirtækja sem fara yfir tillögur stjórna til aðalfunda fyrirtækja eins og Marel, og gefa stofnanafjárfestum ráð um hvernig þeir eiga að kjósa á aðalfundum. Þetta var eitthvað sem við höfðum ekki átt að venjast hér á landi."

Hluti stjórnarmanna þarf að taka áhættu með fyrirtækinu

menntaður stjórnmálafræðingur og lauk meistaraprófi frá London School of Economics and Political Science. Ég starfaði í fimmtán ár hjá forsætis- og fjármálaráðuneytinu, til ársins 2016. Ég kom einkum að verkefnum sem lutu að umbótum, hagræðingu í rekstri og stefnumótun. Í upphafi starfsferilsins vann ég að því að brýna fyrir ráðuneytum og stofnunum að setja sér stefnu og markmið en fékk oft þau svör að það hljómaði vel en ætti ekki við þeirra rekstur. Það var auðvitað ekki rétt.

Ég hætti í stjórnsýslunni árið 2016, flutti til London og sat í stjórn Evrópska þróunarbankans (European Bank for Reconstruction and Development) í þrjú ár. Bankinn er í eigu 67 landa og var settur á laggirnar til að aðstoða við að ryðja brautina fyrir einkarekstur eftir hrun kommúnismans í Austur-Evrópu og síðar falls Sovétríkjanna fyrrverandi. Evrópski þróunarbankinn er með öðru sniði en til dæmis Alþjóðabankinn, því hann vinnur mest með einkageiranum og um 80 prósent lánveitinga og fjárfestinga tengjast einkarekstri.

Bankinn lánar og fjárfestir fyrir um 10 milljarða evra á ári. Umsvifin eru býsna mikil og öll verkefnin eru borin undir stjórn. Þetta var skemmtilegur tími. Ég fékk fyrir vikið betri innsýn í viðskipti í nýmarkaðsríkjum, en þar hefur Marel verið að hasla sér völl.

Ég sneri heim árið 2019 og nú sinni ég meðal annars ráðgjöf á sviði innviðauppbyggingar með fjármálafyrirtækinu Summu. Það eru mikil tækifæri fólgin í því að nýta samvinnu einkaaðila og hins opinbera á því sviði, eins og Hvalfjarðargöng sýna og sanna. Auk þess vinnum við hjá Summu í samstarfi við fleiri aðila að því að koma á fót fjárfestingarsjóði sem mun fjárfesta í endurnýjanlegum orkuverkefnum erlendis. Við viljum nýta íslenska sérfræðiþekkingu til að ná árangri, enda státum við af góðum árangri hér á landi í að virkja jarðvarma og vatnsafl. Það er mikil eftirspurn eftir umhverfisvænum orkugjöfum um allan heim og um er að ræða svið þar sem Ísland hefur sannarlega mikið fram að færa.

Nýlega var ég kjörinn í stjórn Símans. Það fellur vel að störfum mínum fyrir Marel og Summu. Við hjá Marel höfum litið svo á að það sé nauðsynlegt að stjórnarformaðurinn geti varið nægum tíma í starfið. Það er erfitt ef viðkomandi er í fullri vinnu, ég tala nú ekki um ef um forstjóra annars umsvifamikils fyrirtækis væri að ræða," segir Arnar.

Ásthildur Margrét Otharsdóttir, sem var stjórnarformaður Marels frá árinu 2013, var ekki í föstu starfi á þeim tíma sem hún sinnti stjórnarformennsku fyrir Marel og Árni Oddur Þórðarson, sem var stjórnarformaður á undan henni, var samhliða forstjóri Eyris Invest, en langstærsta eign fjárfestingafélagsins á þeim tíma var Marel og er enn.

Hvað er mikil vinna að vera stjórnarformaður Marels?

„Það er mikil vinna. Stjórnin öll vinnur mikilvægt starf og formaðurinn leiðir þá vinnu."

Stjórnarhættir tekið framförum

Hvað hefur breyst frá því þú settist í stjórn fyrir tveimur áratugum?

„Stjórnarhættir hafa tekið stórstígum framförum frá því að ég steig mín fyrstu skref á þessum vettvangi. Vinnan er orðin meiri og faglegri. Nú eru gerðar auknar kröfur um gagnsæi og minnihlutavernd svo dæmi sé tekið. Fyrir 20 árum var til að mynda ekki endurskoðunarnefnd og fleira af þeim toga. Kaupþingsbankahöllin var enn að slíta barnsskónum þegar ég settist í stjórnina, hún var einungis níu ára gömul. Það er eðlilegt að mikil þróun hafi átt sér stað frá þeim tíma. Nú gera stjórnarmenn sér betur grein fyrir ábyrgð sinni. Fjármálaáföll virðast einnig hafa skerpt á hlutverki stjórna. Kannski má segja að á undanförnum árum hafi stjórnarmennska orðið faglegri og ekki óalgengt að stjórnarfólk sæki námskeið sem eru sniðin að þörfum þess. Sjálfur hef ég sótt námskeið fyrir stjórnarfólk bæði hjá IMD í Sviss og hjá Harward Business School í Boston."

Síminn fékk kjölfestufjárfesti

Af hverju bauðstu þig fram í stjórn Símans?

„Það er margt áhugavert að eiga sér stað í rekstri Símans, eins og til dæmis að nú er verið að skoða hvernig best sé að halda utan um fjarskiptainnviði félagsins. Að sama skapi blása nú ferskir vindar um félagið eftir að Stoðir komu inn sem kjölfestufjárfestir. Ég hef mikla trú á því að með kjölfestufjárfestum fái stjórnendur fyrirtækja aukinn kraft og leiðsögn til að ráðast í verðug verkefni."

Var kjölfestufjárfestirinn Eyrir Invest kominn í hluthafahóp Marels þegar þú settist í stjórnina 2001?

„Nei, Eyrir Invest varð kjölfestufjárfestir í Marel árið 2005. Fyrir þann tíma var ekki sambærilegur kjölfestufjárfestir í fyrirtækinu. Með innkomu Eyris var skerpt á áherslum og fyrirtækið setti sér metnaðarfullt vaxtarmarkmið á árinu 2006 um að velta milljarði evra árið 2016. Stjórnendateymið fékk skýrt umboð til þess að fara í þessa vegferð. Markmiðið náðist og nú er stefnt að því að félagið velti 3 milljörðum evra árið 2026. Framtíðarsýn Marels er skýr og hefur í raun verið sú sama frá upphafi. Að umbylta matvælavinnslu á heimsvísu með sjálfbærni og aukna hagkvæmni að leiðarljósi."

Fordómar á milli hópa

Það vekur athygli að þú varst embættismaður en stóðst ekki í rekstri fyrirtækja þegar þú steigst inn í stjórn Marels?

„Það er fróðlegt að hafa fengið innsýn inn í þessa tvo heima. Það ber örlítið á fordómum milli hópanna. Einkageirinn ber oft ekki nægilega virðingu fyrir opinberum starfsmönnum sem eru að sýsla með skattfé og tala um sóun, en þeir sem starfa hjá hinu opinbera eru oft tortryggnir gagnvart einkaframtakinu. Þeir gefa sér að einkafyrirtæki séu sífellt að reyna að fara á svig við lög og reglur. Ég naut einnig góðs af því að hafa unnið fyrir Marel í störfum mínum við að hagræða í rekstri hins opinbera. Þetta var skemmtileg blanda. Almennt ætti að vera meira samtal á milli þessara tveggja geira. Eitt af því sem við gerðum þegar ég var í forsætisráðuneytinu var að koma á fót Samráðsvettvangi um aukna hagsæld þar sem slíkt samtal fór fram á breiðum grunni."

Fjölskyldan hefur átt hlutabréfin allar götur frá árinu 1992 og einungis selt hluta bréfanna. Systkinin, börn Sigurðar, hafa haft mikla trú á Marel en segja má að þau hafi ekki lifað í vellystingum jafnvel þótt þau eigi þessa verðmætu eign í dag, enda er hún bundin í hlutabréfum og hlutabréfaverðið hefur farið upp og niður á þeim tíma sem þau hafa verið hluthafar.

Ég hef mikla trú á því að með kjölfestufjárfestum fái stjórnendur fyrirtækja aukinn kraft og leiðsögn til að ráðast í verðug verkefni.

ER FERMING FRAMUNDAN?

Í veisluþjónustu okkar finnur þú frábært úrval gómsætra veitinga.

Við bjóðum samsett veislutilboð, sælkera- og lúxusveislur fyrir sérstök tilefni og þú getur líka valið þína uppáhaldsrétti og hannað þína eigin veislu.

Og um nóg er að velja:

- Tapas á snittu
- Tapas á vöfflu
- Tapas á spjóti
- Smáborgarar
- Tapas í boxi
- Eftirréttir

Skoðaðu úrval og verð á **tapas.is**
Pantanir og nánari upplýsingar
í síma 551-2344 og á
tapas@tapas.is

Hlökkum til að halda veislu með þér

Tapas barinn
tapas.is

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR.

VR hagnast um 835 milljónir

Hagnaður stéttarfélagsins VR dróst saman um 91 milljón króna á milli ára, eða 10 prósent, og var 835 milljónir króna á árinu 2020. Eigið fé jókst í 14,5 milljarða króna við árslok. Þetta kemur fram í ársreikningi.

Athygli vekur að á síðasta ári lækkuðu greiðslur sjúkradagpeninga um átta prósent samanborið við árið 2019. Á undanförnum árum hefur hækkun á greiðslum sjúkradagpeninga aukist verulega. Á aðalfundi VR á árinu 2019 var reglum breytt til að bregðast við aukningu útgjalda sem tókst með fyrrnefndum hætti.

Tekjur VR drógust saman um fimm prósent á milli ára, eða 248 milljónir króna, og námu 4,3 milljörðum króna á árinu 2020. Þar af dróst leiga á sumarbústöðum saman um 125 milljónir króna. Atvinnuleysi meðal félagsmanna VR var 9,1 prósent í árslok 2020. Greidd félagsgjöld til félagsins stóðu í stað, námu 1,5 milljörðum króna, þrátt fyrir fækkun félagsmanna um

2,3%

nam fækkun félagsmanna VR á síðasta ári en tekjur stéttarfélagsins drógust saman um 248 milljónir og voru samtals 4,3 milljarðar króna.

2,3 prósent. Greiðslur í sjúkrasjóð og orlofssjóð lækkuðu um fimm prósent milli ára þar sem atvinnuleysi félagsmanna rúmlega tvöfaldaðist á árinu, en atvinnulausir greiða ekki í sjúkra- og orlofssjóð.

Fjármagnstekjur drógust saman um 225 milljónir króna, eða 16 prósent, og námu 1,2 milljörðum króna á árinu 2020. Raunávöxtun verðbréfaeignar var 5,7 prósent á árinu 2020 samanborið við níu prósent á árinu 2019. Verðbréfaeign VR nam 12,5 milljörðum króna við árslok 2020 samanborið við 11,9 milljarða árið áður. VR átti um 7,2 milljarða í ríkisskuldabréfum við árslok, 2,4 milljarða í erlendum hlutabréfum og 792 milljónir í innlendum hlutabréfum. **– hvj**

Stefnir hleypir 16 milljarða framtakssjóði af stokkunum

SÍA IV er stærsti framtakssjóður landsins til þessa. Stofnanafjárfestar eru að leita að ávöxtun í lágvaxtaumhverfi og var þriggja milljarða umframeftirspurn eftir þátttöku í sjóðnum. Framtakssjóðir Stefnis hafa fjárfest fyrir um 50 milljarða frá árinu 2011 og komið að skráningu fyrirtækja á hlutabréfamarkað.

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is

Arnar segir að fjárfest verði fyrir tvo til fjóra milljarða að jafnaði í fimm til sex fyrirtækjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Stefnir, sjóðastýringarfélag í eigu Arion banka, hefur safnað í 16 milljarða framtakssjóð, SÍA IV. Áskriftarloforð urðu 20 milljarðar og því var umtalsverð umframeftirspurn. Fjárfest verður í fimm til sex óskráðum fyrirtækjum fyrir um tvo til fjóra milljarða að jafnaði. Leitast verður eftir að fjárfesta í fyrirtækjum í ólíkri starfsemi en sem hvert um sig eru leiðandi á sínu sviði. Þetta segir Arnar Ragnarsson, forstöðumaður sérhæfðra fjárfestinga hjá Stefni, í samtali við Markaðinn.

„Þetta er stærsti framtakssjóðurinn fram til þessa þar sem áskriftarloforðum er safnað og því næst hefst vinna við að finna fjárfestingartækifæri," segir hann. Fram að því var SÍA III stærsti sjóður Stefnis, en í hans tilviki var safnað 12,8 milljörðum króna, hann var því um þremur milljörðum króna minni en SÍA IV.

Hverjir leggja sjóðnum til fé?

„Það eru fyrst og fremst lífeyrissjóðir og aðrir stofnanafjárfestar, tryggingafélög og verðbréfasjóðir. Framtakssjóðir henta vel þeim sem eru með stór og dreifð eignasöfn og fjárfesta til langs tíma enda er verið að binda fjármuni í sjóðnum í um tíu ár. Það eru gefin fjögur ár til þess að finna fjárfestingartækifæri og um fimm ár til að vinna úr hverri fjárfestingu."

Af hverju heldurðu að það hafi verið umframeftirspurn hjá SÍA IV?

„Stofnanafjárfestar eru að leita eftir fjölbreyttari fjárfestingarkostum í lágvaxtaumhverfi. Fyrirtæki skráð í Kauphöll eru að mörgu leyti einsleit og þeim hefur lítið fjölgað á undanförnum árum. Með því að fjárfesta í framtakssjóðum gefst tækifæri til að fjárfesta með fjölbreyttari hætti í atvinnulífinu," segir hann.

Arnar bendir á að flestar skráningar á hlutabréfamarkað frá hruni séu runnar undan rifjum framtakssjóða. Stundum með skráningu beint á markað, eins og í tilviki Haga, en í öðrum tilvikum sé breidd skráðra fyrirtækja aukin með kaupum á fyrirtækjum eins og þegar N1 keypti Festi.

Af hverju brugðuð þið ekki á það ráð að stækka sjóðinn í ljósi umframeftirspurnar?

Þetta er góður tími til að fjárfesta. Almennt skapast mikil fjárfestingatækifæri í og rétt eftir kreppu.

„Við lögðum upp með að sjóðurinn yrði um 15 milljarðar að stærð og vildum halda okkur við það. Við mátum út frá þeim auðlindum sem við höfum úr að spila að sjóður sem fjárfestir í fimm til sex fyrirtækjum henti okkur vel. Það er mikil vinna að fylgja hverri fjárfestingu eftir og miðað við þau tækifæri sem við höfum verið að sjá teljum við að þetta sé hentug stærð," segir Arnar.

Hann segir að SÍA vilji hafa áhrif á framgang fyrirtækjanna með stjórnarsetu og því sé horft til þess að eignarhlutur í félögum sé nægilega stór til að tryggja slík áhrif. Horft sé til þess að vinna með einkafjárfestum eða stjórnendum sem hafi sérþekkingu á viðkomandi rekstri þegar það á við og draga þannig að borðinu aukna þekkingu. Jafnframt bjóði SÍA sjóðsfélögum að taka þátt í einstaka verkefnum þegar um stærri fjárfestingar sé að ræða.

Hvernig er landslagið að fjárfesta þegar hagkerfið er að fara taka við sér eftir erfiðan COVID-vetur?

„Þetta er góður tími til að fjárfesta. Almennt skapast mikil fjárfestingatækifæri í og rétt eftir kreppu. Það hefur verið mikil óvissa í efnahagslífinu frá árinu 2019. Flugfélagið WOW air féll, óvissa var um hvernig mörg fyrirtæki myndu fóta sig í kjölfar launahækkana sem samið var um í kjarasamningum og loks erfiðleikar tengdir COVID-19.

Mörg fyrirtæki hafa beðið með að sækja fram þar til stjórnendur þeirra töldu sig geta gert það með meiri vissu. Af þeim sökum hefur lítið verið um kaup á óskráðum fyrirtækjum að undanförnu. Við finnum að nú er að koma aftur hreyfing á málin. Það eru ýmis tækifæri: sum fyrirtæki þurfa að sækja aukið hlutafé til að styrkja efnahaginn, önnur vilja sameinast og svo eru ýmsir stjórnendur að leita tækifæra til þess að auka framleiðni í rekstri í ljósi launa- og annarra verðhækkana. Því til viðbótar hefur verið fjárfest umtalsvert í sprotafyrirtækjum og einhver þeirra þurfa frekara fjármagn til að fjármagna vöxt."

Hvernig horfir verðlagning fyrirtækja við nú þegar vextir eru í sögulegu lágmarki. Þeir munu ef til vill vera orðnir hærri eftir tvö ár. Leiðir það af sér að fyrirtæki verði keypt á of háu verði?

„Á sama tíma og vextir hafa lækkað hefur verið samdráttur víða og ýmiss kostnaður hækkað. Af því leiðir að rekstrarspár eru almennt lægri, sem hefur áhrif á virði fyrirtækja. Horfur í rekstri munu að öllum líkindum hafa batnað þegar vextir taka að hækka að nýju. Við teljum okkur því geta fjárfest í fyrirtækjum á skynsömu verði."

Hvernig hafa hinir framtakssjóðirnir ykkar gengið?

„Þeir hafa gengið vel. Fyrstu tveir sjóðirnir hafa skilað fjárfestum mjög góðri ávöxtun og greitt út umtalsvert meiri fjármuni en þeir tóku á móti. Hér þarf líka að horfa til þess að stór hluti útgreiðslna úr þessum sjóðum var í formi skráðra hlutabréfa sem hafa hækkað verulega í virði. Hvað SÍA III varðar, þá lauk sá sjóður nýverið sínu fjárfestingartímabili svo útgreiðslur eru enn sem komið er takmarkaðar. Við teljum eignasafn sjóðsins hins vegar sterkt og gerum ráð fyrir að umtalsvert virði muni raungerast á næstu árum samhliða sölu eigna."

Arnar segir að framtakssjóðir Stefnis hafi fjárfest fyrir um 50 milljarða frá árinu 2011.

Komast hjá fimmtán milljarða króna skuldaaukningu

Stytting vinnuvikunnar hjá opinberum starfsmönnum mun ekki valda hækkunum á skuldbindingum lífeyrissjóðsdeilda sem eru með bakábyrgð hins opinbera. Skuldbindingarnar, sem ætla má að hafi hækkað um tæplega 150 milljarða króna frá árslokum 2019 vegna vísitölu lífeyrisskuldbindinga, hækka því ekki um 15 milljarða til viðbótar.

Í kjarasamningum á opinberum markaði var kveðið á um styttingu vinnuvikunnar um 13 mínútur á dag frá 1. janúar 2021. Stytting vinnuvikunnar var tekin með í útreikningum á vísitölu lífeyrisskuldbindinga fyrir opinbera starfsmenn sem er raunvísitala fastra launa opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu. Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbindingar með bakábyrgð ríkissjóðs eða sveitarfélaga námu ríflega 1.100 milljörðum króna í árslok 2019.

í lokuðum deildum með bakábyrgð hins opinbera hækka og lækka í takti við vísitöluna.

Eftir ábendingar frá þeim lífeyrissjóðum sem málið varðar leitaði Hagstofa Íslands lögfræðiálits frá Landslögum. Álitaefnið var hvort kjarasamningsbundin stytting vinnutíma teldist breyting á föstum laun opinberra starfsmanna. Réð lögmannsstofan gegn því að að taka með í reikninginn launabreytingar sem ekki bera iðgjöld.

„Segja má að samræmi milli iðgjalda, réttinda og verðtryggingar væri raskað ef Hagstofan tæki að meta inn í vísitöluna réttindi sem ekki væru greidd iðgjöld af," segir í áliti Landslaga. Í kjölfarið ákvað Hagstofan að endurskoða gildi vísitölu lífeyrisskuldbindinga í janúar 2021

Lífeyrisskuldbindingar með bakábyrgð ríkissjóðs eða sveitarfélaga námu ríflega 1.100 milljörðum króna í árslok 2019. Megnið má rekja til B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, LSR, alls 951 milljarð króna. Síðan þá hefur vísitala lífeyrisskuldbindinga fyrir opinbera starfsmenn hækkað um 13,5 prósent sem skilar sér í hækkun á lífeyrisskuldbindingum upp á tæplega 150 milljarða króna.

Ef stytting vinnuvikunnar hefði verið tekin með í reikninginn í janúar hefði hækkunin frá árslokum 2019 numið um 15 prósentum sem samsvara um 165 milljörðum. Styttri vinnuvika hefði þannig valdið 15 milljarða króna hækkun á skuldbindingum lífeyrissjóðsdeildanna til viðbótar við þá 150 milljarða aukningu sem fyrir var.

Sem fyrr segir námu skuldbindingar B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins um 951 milljarði króna í árslok 2019. Þau réttindi sem sjóðfélagar ávinna sér eru mun meiri en hægt er að standa undir með iðgjaldi.Í ársskýrslu LSR fyrir árið 2019 kom fram að B-deildin ætti eignir til að mæta 26,5 prósentum af skuldbindingunum. Ríkissjóður hefur byggt upp eignir B-deildar með sérstökum greiðslum en aðrar eignir voru uppurnar í nóvember 2015.

Ef ekki er gert ráð fyrir frekari aukagreiðslum eftir árslok 2019 þarf ríkissjóður frá og með 2029 að öllu óbreyttu að standa að fullu undir greiðslu lífeyris úr B-deild.

Samkvæmt sjóðsstreymisgreiningu í ársskýrslunni yrðu greiðslur ríkissjóðs vegna bakábyrgðar að meðaltali 20 milljarðar króna á ári næstu fimm árin eftir að B-deild tæmist, miðað við verðlag í árslok 2019, en færu svo lækkandi. Á sama tíma munu greiðslur til B-deildar vegna hlutdeildar launagreiðenda í lífeyrisgreiðslum nema 25 milljörðum króna á ári að meðaltali en stærstur hluti þeirrar fjárhæðar kemur úr ríkissjóði. **– þfh**

Hlutfall ríkisútgjalda af vergri landsframleiðslu jókst hratt á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Segir útgjaldastefnu hafa borið árangur

Fjármálaráðherra segir að ríkisfjármálastefnan eftir kórónakreppuna hafi borið árangur þar sem hagkerfinu reiddi betur af en allar spár höfðu gert ráð fyrir. Þetta sýni að mistök hafi verið að fá AGS að borðinu eftir fjármálahrun.

Þórður Gunnarsson
thg@frettabladid.is

Ríkisútgjaldastefna stjórnvalda í kjölfar heimsfaraldursins var afgerandi önnur nú en hún var fyrir 12 árum þegar fjármálakerfið hrundi. Minni samdráttur hagkerfisins en vænst var á síðasta ári er sönnun þess að viðbrögð ríkisstjórnarinnar nú hafi verið rétt stefna. Þetta er mat Bjarna Benediktssonar, fjármála- og efnahagsráðherra. Bjarni kynnti árlega fjármálaáætlun stjórnvalda fyrir árin 2022 til 2026 í byrjun vikunnar.

Bjarni benti á að ríkisútgjöld sem hlutfall af vergri landsframleiðslu hefðu haldist svo að segja stöðug fyrstu árin eftir hrun, en það var einkum vegna mikils niðurskurðar í útgjöldum ríkisins. Eftir að fjármálakerfið hrundi árið 2008 mættu fulltrúar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hingað til lands og lögðu fram ákveðna stefnu um ríkisútgjöld á meðan hagkerfið næði vopnum sínum. Það fól í sér mikinn niðurskurð á útgjöldum, þvert á alla málaflokka.

Mistök að leita til AGS

Bjarni segir að eftir á að hyggja hafi það verið mistök að fá Alþjóðagjaldeyrissjóðinn að borðinu til að aðstoða við endurreisn efnahagslífsins eftir gjaldþrot fjármálakerfisins: „Ég held að það hafi verið mistök og tel að alþjóðlega sé fólk sammála um það að of harkalegar aðlögunaraðgerðir í ríkisfjármálum kosti of mikið í landsframleiðslustigi. Hér í fjármálaráðuneytinu er stofnanaminni frá þessum tíma og því erum við að fara í aðra átt núna en eftir fjármálahrunið," segir Bjarni.

Máli sínu til stuðnings benti Bjarni á að áætlað sé að verg landsframleiðsla hefði orðið 100 milljörðum króna minni á síðasta ári en ella, ef ekki hefði komið til sú stefna

> **Ég held að það hafi verið mistök og tel að alþjóðlega sé fólk sammála um það að of harkalegar aðlögunaraðgerðir í ríkisfjármálum kosti of mikið í landsframleiðslu.**
>
> Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra

ríkissjóðs að reka sig í miklum halla á síðasta ári og halda útgjaldastigi í meginatriðum óbreyttu. Í kjölfar birtingar Hagstofunnar á hagvexti síðasta árs undir lok febrúar kom á daginn að fjárfesting hins opinbera hefði nánast staðið í stað á síðasta ári. „Afkomubati ríkissjóðs eftir fjármálahrunið byggðist á því að algjörlega var skrúfað fyrir fjárfestingar og framkvæmdir á vegum hins opinbera," segir Bjarni og bætir við: „Við erum að fara í öfuga átt núna og höfum tryggt áframhaldandi fjárheimildir til fjárfestinga á vegum hins opinbera."

Ráðherrann segir einnig að margt af því sem túlka megi sem fjárfestingu komi ekki fram með þeim hætti í tölfræði Hagstofunnar: „Við erum að setja fjármuni inn í samkeppnissjóði og búa til ívilnanir vegna rannsókna og þróunar. Þetta eru hvatar til fyrirtækja til að stunda rannsóknir og þróun hér frekar en erlendis."

Hann nefnir líka að erfitt sé að keyra upp framkvæmdastig hins opinbera á skömmum tíma: „Það þarf ákveðinn undirbúningstíma. Þó að það sé mikið atvinnuleysi þá þarf meira en það til að hefja framkvæmdir á vegum hins opinbera. Þeir sem hafa til dæmis misst starf í ferðaþjónustu geta ekki endilega hoppað upp í jarðýtu og hafið störf við vegagerð."

Eignasala forsenda

Afkoma ríkissjóðs er samkvæmt nýju fjármálaáætluninni talin verða um 134 milljörðum króna betri fyrir árin 2021 til 2025 en gert var ráð fyrir í síðustu áætlun. Í erindi sínu benti Bjarni á að sú tala væri nokkurn veginn á pari við áætlað söluandvirði Íslandsbanka. Að sögn Bjarna breytir batnandi afkomuspá ríkissjóðs þó engu um áætlaða eignasölu ríkissjóðs. „Þvert á móti, sá undirbúningur gengur vel og ennþá er áætlað að ljúka sölu á allt að 35 prósenta hlut í Íslandsbanka í lok maí eða byrjun júní. Salan á þessum hlut í Íslandsbanka er mikilvægur liður í skuldastýringu ríkissjóðs og fjármálaáætlunin byggir meðal annars á því að við munum ljúka henni. Spá um skuldahlutföll ríkissjóðs miðast við það. Við erum ekki með sölu á öllum hlut ríkisins í Íslandsbanka inni í þessari áætlun og heldur ekki Landsbankann að neinu leyti."

Skuldir halda áfram að aukast

Í fjármálaáætluninni er gert ráð fyrir því að skuldir ríkissjóðs muni halda áfram að aukast næstu fimm árin, þó að hægja taki á aukningunni á síðari hluta tímabilsins. Heildarskuldir ríkissjóðs eru áætlaðar 1.519 milljarðar króna við lok þessa árs, eða um 48,5 prósent af vergri landsframleiðslu. Skuldir ríkissjóðs munu aukast um 776 milljarða á tímabili fjármálaáætlunarinnar og nema 2.285 milljörðum króna við árslok, að því er kemur fram í þjóðhagsspá Hagstofunnar.

„Sú snarpa aukning skulda sem fyrirsjáanleg er á næstu árum er áskorun, ekki síst að mæta henni á ásættanlegum kjörum fyrir ríkissjóð. Þessi áskorun er þó viðráðanlegri en ella vegna hóflegrar skuldastöðu hins opinbera við upphaf faraldursins, góðs lánshæfis, sterkrar vaxtargetu hagkerfisins og aukins trúverðugleika hagstjórnarinnar undanfarinn áratug," segir jafnframt í umfjöllun Hagstofunnar. Skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af vergri landsframleiðslu eru engu að síður áætlaðar vel undir 50 prósentum allt til ársins 2026, sem er um það bil helmingi lægra en gengur og gerist meðal annarra Evrópuríkja að meðaltali.

Jón Helgi Guðmundsson í Byko er aðaleigandi Norvíkur FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Virði hlutar Norvikur hækkað um tíu milljarða

Verðmæti hlutafjáreignar fjárfestingafélagsins Norvikur í sænska timburframleiðandanum Bergs Timber hefur hækkað um 10 milljarða króna á síðustu 12 mánuðum. Norvik heldur á um tveimur þriðju hlutafjár í Bergs Timber, sem er skráð í sænsku kauphöllina. Verðmæti eignarhlutar Norvikur hefur hækkað úr tæpum 5,7 milljörðum króna í rúmlega 15,7 milljarða. Gengi Bergs Timber hefur hækkað úr 1,8 sænskum krónum á hlut í 4,9, eða um 172 prósent.

Rekja má hækkun á gengi Bergs Timber til hraðra hækkana á heimsmarkaðsverði timburs, en það hefur nærri fjórfaldast á síðastliðnum 12 mánuðum. Líkt og á flestum hrávörum hrundi timburverð í apríl á síðasta ári, en síðan þá hefur ekkert lát verið á hækkunum og hefur verðið aldrei verið hærra en nú.

Timburframleiðsla stöðvaðist í stórum stíl á síðasta ári og ekki hefur tekist að vinna upp framboðsskortinn sem hefur myndast. Mikill kippur í húsbyggingum og viðhaldi fasteigna í Bandaríkjunum er sagður veigamikil ástæða fyrir þróuninni.

Norvik eignaðist tvo þriðju hlutafjár í Bergs Timber í ársbyrjun 2018, en fram að því hafði félagið átt tæplega 30 prósenta hlut í félaginu. Við sölu erlendra dótturfélaga Norvikur í Bretlandi, Eistlandi og Lettlandi til Bergs Timber eignaðist Norvik núverandi hlut í sænska framleiðandanum.

Kaupverð Bergs Timber á dótturfélögum Norvikur árið 2018 nam um 10 milljörðum króna. Þar af voru um 3,5 milljarðar greiddir út og stærstur hluti þess sem út af stóð greiddur með hlutabréfum í Bergs Timber á genginu 2,71 sænsk króna á hlut. Í dag er gengi félagsins, eins og áður sagði, 4,9 sænskar krónur.

Eigendur Norvikur eru Jón Helgi Guðmundsson, kenndur við Byko, og fjölskylda hans. – thg

Kaup, sala og samruni fyrirtækja.

- Verðmat
- Ráðgjöf og undirbúningur fyrir sölumeðferð
- Milliganga um fjármögnun
- Samningagerð

KONTAKT
FYRIRTÆKJARÁÐGJÖF

kontakt@kontakt.is | 414 1200 | www.kontakt.is

Skotsilfur

Uppskriftin

Ragnar Þór Ingólfsson er fullyrðingaglaðari en flestir leyfa sér. Eftir að Festi keypti Íslenska orkumiðlun sagðist Ragnar ætla að senda frá sér uppskriftina að því hvernig „sjallarnir græða 850 milljónir og grilla á kvöldin“ með því að selja almenningshlutafélagi þriggja ára fyrirtæki „sem framleiðir ekki neitt“, á þrítugfaldri EBITDA. Á aðalfundi Festar á mánudaginn kom hins vegar í ljós að kaupin miðuðu við EBITDA upp á 60 milljónir árið 2020 sem síðan endaði í 105 milljónum. Stjórnarformaður Festar sagði að horfur væru á því að afkomutalan færi upp í 150 milljónir króna á þessu ári.

Niðurstaðan er sem sagt sú að kaupandinn getur verið hæstánægður með kaupverðið. Það er frekar seljandinn sem nagar sig í handarbökin ef eitthvað er. Enn er beðið eftir uppskriftinni sem Ragnar lofaði.

Vegferð SKE

Það sætir tíðindum þegar stjórnendur fyrirtækja leyfa sér að gagnrýna störf Samkeppniseftirlitsins, sem **Páll Gunnar Pálsson** stýrir, eins og stjórnarmaður Festar gerði á aðalfundi smásölufélagsins í byrjun vikunnar. Flestir veigra sér við að gagnrýna eftirlitsstofnunina enda eru völd hennar í viðskiptalífinu mikil. Ekki er fótur fyrir allri gagnrýni, oft litast hún af hagsmunum, en í tilfelli Festar er ekki nema von að margir séu hugsi yfir framferði stofnunarinnar sem þráast við og vísar allri ábyrgð á stjórnendur fyrirtækjanna.

Hér er bæði vísað til kostnaðarins sem hefur fallið á Festi vegna framfylgdar á sáttinni við Samkeppniseftirlitið og handstýringar eftirlitsins á verslunarrekstri á Hellu. Á einhverjum tímapunkti hlýtur pólitíkin að láta sig varða þessa stöðu sem er komin upp í samskiptum atvinnulífsins og mikilvægrar eftirlitsstofnunar eins og Samkeppniseftirlitið vissulega er.

Frá Sýn til Skeljungs

Jóhanna Margrét Gísladóttir, sem starfaði um margra ára skeið hjá fjölmiðlafyrirtækjunum Sýn og 365 miðlum, hefur tekið til starfa sem verkefnastjóri hjá Skeljungi. Jóhanna, sem er menntaður rekstrarverkfræðingur frá Duke-háskólanum í Bandaríkjunum og Háskólanum í Reykjavík, var síðast dagskrárstjóri Stöðvar 2 en lét þar af störfum undir lok síðasta árs og þá var hún meðal annars framkvæmdastjóri sjónvarpssviðs á sínum tíma hjá 365.

Tekjur tónlistargeirans ekki hærri frá 2002

Tekjur alþjóðlega tónlistargeirans hafa ekki verið hærri frá árinu 2002 en þær jukust um rúmlega sjö prósent í fyrra. Þetta er sjötta árið í röð þar sem tekjur vaxa á milli ára en þær námu 21,6 milljörðum dala í fyrra. Vöxtinn má rekja til streymisþjónusta og vaxtar í Suður-Ameríku og Afríku. Mikið er rætt um að tónlistarmenn fái ekki nógu stóran bita af kökunni, plötuútgáfur og streymisþjónustur séu of frekar á fóðrum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Mikill kraftur í hlutabréfum

Gísli Halldórsson hlutabréfasjóðsstjóri hjá Íslandssjóðum

Fyrir ári var svartsýnin ríkjandi og væntingar dræmar. Rætt var um svikalogn síðasta sumar og að fram undan væri erfitt haust.

Á r er liðið frá því að hlutabréfamarkaðir heims náðu botni. Á mánaðartímabili eftir að veiran fór að láta á sér kræla tóku hlutabréfamarkaðir heimsins eina skörpustu dýfu sögunnar. Í kjölfarið tók við kröftugur viðsnúningur sem var meiri en bjartsýnustu menn þorðu að vona. Í dag eru langflestar hlutabréfavísitölur heimsins hærri en fyrir tíma COVID-19. Þrátt fyrir sterkan viðsnúning hefur hann þó verið ólíkur eftir landsvæðum og atvinnugreinum félaga.

Hér til hliðar má sjá mynd sem sýnir þróun Úrvalsvísitölunnar (OMXI10) í samanburði við alþjóðlegar vísitölur brotið niður á fjögur afmörkuð ávöxtunartímabil. Fyrsta tímabilið er ávöxtun frá botni yfir 12 mánaða tímabil, það næsta ávöxtun frá því að veiran fór að hrella markaði. Þriðja sýnir svo fyrsta mánuðinn á markaði eftir að ljóst var að heimsfaraldur var að hefjast og að lokum ávöxtun frá 6. október en það er í kringum það leyti sem útlit var fyrir að bóluefni væru raunhæf og nær okkur í tímalínu en útlit hafði verið fyrir. Eftir sigurför undanfarinna ára hefur NASDAQ vísitalan sem bandarísku tæknifyrirtækin eru áberandi í áfram verið hlutfallslega sterk en Evrópa áfram verið nokkuð lakari.

Ísland hefur aftur á móti staðið nokkuð vel að vígi. Þrátt fyrir að hér verði vissulega að horfa til þess að eitt félag (Marel) sé með yfir 50% vægi af vísitölunni þá hefur innlendum hlutabréfasjóðum gengið með ágætum á móti vísitölunni á þessu tímabili enda Marel ekki verið leiðandi í hækkunum líkt og mörg undanfarin ár.

Þrátt fyrir að við höfum vissulega fengið rýran hlut líkt og íbúar Evrópusambandsins til þessa í bóluefnaúthlutun, hefur margt gengið vel hér. Þökk sé árangri í sóttvörnum hefur verið rými fyrir innlenda eftirspurn að bæta upp slakann eftir erlenda ferðamenn að hluta. Lækkandi vextir hafa verið hluti af viðbrögðum seðlabanka og ríkisstjórna víða um heim til að bregðast við samdrætti, en sú þróun hefur verið drifkraftur hærra hlutabréfaverðs árum saman víða erlendis. Við erum í fyrsta skipti að sjá sömu áhrif hér á Íslandi. Þrátt fyrir að þau séu eflaust minni hér en margir óska sér hefur það skilað sér í talsvert betri vaxtakjörum til margra fyrirtækja og ýtt undir meiri áhættutöku sparifjáreigenda.

Fjárfestar á heimsvísu vanmátu augljóslega hættuna á heimsfaraldri í aðdragandanum en í kjölfarið tók við tímabil óvissu sem er ekki lokið enn. Fyrir ári var svartsýnin ríkjandi og væntingarnar dræmar. Rætt var um svikalogn síðasta sumar og að fram undan væri erfitt haust þar sem krafturinn í kerfinu gæti ekki haldið í við sumarið. Staðreyndin er hins vegar sú að 17 af 19 félögum kauphallarinnar skiluðu hagnaði árið 2020 (Icelandair og Sýn skiluðu tapi), fjármögnunarkjör flestra félaganna bötnuðu og þrátt fyrir að afkoman sé lituð af COVID-19 áhrifum var áfallið mun minna en óttast var.

Hér að ofan er mynd sem sýnir þróun innlendu félaganna eftir atvinnugreinum. Myndin sýnir einfalt meðaltal verðbreytinga hjá félögum í hverri atvinnugrein, það er, ekki er tillit tekið til stærðar félaganna. Þrjár atvinnugreinar bera af, fjármálafyrirtæki, iðnaður og tækni og fjarskipti. Fasteignafélögin og smásölufélögin hafa hins vegar ekki gefið jafn vel þó hin síðarnefndu hafi ásamt sjávarútvegsfélögum orðið fyrir minna höggi í niðursveiflunni .

Þrátt fyrir að hugsanlegt endamark í baráttunni við veiruna sé í sjónmáli er óvissan fjarri liðin. Enn geta komið upp bakslög og tímalínan er óljós. Það sem skiptir svo ekki síður máli er að heimurinn og rekstur viðkomandi félaga eftir COVID er misfyrirsjáanlegur. Það vill oft gleymast í samanburði á verðmargföldurum á borð við heildarvirði á móti EBITDA og hagnað á móti markaðsvirði, að sjóðsstreymi hlutafélaga er ekki fasti heldur stærðir sem geta ýmist batnað og versnað yfir tíma. Viðbúið er að sveiflur á eignamörkuðum geti orðið nokkrar áfram og mikil tækifæri eru í virkri stýringu eigna.

Verðbreyting atvinnugreina eftir tímabilum



Innlend félög, heimild: Kodiak Excel, Reuters Eikon, eigin útreikningar

Verðbreyting hlutabréfavísitalna eftir tímabilum



Heimild: Kodiak Excel, Reuters Eikon, eigin útreikningar

VERTU VAKANDI Í FYRSTA SKIPTI Á ÆVINNI

Komdu til okkar og prófaðu einstök gæði Hästens rúmanna.
Starfsfólk okkar er tilbúið að aðstoða þig og veita frekari upplýsingar.

Þegar þú vaknar í rúmi frá Hästens munt þú skilja virði þess að ná fullkomnum nætursvefni. Rúmin eru framleidd með einstöku samspili handverks og hráefna þar sem hvergi eru gerðar málamiðlanir í gæðum náttúrulegra efna eða tíma við óþreytandi handverkið.
Þú sérð það ekki en þú munt finna fyrir því. Allan sólarhringinn.
Heimsæktu Hästens í Faxafeni eða pantaðu vörulistann á hastens.com.

BE AWAKE FOR THE FIRST TIME IN YOUR LIFE®

Hästens
since 1852

HÄSTENS VERSLUN
Faxafeni 5, Reykjavík
588 8477

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.–fös. 11–18 | Lau. 11–16
www.betrabak.is

Betra BAK

MARKAÐURINN

FRÉTTABLAÐIÐ.IS frettabladid.is | Instagram fréttablaðsins @frettabladid

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 24. mars 2021

SKOÐUN

Þórður Gunnarsson

Grillað yfir gosi

Talið er að eldgosið í Geldingadölum losi um 3.000 tonn af koltvísýringsígildum á degi hverjum. Á ársgrundvelli er það um bil 1,1 milljón tonna. Miðað við áætlaða losun Íslands á árinu 2020 upp á 5,5 milljónir tonna svarar þetta til um það bil 20 prósenta aukningar á losun Íslands á gróðurhúsalofttegundum á ári.

Þetta er auðvitað skellur og ógnar markmiðum Íslands um kolefnishlutleysi árið 2040.

Ef íslenska ríkið ætlaði sér að kolefnisjafna eldgosið með því að kaupa mengunarkvóta í gegnum ETS-viðskiptakerfi Evrópusambandsins, sem Ísland á aðild að, myndi það kosta um 6,5 milljarða á ári. Það mat byggir að sjálfsögðu á því að hraunrennsli og gaslosun haldist stöðug og líka að verð á ETS-einingum haldist á svipuðum slóðum og það er nú.

Í ljósi þess að eldgosið mun hins vegar mögulega standa áratugum saman og að verð á ETS-einingum er talið munu hækka snarlega til skemmri tíma er hætt við því að þessi upphæð geti hlaupið á hundruðum eða þúsundum milljarða á næstu árum. Það er, ef ákveðið verður að taka inn losun sem er ekki af mannavöldum inn í dæmið.

Þó að eflaust séu einhverjir að vinna að sönnunarfærslu á því að þetta eldgos sé einhverjum öðru að kenna en staðsetningu Íslands á flekaskilum jarðskorpunnar. Til dæmis einkavæðingu bankanna fyrir tæpum 20 árum, kvótasetningu makrílsins eða samþykkt þriðja orkupakkans.

Fyrir hina skattaglöðu er þetta hins vegar hugsanlegt tækifæri. Væri ekki réttlætanlegt að greiða kolefnisgjald fyrir það eitt að taka gönguna inn eftir í Geldingadali og virða fyrir sér dýrðina, sem er þó á sama tíma stærsti, einstaki mengunarvaldur landsins?

En það er um að gera að gera gott úr þessu. Í nýlegri ársskýrslu Sláturfélags Suðurlands kemur fram að kindakjötsbirgðir á bókum jukust töluvert á síðasta ári, ekki síst vegna minni sölu í kjölfar hruns ferðamannabransans. Nú er lag fyrir Sláturfélagið og aðra kjötframleiðendur að búa til stærstu pylsu í heimi og grilla hana yfir gosinu í Geldingadölum með aðstoð þyrluflota Landhelgisgæslunnar.

Það væri alvöru túristagos og myndi slá margar flugur í einu höggi.

Sterkari saman í sátt við umhverfið

LITRÓF
GuðjónÓ
Prenttækni
Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík
litrof@litrof.is · 563 6000

Afkoma ÍO rýkur upp eftir yfirtökuna

Smásölufélagið Festi gerir ráð fyrir að EBITDA Íslenskrar orkumiðlunar – rekstrarhagnaður fyrir skatta, fjármagnsliði og afskriftir – verði um 150 milljónir króna á þessu ári.

Þetta kom fram í máli Þórðar Más Jóhannessonar, stjórnarformanns Festar, á aðalfundi félagsins í byrjun vikunnar.

Í kynningu Þórðar Más kom fram að fjárfesting Festar í Íslenskri orkumiðlun hefði gert ráð fyrir að EBITDA orkumiðlunarinnar á síðasta ári yrði 60 milljónir króna en niðurstaðan var 104 milljónir.

Þórður Már Jóhannesson, stjórnarformaður Festar.

Íslensk orkumiðlun var stofnuð 2017 af Magnúsi Júlíussyni og Bjarna Ármannssyni. Síðar komu fjárfestar á borð við Festi, Kaupfélag Skagfirðinga og Ísfélag Vestmannaeyja inn í félagið.

Festi keypti allt hlutafé orkumiðlunarinnar í mars 2020 og nam kaupverð hlutafjár alls 850 milljónum króna. Festi átti fyrir fimmtán prósenta hlut og því var fjárfesting smásölufélagsins að fjárhæð 723 milljóna króna. – þfh

22.03.2021

Miðað við það fjármagn sem er til á Íslandi er alveg grátlegt að það sé ekki til meira af stofnanafjárfestum sem eru búnir að leggja hluta af sínu fjármagni í [stærri] vaxtafjárfestingar.

Guðmundur Árnason, fjármálastjóri Controlant

MARKAÐURINN



Markaðurinn

Miðvikudaga kl. 21.00

Vikulegur þáttur um íslenskt viðskiptalíf í umsjón blaðamanna Markaðarins þar sem farið er yfir helstu fréttir ásamt öðru því sem hæst ber hjá í efnahagslífinu hverju sinni. Þættinum stýra Helgi Vífill Júlíusson, Hörður Ægisson og Þórður Gunnarsson.

HRINGBRAUT

Kemur ró á ristilinn

Hrafnhildur hefur starfað sem einkaþjálfari hjá World Class í um 17 ár. Hún þjáðist af ristilvandamálum og bakflæði í áratugi vegna meðgönguógleði, sem orsakaði sjö mánaða uppköst.

Fyrir þremur árum fór Hrafnhildur Hákonardóttir í ristilspeglun vegna óþæginda í ristli og meltingarvandamála. „Ristillinn hafði verið til trafala í 25 ár frá því ég var ólétt. Á meðgöngunni ældi ég daglega í um sjö mánuði. Eins eðlilegur hlutur og ólétta er fyrir kvenlíkamann eru sjö mánuðir af uppköstum ekkert grín fyrir líkamsstarfsemina. Ég hlaut af þessu varanlegar skemmdir á vélinda sem orsaka bakflæði. Einnig hafði þetta slæm áhrif á ristilinn, sem hafði þau áhrif að ég fór að finna fyrir verkjum í baki og líkamanum öllum. Ég hafði lengi tekið inn ýmis magalyf og alltaf þurft að passa hvað ég borðaði af hveiti- og mjólkurvörum, en það tók mig nokkur ár að átta mig á að þessar matartegundir færu illa í mig.

Mér var ráðlagt að taka inn magnesíum til þess að koma jafnvægi á meltinguna og róa ristilinn. Ég prufaði nokkrar tegundir en þær hentuðu mér ekki. Til allrar hamingju var mér bent á magnesíum með fjallagrösum frá ICEHERBS, en fjallagrös eru mjög mýkjandi. Nú hef ég tekið magnesíumblönduna í þrjú ár og aldrei liðið betur. Ég er komin með sléttan maga og meltingin er komin í hið stakasta lag. Með því að taka reglulega inn magnesíum með fjallagrösum get ég jafnvel leyft mér að svindla, því ég veit fátt betra en að geta fengið mér pasta og hvítlauksbrauð á góðum degi. Við bakflæðinu tek ég hóstamixtúru með fjallagrösum frá ICEHERBS. Mixtúran er bragðgóð og mjúk í hálsi og hjálpar mér að sofa eins og engill," segir Hrafnhildur.

Magnesíum með fjallagrösum frá ICEHERBS hefur hjálpað Hrafnhildi Hákonardóttur mikið. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Einstök blanda

Magnesíumskortur er eitt stærsta lýðheilsuvandamál sem við glímum við í nútímanum. Magnesíum er eitt mikilvægasta steinefni í líkamanum og kemur við sögu í yfir 300 efnaskiptum, allt frá slökun vöðva- og taugakerfisins, virkni hjarta- og æðakerfisins og í upptöku steinefna. Magnesíum blandan frá ICEHERBS er einstök á heimsvísu og inniheldur magnesíum citrate og handtínd, íslensk fjallagrös. Fjallagrösin og magnesíumið virkar saman á einstakan hátt. Fjallagrösin mýkja meltinguna og magnesíum eykur upptöku á steinefnum úr fjallagrösunum.

> Nú hef ég tekið magnesíumblönduna í þrjú ár og aldrei liðið betur. Ég er komin með sléttan maga og meltingin er komin í hið stakasta lag.
>
> Hrafnhildur Hákonardóttir

Magnesíum citrate er eitt fárra bætiefna sem er gott að taka inn að staðaldri, en það er mjög erfitt að fá nægt magnesíum úr fæðunni. Þá er mælt með að þeir sem stunda líkamsrækt taki magnesíum reglulega.

Áhrif magnesíums

Magnesíum stuðlar að eðlilegri vöðvastarfsemi og er talið bæta gæði svefns og draga úr fótapirringi og sinadrætti. Þá stuðlar magnesíum að því að draga úr þreytu og lúa.

Magnesíum er einnig notað í meðhöndlun meltingarvandamála. Það eykur vatnsinntöku í meltingarkerfið sem auðveldar líkamanum að melta og losa hægðir. Þá er magnesíum einnig hreinsandi og hefur góð áhrif á ristilinn. Það stuðlar líka að eðlilegri starfsemi taugakerfisins.

Leyndarmál frá náttúrunni

Fjallagrösin hafa öldum saman verið notuð sem náttúruleg heilsujurt á Íslandi. Þau eru rík af steinefnum og stuðla að heilbrigðri þarmaflóru. Þá eru fjallagrös vatnslosandi og minnka bjúg. Fjallagrös innihalda einnig trefjar sem mynda mýkjandi himnu á slímhúð í maga sem bætir og mýkir meltinguna.

Hrein náttúruafurð

Markmið ICEHERBS er að nýta náttúruauðlindir sem tengjast íslenskri hefð og sögu og vinna í hreina neytendavæna vöru fyrir viðskiptavini. „Við hjá ICEHERBS leggjum áherslu á að framleiða hrein og náttúruleg bætiefni sem byggja á sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. Við viljum að vörurnar okkar nýtist viðskiptavinum okkar, að virkni skili sér í réttum blöndum og að eiginleikar efnanna viðhaldi sér að fullu. Þá notum við enn fremur engin óþörf fylliefni."

ICEHERBS fæst í öllum betri matvöruverslunum, apótekum og heilsuvöruverslunum. Sjá nánar á iceherbs.is.

Góð ráð gegn svefnleysi

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is

Það er algengt vandamál að liggja andvaka en langvarandi svefnleysi hefur verið tengt við ýmis heilsufarsvandamál eins og sykursýki, þunglyndi og hjartavandamál. Hér eru nokkur góð ráð til að fá góðan svefn.

Svefnleysi er vandamál sem hrjáir mjög marga og getur haft afar alvarleg áhrif á heilsuna, enda er svefn algjör grundvöllur góðrar heilsu. Hér eru nokkur margreynd ráð sem ættu að hvetja Óla Lokbrá til að kíkja í heimsókn.

Hafið dimmt

Þetta er ráð sem enginn á Íslandi þarf yfir vetrarmánuðina, en nú með vorinu er sólin að hækka á lofti og mun skína sífellt lengur næstu tvo mánuðina. Birta hægir á framleiðslu melatóníns, sem er hormón sem stjórnar líkamsklukkunni og hjálpar okkur að sofna. Því er mikilvægt að hafa svefnherbergið eins dimmt og hægt er til að tryggja sem bestan svefn. Ef það er ekki hægt að setja upp gardínur sem loka á ljósið er hægt að prófa augngrímu.

Stundið hreyfingu

Með því að þreyta sig og fá útrás með líkamsrækt fæst mun betri svefn. Það þarf ekki að taka mikinn tíma en hafið í huga að það eru skiptar skoðanir á því hvort það borgi sig að æfa stuttu fyrir svefninn og margir segja að það veki mann á röngum tíma.

Sólið ykkur

Sólskin í morgunsárið getur komið að miklu gagni við að stilla líkamsklukkuna rétt. Það er gott að fara í göngutúr fyrir hádegi eða fá sér morgunkaffið úti í garði til að stilla sig af.



Svefnleysi er mjög algengt vandamál sem getur haft sérlega slæm áhrif á líkamlega og andlega heilsu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

> Með því að þreyta sig og fá útrás með líkamsrækt fæst mun betri svefn.

Hafið réttu hljóðin

Á YouTube, Spotify og öðrum álíka veitum er hægt að finna ógrynni af suði og alls kyns hljóðum sem eru sérstaklega hönnuð til að hjálpa fólki að sofa.

Óregluleg eða mishá umhverfishljóð geta auðveldlega truflað svefn og því er gott að vera með samfellt hljóð í gangi á meðan þú sefur. Mörgum finnst líka auðveldara að sofna við rigningarhljóð eða lækjarnið.

Passið drykkina

Koffín er í líkamanum í nokkrar klukkustundir eftir neyslu þess svo það er góð hugmynd að sleppa því eftir hádegi. Sumum finnst gott að neyta áfengis til að róa sig eða hjálpa sér að sofna en það er óhollt, minnkar gæði svefnsins og getur valdið eirðarleysi og jafnvel kæfisvefni.

Passið skjánotkun og lesið

Langflestir skjáir gefa frá sér blátt ljós sem getur haldið fólki vakandi. Það getur því hjálpað að forðast skjánotkun í klukkustund fyrir svefninn. Það er líka best að slökkva á tilkynningum og öðru pípi eða blikki frá símanum.

Til að forðast skjáinn er gott ráð að taka upp bók og hún þarf ekki einu sinni að vera góð til að hjálpa þér að sofna. Margir verða mjög fljótt syfjaðir þegar þeir byrja að einbeita sér að lestri seint á kvöldin.

Haldið rútínu

Ef maður fer alltaf að sofa og á fætur á svipuðum tíma er auðveldara að halda heilbrigðu svefnmynstri. Það borgar sig ekki að vaka of lengi og sofa frameftir um helgar, né að byggja upp svefnskuld á virkum dögum og reyna að greiða hana um helgar.

Fáið aðstoð

Langvarandi svefnleysi getur valdið ýmsum alvarlegum heilsufarsvandamálum, eins og kom fram hér fyrir ofan. Ef svefnleysið stafar af kvíða eða þunglyndi gæti vel verið þörf á aðstoð frá fagaðilum, sem geta hjálpað fólki að finna ný og betri verkfæri til að líta á og mæta áskorunum lífsins.

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



Nýr Nissan Leaf e+ 62 kWh Tekna 3ja ára evrópsk verksmiðjuábyrgð. Með öllu sem hægt er að fá í þessa bíla. Svartur - hvítur og Dökkgrár. 1.284.000 undir listaverði á aðeins 4.990.000,-

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

PROSTONE

» Smíðavinna
» Múrvinna
» Málningarvinna

Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög

519 7780
prostone@prostone.is

Rúnar Múrari ehf
S - 780 - 28 38
Tröppuviðgerðir - Húsaviðgerðir - Þakmálun - Málningarvinna - o.m.fl.
https://runarmurari.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Ukulele á tilboði
Mikið úrval
Verð við allra hæfi

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Ábendingahnappinn má finna á
BARNAHEILL.IS

Húsnæði

Húsnæði óskast

ÓSKA EFTIR HÚSNÆÐI F. SÝNINGU Á HJÓLAHÝSAFORTJÖLDUM F. MAÍ OG JÚNÍ.

Allar uppslýsingar sendist á: sími: 8634449 og kriben@simnet.is

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Tilbúnar stærðir eða smíðaðir eftir máli

VERSLUNARTÆKNI www.verslun.is
geiri
STÓRELDHÚS
Draghálsi 4
110 Reykjavík
sími: 535 1300
verslun@verslun.is

Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum

Álit Skipulagsstofnunar

Aukin urðun í landi Fíflholta, Borgarbyggð

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Álitið liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík. Álitið og matsskýrslu Sorpurðunar Vesturlands er einnig að finna á vef stofnunarinnar **www.skipulag.is.**

VERKEFNASTJÓRI HEILSUEFLANDI SAMFÉLAGS

Sveitarfélögin Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Grímsnes- og Grafningshreppur leita að jákvæðum og áhugasömum einstaklingi til starfa fyrir sveitarfélögin sem verkefnastjóri heilsueflandi verkefna sveitarfélaganna, sem öll eru Heilsueflandi samfélög skv. samningum við Landlæknisembættið. Viðkomandi þarf að vera mjög fær í mannlegum samskiptum, tilbúinn að fást við ólík verkefni, skipulagður, lausnamiðaður og sjálfstæður í vinnubrögðum.

Helstu verkefni og ábyrgð:
- Verkefnastjórn vegna Heilsueflandi samfélags.
- Tengiliður við starfsmenn og stofnanir sveitarfélaga og félagasamtök.
- Umsjón með stefnumótun.
- Stýring einstakra verkefna.
- Ráðgjöf og upplýsingamiðlun.
- Samhæfing og samræming „Heilsueflandi Uppsveita".

Hæfniskröfur:
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi á sviði heilsufræði, lýðheilsu eða tengdra greina
- Reynsla af verkefnastjórn og heilsueflandi verkefnum.
- Góð almenn tölvukunnátta er æskileg.
- Góð staðarþekking er nauðsynleg.
- Ökuréttindi.
- Færni til tjáningar í rituðu og mæltu máli.

Frekari upplýsingar um starfið
Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Næsti yfirmaður er sveitarstjóri Bláskógabyggðar, Ásta Stefánsdóttir, sem veitir nánari upplýsingar í síma 480 3000, eða asta@blaskogabyggd.is. Umsóknum ásamt ferilskrá má skila á netfangið asta@blaskogabyggd.is. Öllum umsóknum verður svarað.

Starfshlutfall er 100%. Starfið hentar einstaklingum óháð kyni. **Umsóknarfrestur er til og með 8. apríl 2021.**

Opið hús

Opið hús vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar

Opið hús verður fimmtudaginn 25. mars nk. frá kl. 9-16.30 að Norðurhellu 2, 221 Hafnarfirði þar sem hægt verður að kynna sér tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar vegna breyttrar legu **stofnbrautar um Kapelluhraun** sunnan megin við álverið í Straumsvík. Lega skv. núgildandi aðalskipulagi er felld niður en stofnbrautin verður í núverandi vegstæði við Straumsvík.

Í stað stofnbrautar um Kapelluhraun mun koma tengibraut sem þjónusta mun iðnaðarsvæði í Kapelluhrauni og Hellnahrauni.

Hægt verður að fá svör við spurningum sem tengjast þessari skipulagsgerð á umhverfis- og skipulagssviði.

Hafnarfjarðarbær
Umhverfis- og skipulagssvið

Nánar á: **hfj.is/36vN1d**
hafnarfjordur.is

Hafnarfjörður

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut

HRAUNGATA 2-6 í Urriðaholti í Garðabæ

LANDMARK FASTEIGNAMIÐLUN

ÞÓREY & INGA VERÐA Í HRAUNGÖTUNNI MILLI KL 17:00 - 17:30 FIMMTUDAGINN 25. MARS

LANDMARK fasteignamiðlun kynnir nýja 3ja húsa raðhúsalengju með aukinni lofthæð í Urriðaholtinu.

Eignin skiptist í rúmgóða stofu, borðstofu og eldhús í björtu og opnu rými, sjónvarpsherbergi, fjögur rúmgóð svefnherbergi, tvö baðherbergi og þvottahús ásamt geymslu í sérstæðu húsi ásamt bílastæði.

Húsin afhendast fullbúin án gólfefna, möguleiki á aukaíbúð með sérinngang.

Frábær staðsetning, stutt á golfvellina og miklir útivistarmöguleikar en Hraungatan liggur hátt í holtinu með glæsilegu útsýni.

Ingibjörg Jónsdóttir, lgf.
Símanúmer **897 6717**
inga@landmark.is

Þórey Ólafsdóttir, lgf.
Símanúmer **663 2300**
thorey@landmark.is

LANDMARK FASTEIGNAMIÐLUN | HLÍÐASMÁRA 2 (6. HÆÐ) | 201 KÓPAVOGUR | SÍMI: 512 4900 | WWW.LANDMARK.IS

FASTEIGNASALAN TORG
Áb. Sigurður Gunnlaugsson löggiltur fasteignasali

MOSAGATA 13-15
210 Garðabær

NÝTT Á SKRÁ



DÆMI UM ÍBÚÐ:
Íbúð 030
Herbergi: 4ra
Stærð: 120,4 m²
Verð: 69.500.000 kr.

Herbergi: 2-5 | **Stærð frá:** 69,6 – 161,8 m² | **Verð frá:** 44,9 – 99,9 mkr.

FALLEGAR ÍBÚÐIR Í NÝJU HVERFI – FRÁBÆRT ÚTSÝNI – GOTT SKIPULAG – SVALIR EÐA VERÖND Á ÖLLUM ÍBÚÐUM.

Innréttingar og skápar frá HTH, hurðir frá BYKO, eldhústæki frá Tengi og flísar frá Álfaborg.

Íbúðir afhendast án gólfefna í maí/júní 2021

Nánari Upplýsingar veita:
Jóhanna Kristín, lgfs., s. 837.8889 eða johanna@fstorg.is og
Þorgeir, lgfs., s 696.6580 eða thorgeir@fstorg.is

Jóhanna Kristín
Fasteignasali
837 8889
johanna@fstorg.is

Þorgeir
Fasteignasali
696 6580
thorgeir@fstorg.is

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
2 °C | 4 ↗	0 °C | 7 ↑	-1 °C | 4 ↖
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
1 °C | 2 ↗	2 °C | 1 ↖	-5 °C | 5 ↗

Suðlæg átt 3-10 í dag, en heldur hvassara NV-lands. Úrkomulítið á A-landi, annars él en dregur úr úrkomu síðdegis. Hiti kringum frostmark.

Fimmtudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
2 °C | 7 ←	0 °C | 4 ↑	3 °C | 0 ○
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
3 °C | 2 ↘	2 °C | 9 ←	-3 °C | 6 ↗

Föstudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
-3 °C | 10 ↙	-6 °C | 13 ↙	-2 °C | 5 ↓
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
3 °C | 4 ↓	1 °C | 8 ↙	-9 °C | 13 ↙

LÉTT

2	4				9			
9	6	7						5
		3			7		2	
	7			8	2	5		
1			4			7		
3		4	7			8		
		1		6	3	2		7
		8		2		4	5	
						3	9	1

MIÐLUNGS

	9	2		1			6	5
7		4		5			1	
		6	8					2
			9	4				1
	6				5			4
				3	8		2	
8			3				5	
	2				7			
	4	9						

ÞUNG

4	5	1			9		8	
			8			7	9	
3		7	4	9			1	
		2						9
			3		7			
		4		6	8			
			2	3		8		
	7		9		5			1

Krossgáta

LÁRÉTT
1 bæta
5 binda
6 í röð
8 aðalstign
10 rykkorn
11 mál
12 hönd
13 hemur
15 fjórðungur
17 tónstigi

LÓÐRÉTT
1 fagnaðarlæti
2 verkfæri
3 tvennd
4 að baki
7 þykkari
9 hella
12 merki
14 sódi
16 fæði



LÁRÉTT: 1 lappa, 5 óla, 6 fg, 8 fursti, 10 ar, 11 tal, 12 mund, 13 agar, 15 korter, 17 skali.
LÓÐRÉTT: 1 lofstak, 2 alur, 3 par, 4 aftan, 7 gildari, 9 sturta, 12 mark, 14 gos, 16 el.

Skák Gunnar Björnsson

Vignir Vatnar Stefánsson (2314) átti leik gegn Davíð Kjartanssyni (2326) á Yrðlingamóti TR.

42. Hxc7! 1-0. 42...Dxc7 43. f6 og staðan er vonlaus. Aðeins vika er í Íslandsmótið í skák sem fram fer í Kópavogi. Davíð og Vignir verða báðir meðal keppenda þar en sex stórmeistarar taka þátt. Íslandsmót kvenna fer fram samhliða.

www.skak.is: Nýjustu skákfréttir.

Hvítur á leik

8	7	5	9	4	6	2	1	3
9	4	1	7	3	2	5	6	8
2	3	6	1	8	5	9	7	4
1	5	7	4	2	8	3	9	6
3	6	8	5	7	9	1	4	2
4	2	9	3	6	1	8	5	7
5	8	4	2	9	7	6	3	1
6	9	3	8	1	4	7	2	5
7	1	2	6	5	3	4	8	9

9	3	1	7	8	6	5	4	2
2	8	5	4	1	3	7	9	6
4	6	7	9	2	5	8	3	1
3	2	8	5	6	1	4	7	9
5	9	6	8	7	4	1	2	3
7	1	4	2	3	9	6	8	5
6	7	3	1	4	2	9	5	8
8	5	2	6	9	7	3	1	4
1	4	9	3	5	8	2	6	7

9	4	2	7	8	3	1	6	5
3	6	7	5	9	1	4	2	8
1	8	5	2	4	6	9	3	7
7	9	6	8	1	2	5	4	3
5	1	8	6	3	4	2	7	9
2	3	4	9	5	7	6	8	1
4	5	3	1	6	8	7	9	2
6	7	1	3	2	9	8	5	4
8	2	9	4	7	5	3	1	6

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

EIGNAMIÐLUN
SÍÐAN 1957 | 588 9090 | GRENSÁSVEGUR 11

VERÐ: 82,5 mkr

SAFAMÝRI 55 - 108 REYKJAVÍK

- Stærð: 178,8 m²
- Sér inngangur
- 6 herbergja
- Efri sérhæð

Vinsamlega bókið skoðun með því að senda póst til: *magnea@eignamidlun.is*

OPIÐ HÚS
fimmtudaginn 25. mars n.k.
kl. 17:00 -18:00.

Sverrir Kristinsson
Löggiltur fasteignasali
sverrir@eignamidlun.is

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Gagnrýnandi segir Benedikt búálf vera frábæra fjölskylduskemmtun. MYND/AÐSEND

Hrífandi ferðalag um Álfheima

LEIKHÚS

Benedikt búálfur

★★★★☆

Leikfélag Akureyrar og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands

Leikstjóri: Vala Fannell
Leikarar: Árni Beinteinn Árnason, Þórdís Björk Þorfinnsdóttir, Birna Pétursdóttir, Björgvin Franz Gíslason, Valgerður Guðnadóttir, Kristinn Óli Haraldsson og Hjalti Rúnar Jónsson
Dansarar: Berglind Eva Ágústsdóttir, Elfa Rún Karlsdóttir, Molly Carol Birna Mitchell og Helga Ólafsdóttir
Höfundur: Ólafur Gunnar Guðlaugsson
Tónlist: Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson
Leikgerð: Karl Ágúst Úlfsson og Ólafur Gunnar Guðlaugsson
Söngtextar: Andrea Gylfadóttir og Karl Ágúst Úlfsson
Búninga- og leikmyndahönnuður: Auður Ösp Guðmundsdóttir
Hljóðmynd: Árni Sigurðsson
Ljósahönnun: Friðþjófur Þorsteinsson
Danshreyfingar: Lee Proud

Ástandið í samfélaginu þessa stundina býður svo sannarlega upp á að hverfa um stund í bjarta ævintýraheima, þar sem gleðin ríkir og hið góða sigrar að lokum. Benedikt búálfur og hans föruneyti eru svo sannarlega tilbúin til að bjóða upp á þannig ferðalag í Samkomuhúsinu á Akureyri. Sýningin er byggð á bókum Ólafs Gunnars Guðlaugssonar en leikgerðina gerði hann í samvinnu við Karl Ágúst Úlfsson fyrir um tuttugu árum. Leikstjóri er Vala Fannell sem stýrir hér fræknum leikhópi þar sem unga fólkið ræður för.

Birna stelur senunni

Árni Beinteinn Árnason fer með titilhlutverkið en hann hefur verið að gera það gott á Akureyri frá útskrift úr Listaháskóla Íslands. Fyrstu skrefin í sýningunni voru svolítið

BENEDIKT BÚÁLFUR GEFUR VONIR UM BJARTA FRAMTÍÐ ÞAR SEM UNGT LISTAFÓLK GETUR FENGIÐ AÐ ÞRÓA LIST SÍNA MEÐ FJÖLBREYTTUM VERKEFNUM.

fálmkennd en hann fótaði sig betur eftir því sem á leið. Nærvera hans í hlutverki Benedikts er hlý og röddin góð en hann þarf að stilla sig örlítið betur af og þjóna sínu starfi sem miðpunktur sýningarinnar. Þórdís Björk Þorfinnsdóttir er sömuleiðis að stíga sín fyrstu skref eftir útskrift og er stöðugt að vinna á. Hún finnur fókus í barnslegri kæti Dídí mannabarns og fangar sakleysi hennar skemmtilega. Vinaþrenninguna fullkomnar Birna Pétursdóttir, sem stelur senunni í hlutverki Daða dreka. Hún er skreytt alveg frábæru gervi, smjattar á setningum sínum og fullnýtir hvert tækifæri til að heilla áhorfendur upp úr sætunum.

Tilkomumikill heimur

Álfheimum er stjórnað af álfakonungshjónunum Aðalsteini og Brynhildi, leiknum af Björgvin Franz Gíslasyni og Valgerði Guðnadóttur. Björgvin Franz er í essinu sínu með ýktum leik og stórum skapsveiflum en Valgerður heillar með listilegum söng, sannkölluð drottning í ríki sínu. Hjalti Rúnar Jónsson leikur myrkari verur Álfheima, hann gleymir sér stundum í æsingnum í hlutverki Jósafats mannahrellis en brillerar í hlutverki Sölvars súra, þá sérstaklega þegar hann er kynntur til leiks. Kristinn Óli Haraldsson, kannski betur þekktur undir nafninu Króli, sýnir hér og sannar að hann á fullt erindi á leiksviðið. Raddbeiting hans er upp á tíu og hann finnur sig vel í hlutverki Tóta tannálfs, þrátt fyrir tiltölulega fá atriði.

Þessari hersingu stýrir Vala skynsamlega og finnur fjölmörg tækifæri til að lauma inn leikhústöfrum. Hún leggur áherslu á að koma þessum töfraheimi til skila, ekki með flóknum brellum og skrauti heldur með glaðværum leik og frumlegum lausnum. Búninga- og leikmyndahönnuðurinn Auður Ösp Guðmundsdóttir hefur svo sannarlega stimplað sig rækilega inn eftir heimkomu úr námi í Prag. Vinna hennar við sýningar á Akureyri síðustu árin hefur verið frábær, vel úthugsuð og lifandi. Benedikt búálfur er enn ein skrautfjöðurin í hennar hatt. Heimurinn sem skapaður er á örfáum fermetrum er tilkomumikill og eftirminnilegur.

Traust á ungu listafólki

Reynsluboltinn og þúsundþjalasmiðurinn Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson er höfundur tónlistarinnar og stýrir henni einnig. Hann skapar lifandi og fjölbreyttan tónheim með hinni frábæru Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Þar standa upp úr lögin „Þessi Aðalsteinn“ og „Dreki í ham“, söngtextar Andreu Gylfadóttur skemma sko aldeilis ekki fyrir. Hljóðmyndin er í höndum Árna Sigurðssonar, hann vinnur nokkuð vel með tónlistinni en er ekki alveg búinn að hitta á rétta tóninn milli hennar og leikaranna. Stundum yfirgnæfir hljóðið textaflutning og söng leikaranna. Þrátt fyrir takmarkað pláss á litlu sviði Samkomuhússins finnur Lee Proud yfirleitt liprar leiðir fyrir hreyfimynstur og danshreyfingar, sem reka smiðshöggið á fantafína fjölskyldusýningu.

Trú Mörtu Nordal á ungu listafólki úr alls konar áttum er svo sannarlega að skila sér. Benedikt búálfur gefur vonir um bjarta framtíð þar sem ungt listafólk getur fengið að þróa list sína með fjölbreyttum verkefnum. Akureyringar og áhorfendur úr öðrum landshlutum eru hvattir til að skella sér í Samkomuhúsið, hverfa tímabundið inn í græna skóga Álfheima og á vit ævintýranna.

Sigríður Jónsdóttir

NIÐURSTAÐA: Frábær fjölskylduskemmtun þar sem unga fólkið ræður ríkjum.

Vinnustofusýning í Deiglunni

Laugardaginn 27. mars opnar Haraldur Ingi Haraldsson einkasýningu í Deiglunni, Listsýningasal Gilfélagsins í Listagilinu á Akureyri. Sýningunni lýkur 4. apríl.
Myndirnar eru allar frá vinnustofudvöl listamannsins í Svarta pakkhúsinu í Reykjanesbæ á síðasta ári. Haraldur Ingi verður að vinna við ýmiss konar dund og frágang meðan á sýningunni stendur.
Haraldur Ingi er menntaður í myndlist frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands og frá AKI Akademie voor Beeldende Kunst, Enschede, Hollandi og Vrije Academie Psychopolis, Den Haag, Hollandi.

Úr seríunni Lýðskrumarar.

GLÆSILEG VIÐBÓTARGJÖF TIL FERMINGARBARNSINS

Nú er 20% afsláttur af heilsurúmum frá Sealy. Auk þess fylgir nú veglegur kaupauki – Aspen fjallahjól – að verðmæti 59.000 krónur* þegar keypt er PORTLAND eða SEATTLE rúm (dýna og Classic botn) í stærðunum 120 eða 140 cm.

Fylgir Sealy Portland og Seattle í stærðunum 120 og 140 x 200 cm á meðan birgðir endast

Sealy **SEATTLE**
FERMINGARTILBOÐ

VERÐDÆMI:
120 x 200 cm m/Classic botni - Fullt verð: 145.900 kr.
Fermingartilboð aðeins **116.720 kr.** með Aspen fjallahjóli

* á meðan birgðir endast - athugið skilaskilmála.

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast

Sjö orð Krists á krossinum

Strengjakvartettar Josephs Haydn; Sjö orð Krists á krossinum, verða leiknir á vegum 15:15 tónleikasyrpunnar í Breiðholtskirkju laugardaginn 27. mars.

Flutningur er í höndum Skálholtskvartettsins, en hann skipa fiðluleikararnir Rut Ingólfsdóttir og Hildigunnur Halldórsdóttir, Svava Bernharðsdóttir víóluleikari og Sigurður Halldórsson sellóleikari.

Ágóðanum verður varið til að standa að útgáfu á óútgefnum hljóðritunum Jaaps Schröder með kvartettinum og Bachsveitinni í Skálholti.

Rut spilar með félögum sínum í Breiðholtskirkju. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Söngstund í Hannesarholti

Ingibjörg Fríða og Sigurður Ingi stjórna söngstund í Hannesarholti sunnudaginn 28. mars kl.14. Ingibjörg Fríða er söngkona með klassíska og rytmíska menntun og Sigurður Ingi er menntaður slagverksleikari.
Gestum er velkomið að taka þátt á staðnum, en einnig verður streymt frá stundinni á fésbókarsíðu Hannesarholts. Frítt fyrir börn í fylgd með fullorðnum, sem greiða 1.000 króna aðgangseyri.

NORÐANFISKUR
GÓMSÆTIR FISKRÉTTIR

NORÐANFISKUR
20 ÁRA
20%
AFSLÁTTUR

norðanfiskur

1.839 kr./kg

Norðanfiskur Fiskréttir
4 tegundir - verð áður 2.298 kr./kg

AÐEINS HÆRRA VERÐ
VEGNA BREYTTRA TOLLA

2.998 kr./1350 g

Andalæri Confit
1350 g

FROSNAR
KALKÚNABRINGUR

1.698 kr./kg

Kalkúnabringur
frosnar - þýskaland

FROSNAR
RÆKJUR

1.198 kr./kg

Risarækjur
frosnar - 454 g - hráar

PEPSI MAX
PEPSI

759 kr./kippan

Pepsi eða Pepsi Max
4 x 2 ltr. í kippunni

100 KR
1 ltr.

ÁN SYKURS

KLASSÍSKT

598 kr./kippan

Coca-Cola Classic eða Coca-Cola Án Sykurs
6 x 1 ltr. í kippunni

Verð gildir til og með **28. mars** eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.

BÓNUS PÁSKAEGGIN

ÓDÝRUSTU EGGIN Í BÓNUS

598 kr./stk.

Bónus Páskaegg nr. 3
170 g

1.098 kr./stk.

Bónus Páskaegg nr. 4
315 g



1.398 kr./stk.

Bónus Páskaegg nr. 5
420 g

1.698 kr./stk.

Bónus Páskaegg nr. 6
520 g

BÓNUS RISAEGG
1 kg
Stútfullt af nammi

2.598 kr./stk.

Bónus Páskaegg - Risaegg 1 kg

Almennur afgreiðslutími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:00 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00
Bónus Smáratorgi, Skeifunni og Langholti (Akureyri): Mánudaga-Laugardaga; 10:00-19:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00

DAGSKRÁ

Miðvikudagur

HRINGBRAUT

18.30 Fréttavaktin Á fréttavaktinni er fjallað um helstu fréttir dagsins í umsjá þeirra Margrétar Erlu Maack, Lindu Blöndal og Sigmundar Ernis.
19.00 Lífið er lag (e) er þáttur um málefni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri áranna. Umsjón: Sigurður K. Kolbeinsson.
19.30 433.is (e) 433.is er frétta- og viðtalsþáttur um íþróttirnar heima og erlendis.
20.00 Veiðin með Gunnari Bender Gunnar Bender leiðir áhorfendur að árbakkanum.
20.30 Fréttavaktin Á fréttavaktinni er fjallað um helstu fréttir dagsins í umsjá þeirra Margrétar Erlu Maack, Lindu Blöndal og Sigmundar Ernis.
21.00 Markaðurinn Fjölbreyttur viðskiptafréttaþáttur í umsjón blaðamanna Markaðarins.
21.30 Saga og samfélag er þáttur þar sem málefni líðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.

RÚV SJÓNVARP

09.00 Heimaleikfimi
09.10 Kastljós
09.25 Menningin
09.35 Vikan með Gísla Marteini 2015 - 2016
10.25 Íslenska krónan
11.20 Refurinn
11.55 Heimaleikfimi
12.05 Okkar á milli
12.35 Baráttan - 100 ára saga Stúdentaráðs
12.45 Tónsmiðjan
13.15 Heiti potturinn
13.40 Músíkmolar
13.55 Nótan 2016
15.00 Nýja afríska eldhúsið - Suður-Afríka
15.30 Innlit til arkitekta
16.00 Villta vestrið
16.50 Löwander-fjölskyldan
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Kúlugúbbarnir
18.24 Hæ Sámur
18.31 Klingjur
18.42 Sara og Önd
18.50 Krakkafréttir
18.54 Vikinglottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Kiljan
20.40 Húsbyggingar okkar tíma. Vi bygger det væk
21.10 Ógn og skelfing. The Terror
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Simon vill ráða dauðdaga sínum. How To Die. Simon's Choice Heimildarmynd um dánaraðstoð. Simon er með taugahrörnunarsjúkdóm og honum er sagt að hann eigi tvö ár eftir ólifuð.
00.45 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

09.35 2021 PGA Tour Champions Learning Center
10.00 European Tour 2021 Bein útsending frá Kenya Savannah Classic .
15.00 LPGA Tour 2020 Útsending frá Pelican Women's Championship.
18.00 World Golf Championship Bein útsending frá Dell Technologies Matchplay.
00.00 PGA Highlights 2021

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
13.00 Dr. Phil
13.45 The Late Late Show
14.30 Single Parents
14.55 Með Loga
15.35 90210
16.40 Family Guy
17.00 The King of Queens
17.20 Everybody Loves Raymond
17.45 Dr. Phil
18.30 The Late Late Show
19.15 Will and Grace
20.10 George Clarke's Old House, New Home
21.00 Chicago Med
21.50 Station 19
22.35 Queen of the South
23.20 The Late Late Show
00.05 The Resident
00.50 Station 19
01.35 9-1-1
02.20 Fargo
03.10 The Walking Dead
03.55 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.03 Hádegið
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegið seinni hluti.
13.00 Dánarfregnir
13.02 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Tónlist frá A til Ö
15.00 Fréttir
15.03 Svona er þetta
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Hlustaðu nú!
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.35 Kvöldsagan. Eyrbyggja saga (2 af 26)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.09 Lestur Passíusálma (43 af 50)
22.15 Samfélagið
23.10 Segðu mér
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

12.10 Lego DC. Batman - Family Matters
13.30 Poms
14.55 Call of the Wild
16.35 Lego DC. Batman - Family Matters
17.50 Poms
19.20 Call of the Wild
21.00 Wedding Crashers Drepfyndin mynd um félagana John og Jeremy sem finnst ekkert skemmtilegra en að mæta óboðnir í brúðkaupsveislur.
22.55 Doctor Sleep
01.20 History of Love Rómantísk mynd frá 2016 sem er í raun nokkrar samtvinnaðar ástarsögur sem spanna meira en 60 ár.
03.35 Wedding Crashers

STÖÐ 2

07.55 Heimsókn
08.15 Veronica Mars
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 The O.C.
10.05 Feðgar á ferð
10.30 Masterchef USA
11.10 Margra barna mæður
11.40 Flirty Dancing
12.35 Nágrannar
12.55 The Office
13.15 Ísbíltúr með mömmu
13.40 Lodgers For Codgers
14.30 Gulli byggir
15.05 Temptation Island USA
15.45 Divorce
16.15 Hell's Kitchen USA
17.00 Lóa Pind. Snapparar
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.05 Draumaheimilið
19.05 Víkingalottó
19.35 Tiny Lives Einstakir heimildarþættir þar sem skyggnst er inn í starfsemi nýburadeildar hjá Háskólasjúkrahúsinu í Wishaw í Skotlandi.
20.40 The Fast Fix. Diabetes
21.30 Grey's Anatomy
22.15 A Teacher
22.50 Sex and the City
23.25 Succession
00.25 NCIS
01.10 The Blacklist
01.55 Animal Kingdom
02.40 NCIS. New Orleans
03.25 Veronica Mars
04.05 The O.C.

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Barnaefni
20.00 Friends
20.25 Friends
20.50 The Office
21.10 Flash 7
22.00 Our Girl
22.55 Gasmamman
23.40 Svínasúpan
00.05 Friends
00.30 Friends
00.55 The Office

STÖÐ 2 SPORT

08.40 Domino's körfuboltakvöld
10.05 FH - Selfoss Útsending frá leik í Olís deild karla.
11.25 ÍR - Fram
12.50 Valur - Haukar
14.10 Seinni bylgjan - karla
15.35 Stjarnan - Haukar Frá leik í Domino's deild karla.
17.20 Grindavík - Keflavík
19.00 Skallagrímur - Keflavík Bein útsending frá leik í Domino's deild kvenna.
21.10 Domino's körfuboltakvöld
22.35 1 á 1. Stelpurnar okkar á Mathúsi Garðabæjar
23.10 Njarðvík - Valur Frá leik í Domino's deild karla.

STÖÐ 2 SPORT 2

08.40 Morabanc Andorra - Baxi Manresa Frá leik í spænsku úrvalsdeildinni í körfubolta.
10.15 Valencia Basket Club - Barca
11.50 Football League Show
12.15 Hellas Verona - Atalanta
13.55 Huesca - Osasuna
15.35 The Fifth Quarter
15.55 Spænsku mörkin
16.50 Tyrkland - Holland Bein útsending.
18.55 Ensku bikarmörkin
19.35 Belgía - Wales Bein útsending.
21.45 Markaþáttur HM
22.15 Fréttaþáttur EM Upphitunarþættir fyrir lokakeppni Evrópumótsins í knattspyrnu, EM 2020, sem fer fram í sumar.

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

DROTTNINGAR Í REKKJUNNI

20% AFSLÁTTUR

BJÓÐUM VALIN STILLANLEG HEILSURÚM
NÚ MEÐ 25-35% AFSLÆTTI

LAYLA 160 CM HEILSURÚM

20% AFSLÁTTUR
VERÐ 179.880 KR
VERÐ ÁÐUR 223.600 KR

Innifalið í verði.

Dýna botn og fætur, Gefur góða hvíld, 5 svæða skipt pokagormakerfi, styrktir kanntar, toppur sem gefur góða aðlögun.

ALEXA 160 CM HEILSURÚM

20% AFSLÁTTUR
VERÐ 217.920 KR
VERÐ ÁÐUR 272.400 KR

Innifalið í verði.

Dýna botn og fætur, Gefur góða hvíld, tvöfalt 5 svæða skipt pokagormakerfi, styrktir kanntar, toppur sem gefur góða þyngdardreyfingi, þrýstijöfnun og aðlögun.

COMO STILLANLEGUR HÆGINDASTÓLL
20% AFSLÁTTUR

VERÐ 39.920 KR
VERÐ ÁÐUR 49.900 KR
3 LITIR

KOMDU NÚNA, SKOÐAÐU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP

WWW.REKKJAN.IS

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan HEILSURÚM

Sítt að aftan aftur vinsælt

Gunna segist í auknum mæli fá beiðnir um það sem þau á stofunni kalli herramanns-mullett. „Sítt að aftan, eða „mullettinn“ er vinsæll núna hjá körlunum. Þeir eru ekkert endilega með eitthvað ótrúlega mikið síðara að aftan, við erum farin að kalla þetta herramanns-mullet uppi í vinnu.“

Brit-popparinn

„Ég hef tekið eftir því að það er kominn smá „brit-pop“ fílingur í herratískuna. Síðir bartar og útlínurnar eru ekki snyrtilegar. Þetta er venjuleg herraklipping en útlínurnar eru óklárаðar, ef hægt að komast svo að orði.“



Axlasítt á undanhaldi

„Axlasíða „bob“-klippingin er mjög svipuð og klassíska herraklippingin. Það eru alltaf einhverjar sem halda sig alltaf við þessa klippingu og hún virkar alltaf. En það er einfaldlega bara vinsælla núna að vera villtari og í meiri styttum,“ segir Gunna Helga.

Úr köldu í heitt

Gunna segir vinsældir kaldra strípa og heillitunar dvínandi. „Litavalið er búið að breytast mikið. Silfurstrípurnar eru alveg dottnar út. Konur eru að velja sér meira mjúka og hlýja liti. Hunangssleginn, meira út í gyllt og kopar en þessa köldu tóna sem hafa verið áberandi undanfarin ár. Við á stofunni erum mjög fegin að þetta sé að breytast,“ segir hún hlæjandi.

Rokka sig upp eða hippa sig niður

Hártískan er síbreytileg og köldu tónarnir eru á leiðinni út, að sögn hárgreiðslumeistarans **Gunnu Helgu**. Sítt að aftan er óvenju vinsælt hjá körlum ásamt klassíkinni stutt í hliðum og síðara að ofan. Hjá konum eru gardínutoppar vinsælir og Gunna segist helst taka eftir því að þær vilji ýmist rokka sig upp eða hippa sig niður.

Ég get í raun bara talað út frá minni reynslu á kúnnunum hjá okkur, hvað þeir eru helst að sækjast í,“ segir Gunna og bendir á að það geti oft munað miklu á því hvað sé vinsælt hér heima og úti. Hún er sammála um að það geta verið allt aðrir straumar og stefnur í til að mynda LA og París, sama gildi um Ísland.

Gunna Helga Sváfnis hefur starfað sem hárgreiðslukona á Slippnum á Laugavegi í tvö ár. „Ég hafði alltaf haft áhuga á því að fara í hárgreiðslumeistarann. En af því ég er svo mikill sveimhugi og finnst erfitt að skuldbinda mig hafði ég aldrei látið að því verða að fara í námið,“ segir hún og hlær. „Síðan sá ég Hárakademíuna, þar sem námið er bara eitt ár og seinna árið er á samningi á stofu. Þá stökk ég á það því mér fannst það meira framkvæmanlegt,“ bætir hún við.

Gunna Helga segist algjörlega hafa fundið sig í náminu. „Ég fékk strax „kikkið“ úr þessu sem listrænni tjáningu og það að fá að sjá endanlegu útkomuna hratt. Það er mjög mikið ég, ég lærði leikstjórn á sínum tíma en náði ekki alveg að halda mig við þann bransa, möguleg út af því að ég vil alltaf sjá loka útkomuna svo fljótt. Í leikstjórninni tekur allt lengri tíma.“ Gunna Helga deilir því sem henni finnst vinsælast í stólnum þessi misserin.

steingerdur@frettabladid.is

Óhræddar við stytturnar

„Mjúkur toppur er mjög vinsæll um þessar mundir. Þessi seventís gardína. Það sem mér finnst öðruvísi núna í vor í samanburði við hvernig þetta var í fyrra, er að stelpur eru orðnar óhræddar við að fá mikið af styttum. Þannig að þetta er orðið smá svona villt, þeim finnst meira betra og allt er mjög seventís,“ segir Gunna Helga.

Jane Birkin skartaði fallegum toppi og hunangstónuðu hári. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Gunna Helga Sváfnis, hárgreiðslumeistari.

Fyrirsætan Georgia Fowler er með topp og mjög rokkaða klippingu.

Gardínutoppurinn vinsæll

Konur eru að leika sér meira með hann. Krulla hann inn, krulla hann út. Þetta er voða mikið „Rokkaðu mig upp eða hippaðu mig niður.“

Klassík hjá körlunum

„Þessi klipping hefur verið klassísk lengi. Það eru sumir sem eru fastir í henni. Sem sagt, stutt í hliðunum og aðeins lengra að ofan. Þessi er mjög tímalaus og alltaf jafn vinsæl.“

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR

Happ í eggi

VINNINGSUPPHÆÐIR
1x 200.000 kr.
3x 50.000 kr.
3x 25.000 kr.
5x 10.000 kr.

Fram að páskum gefum við **páskaegg með Öskjubílum**. **Heppnin** gæti verið með þér og þá leynist **peningur** í þínu eggi. Frábært úrval notaðra bíla með ábyrgð til allt að 6 ára. Skoðaðu úrvalið á notadir.is og komdu í heimsókn.

Verð nú
3.390.000 kr.

Honda Jazz Elegance
Árgerð 2020, ekinn 1 þús. km, bensín, 1318 cc, 102 hö, sjálfskiptur, framhjóladrifinn.
Raðnúmer: 995447 Staðsetning: Kletthals

Verð nú
4.490.000 kr.
Verð áður 5.350.000 kr.

Mercedes-Benz A-Class 180 d
Árgerð 2019, ekinn 3 þús. km, dísil, 1461 cc, 116 hö, sjálfskiptur, framhjóladrifinn.
Raðnúmer: 994901 Staðsetning: Kletthals

Verð nú
5.990.000 kr.

Kia Sportage Luxury
Árgerð 2019, ekinn 45 þús. km, dísil, 1598 cc, 136 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
Raðnúmer: 995634 Staðsetning: Kletthals

Verð nú
2.490.000 kr.
Verð áður 3.070.000 kr.

Kia Ceed Kappa
Árgerð 2019, ekinn 3 þús. km, bensín, 998 cc, 120 hö, beinskiptur, framhjóladrifinn.
Raðnúmer: 995173 Staðsetning: Kletthals

Birt með fyrirvara á verðbreytingum, innsláttarvillum og myndavíxli

Askja notaðir bílar • Kletthálsi 2, 110 Reykjavík • 590 2160 • notadir.is

Opnunartímar mán-fim 10-18, fös 10-17, lau 12-16

Tími til að tengja fugla hugans

Tólf lög **Bjarna Hafþórs Helgasonar** springa út í nýjar víddir á listsýningu sem er kennd við Fugla hugans með beinni tengingu við heildarsafn laga hans sem kom út ári áður en hann greindist með Parkinsonsjúkdóminn.

Húsvíkingurinn Bjarni Hafþór Helgason hefur komið víða við en er í seinni tíð þekktastur sem afkastamikill dægurlagahöfundur enda stóð heildarverk tónlistar hans, Fuglar hugans, undir fimm geisladiskum með 75 lögum þegar hann gaf það út 2018.

Tólf þessara laga öðlast nýtt líf og springa út í aðrar víddir í málverkum, myndböndum og dansi á tilraunakenndri listsýningu sem hefst í dag. Bjarni heldur sýninguna til styrktar Parkinsonsamtökunum en hann greindist með sjúkdóminn ári eftir að hann sleppti öllum Fuglum hugans lausum.

Bjarni Hafþór segir listmálarann hafa fengið alveg frjálsar hendur við að mála lögin hans. „Ég skipti mér hvergi af neinu. Hann fékk bara lögin og textana og gerði síðan bara það sem kom upp í huga hans.“ FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Tónlist á striga

„Þetta varð til upp úr samtali milli mín og Kristjáns Kristjánssonar kvikmyndagerðarmanns þegar hann sagði mér frá því að hann hefði lengi verið spenntur fyrir því að fá listmálara til þess að mála lag. Gera málverk við lag og texta,“ segir Bjarni Hafþór sem fékk hugmyndina að sýningunni eftir að hafa leitað til Kristjáns með gerð tólf listrænna myndbanda við lög af Fuglum hugans.

„Þegar ég síðan hugsa þetta aðeins lengra fer ég út í þessa pælingu, að gera heila sýningu,“ segir tónskáldið sem auk Kristjáns fékk myndlistarmanninn Ingvar Þór Gylfason og dansarann Kötu Vignis með sér í tilraun til þess að skapa nýstárlega heild tónlistar, málverks, danslistar og kvikmyndagerðar.

„Þetta er svolítið öðruvísi. Við erum að vona að þessi upplifun verði mjög sterk og óvenjuleg. Það er nýstárlegt að standa fyrir framan málverkið, með tónlistina í eyrunum og sjá þetta verða til,“ segir Bjarni Hafþór sem bíður spenntur eftir að sjá útkomuna síðar í dag.

Ný upplifun

Bjarni Hafþór segir sýningargesti geta horft á fullskapað verk á sýningarveggnum, hlustað samtímis á lagið í heyrnartólum, horft á myndband sem sýnir texta og sérstakan dans hvers lags og séð síðan málverkið verða til frá fyrstu pensilstroku til þeirrar síðustu.

„Og síðan ferðu bara í næsta verk og næsta verk þannig að þetta er allt öðruvísi en menn hafa séð áður,“ segir Bjarni Hafþór og fullyrðir að um sé að ræða nýja upplifun á listsýningu á Íslandi og þótt víðar væri leitað.

> ÉG HELD HANN HAFI FALLIÐ. ÞETTA ER NÁTTÚRLEGA SETT FRAM Í SPURNARFORMI. FÉLL EKKI JÓHANNES SÆMUNDSSON AFTUR OG ENN? ÞETTA ER SVO ENDALAUS DJÖFULSINS HARMUR. ÞAÐ ER ALVEG HRIKALEGT.

Eftir að Bjarni Hafþór fékk hugmyndina að málverkasýningu laga sinna ákvað hann að byrja á að leita til Ingvars Þórs Gylfasonar.

„Hann var bara fyrsti myndlistarmaðurinn sem ég ræddi við og hann ákvað bara strax að mála öll verkin fyrir sýninguna og gefa vinnu sína til Parkinsonsamtakanna í þágu þeirra góða starfs.

Tími til að tengja

Það er dálítið gaman að því að þessi lög eiga sér mörg hver sögu. Eru margra ára gömul og endurfæðast síðan í þessu formi,“ segir Bjarni og bendir á að elsta lagið sem er jafnframt stærsta málverkið á sýningunni heitir Tengja.

Féll ekki Jóhannes Sæmundsson aftur og enn?

„Jú, það er nákvæmlega það,“ segir Bjarni Hafþór um lagið sem Skriðjöklar gerðu ódauðlegt fyrir 35 árum. „Ég er búinn að sjá myndina og hún er stór og hrikalega flott.“

En hvernig fór þetta hjá Jóhannesi Sæmundssyni. Náði hann einhvern tímann?

„Ég held hann hafi fallið. Þetta er náttúrlega sett fram í spurnarformi. Féll ekki Jóhannes Sæmundsson aftur og enn? Þetta er svo endalaus djöfulsins harmur. Það er alveg hrikalegt.“

Tengja hvað?

Arnar Björnsson, mágur Bjarna Hafþórs, samdi textann við Tengja en þeir gerðu mikið af því að semja saman lög og texta á námsárunum. „Og textarnir hjá honum voru yfirleitt alveg samhengislausir. Þess vegna er Tengja þannig að fólk hefur spurt mig alla tíð: Tengja hvað?“ Því segist hann aldrei hafa getað svarað. „Arnar ekki heldur. Hann hefur ennþá minni hugmynd um það.“

Bjarni Hafþór hlær þegar hann bætir við að Ingvar hafi lengi brotið höfuðið yfir laginu þangað til eitthvað hafi allt í einu gerst og hann náði að tengja. „Það er rosalega gaman fyrir mig að sjá annan mann taka svona nýja og öðruvísi nálgun á þetta allt og ég fékk alveg nýja upplifun á lögin og ljóðin.“

Draumur um Lífsgæðasetur

Bjarni Hafþór stendur straum af öllum kostnaði við myndbandagerðina og sýninguna sem hann segir ljóst að muni skila Parkinsonsamtökunum umtalsverðri styrktarfjárhæð sem verður kynnt þegar hún liggur endanlega fyrir.

„Ég bara ákvað einhvern veginn að gera eitthvað gott fyrir samtökin,“ segir hann og bætir við að samtökin hafi í nokkur ár unnið að stofnun miðstöðvar fyrir fólk með Parkinson og skylda sjúkdóma og í haust rætist langþráður draumur með opnun Lífsgæðaseturs á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði.

Hann segist sjálfur hafa notið þess þegar hann greindist með sjúkdóminn fyrir tveimur árum að persónulegur vinur hans, sem fékk sjúkdóminn nokkrum árum áður, hafi tekið hann í fangið. „Síðan segi ég alltaf að vera mín í AA-samtökunum í tuttugu ár hafi bara gert rosalega mikið fyrir mig.“

Óvissa um framtíðina

„Við erum öll undir það seld að vita ekki hver framtíð okkar verður varðandi skerðingu á lífsgæðum vegna þess að engir tveir Parkinsonsjúklingar eru eins. Meginmyndin er nokkuð þekkt en svo er bara að glíma við þessa óvissu á þann hátt að maður lifi góðu lífi í gegnum þetta. Það er eiginlega galdurinn.“

Sýningin verður opnuð klukkan 16 í dag við hliðina á Nova á 2. hæð í Kringlunni en ráðgert er að henni ljúki 11. apríl, á fæðingardegi læknisins James Parkinson. Hann fæddist 1755 og var fyrstur manna til að skilgreina þennan ólæknandi taugahrörnunarsjúkdóm sem hrjáir rúmlega eitt þúsund Íslendinga.

toti@frettabladid.is.

Parkinsonsamtökin

Parkinsonsamtökin á Íslandi voru stofnuð 3. desember 1983 og er markmið þeirra að:

- Aðstoða sjúklinga og aðstandendur við að leysa úr þeim vanda og erfiðleikum sem sjúkdómnum fylgja.
- Dreifa upplýsingum, veita fræðslu og styðja við rannsóknir vegna parkinsonveiki.
- Vera vettvangur umræðu um sameiginleg vandamál félagsmanna.
- Halda reglulega félagsfundi til skemmtunar og fræðslu.
- Gefa út rit félagsins og halda úti vefsíðu til að miðla upplýsingum og fræðslu.

Heimild: parkinson.is

SVANSVOTTUN

Þriðjudaginn 30. mars gefur Fréttablaðið út sérblaðið Svansvottun. Blaðið er gefið út í samstarfi við Umhverfisstofnun.

Hér gefst fyrirtækjum sem komin eru með Svansvottun að vera með auglýsingu og/eða kynningu.

Þetta er frábær leið til að kynna fyrir neytendum hvað Svansvottun ykkar fyrirtækis stendur fyrir og gera þá meðvitaðri um hvað hún þýðir fyrir þá, framtíðina og fyrirtækin.

Áhugasamir auglýsendur geta haft samband við

Ruth Bergsdóttir, sölu- og markaðsfulltrúi
Sími: 694-4103/ruth@frettabladid.is

SVANSMERKIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

SAMSUNG

FULLKOMIN GÆÐI Í HLJÓÐI OG MYND



AFSLÁTTUR 70.000 kr afsláttur AFSLÁTTUR

QLED Q95

Stærð 65"

Tilboðsverð 379.000 kr

"Eitt af okkar allra flottasta QLED tæki með Direct Full Array og Anti Reflection tækni.
Tækið nýtur sín einstaklega vel í björtu rými sem og dimmu."

- ORMSSON

-

AFSLÁTTUR 50.000 kr afsláttur AFSLÁTTUR

QLED Q80

Stærð 75"

Tilboðsverð 399.900 kr

SAMSUNG SOUNDBAR

Q950T *Dolby Atmos*

Verð 219.900 kr

ormsson

Opnunartímar
Virka daga kl. 10-18
Laugardagar kl. 11-15

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 - 530 2800

Skoðaðu úrvalið okkar á ORMSSON.IS

*SENDUM UM LAND ALLT

ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500 | SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559 | ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 | PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 | ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900 | ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160 | GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333 | TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211 | OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300

FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000

RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

BAKÞANKAR

Árna Helgasonar

Das(s) (af) kapítal(isma)

Í dag tíðkast að skerpa á öllum víglínum og skilgreina andstæðinga sem víðast. Þetta er vinnandi fólk gegn fyrirtækjunum, úthverfin gegn miðbænum, neysla gegn loftslagi. Allir eru með sinn málstað, algóritminn tryggir eilífan samhljóm skoðana og við þurfum að lágmarki fimmtán stjórnmálaflokka því þeir verða jú að tala fyrir nákvæmlega sömu skoðunum og félagsmenn sínir og mega undir engum kringumstæðum gefa afslátt. Grá svæði hafa verið upprætt, brýr eru ekki byggðar lengur og málamiðlunum hefur verið aflýst.

Samband okkar við kapítalismann markast af þessu. Hann þykir hvorki woke né hluti af lausninni, hann er ekki í köflóttri skyrtu og ekki með eigið hlaðvarp. Ég las tvít um daginn þar sem kapítalismanum var slaufað rækilega sem vonlausri hugmyndafræði. Samhengið var samt áhugavert, tvítið birtist á samfélagsmiðli í eigu bandarísks einkafyrirtækis og var skrifað á snjallsíma sem einkafyrirtæki framleiðir. Höfundurinn, sem aðhyllist bíllausan lífsstíl, ferðast um á rafmagnshlaupahjóli, borgar farið með appi og situr á kaffihúsum. Allt forboðnir ávextir hugmyndafræðinnar sem hann þolir ekki. Opinberlega að minnsta kosti.

Kapítalisminn er margslungnara fyrirbæri en bara stórfyrirtækið sem lúrir á aflandseyjum. Hann er líka sköpunarkrafturinn sem býr til vörur og valkosti sem markaðurinn velur. Hann er aflið sem gerir flókna og kostnaðarsama hluti viðráðanlega og neytendavæna, hann er frumkvöðullinn sem dettur niður á nýja lausn og einyrkinn sem lætur flakka og stofnar lítið fyrirtæki.

Þó að það hljómi vel og gefi læk að afskrifa kapítalismann þá er hann hluti af þessu öllu saman, rétt eins og samkenndin, velferðarkerfið og öryggisnetið.